



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. nóvember 2005 – 300. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Þórður Guðjónsson ætlar sér stóra hluti



Þórður Guðjónsson, sem nýlega gekk frá samningi við uppeldisfélag sitt ÍA, segist eiga nóg inni. Johan Boskamp, knattspyrnstjóri Stoke City, segir hann ekki sama leikmann og á árum áður.

ÍÞRÓTTIR 38

## Alltaf sautján í huganum



Ólafur Hannibalsson blaðamaður er sjötugur í dag.

TÍMAMÓT 12

## Stóri bróðir horfðu á mig!

Bækur þar sem mörk skáldskapar og veruleika hafa verið nánast máð út eru áberandi um þessar mundir.



FÓLK 18

## Bandamenn okkar í Íran

Bandaríkin og Evrópusambandið eiga að gera hvað þau geta til að styrkja millistéttina í Íran segir Afshin Molvai.

Í DAG 8

## VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ VERÐUR FREMUR hæg austlæg átt í fyrstu en bætir í vind eftir því sem líður á daginn. Strekkingur víða með kvöldinu og slydda nokkuð víða.

# Vilhjálmur leiðir lista Sjálfstæðisflokksins

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson varð efstur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Gísli Marteinn Baldursson hafnaði í þriðja sæti og kveðst sáttur. Gunnar Helgi Kristinsson segir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur vera sigurveggarann.

**PRÓFKJÖR** „Næsta skrefið er sigur í vor. Þarna er saman komið sigurlið sem mun verða til þess í samvinnu við fólkið í borginni að við vinnum kosningarnar í vor,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, sem leiðir lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík til borgarstjórnarkosninga.

Metþáttaka var í prófkjörinu, sem hófst á föstudag og lauk klukkan 18 í gærkvöldi. Rúmlega tólf þúsund manns greiddu atkvæði og að sögn Ágústs A. Ragnarssonar, starfsmanns í Valhöll, er talið að um átta þúsund manns hafi kosið í gær.

„Þetta er mikill ánægjudagur fyrir sjálfstæðismenn í Reykjavík,

þessi síðari dagur prófkjörsins. Það er greinilegt að sjálfstæðismenn meta mín störf,“ segir Vilhjálmur og kveðst þakklátur öllum þeim stuðningsmönnum og kjósendum sem hafi stutt hann til sigurs.

„Ég ákvað að fara fram gegn þessum reynda stjórnmalaskörungri til þess að koma hugmyndum yngri kynslóðarinnar á framfæri,“ segir Gísli Marteinn Baldursson. Gísli bauð fram gegn Vilhjálmum en hreppti að lokum þriðja sæti listans.

„Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er ákaflega rótgróinn og virðist hafa mjög sterk tengsl innan flokksins,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson,

stjórnmalaprófessor við Háskóla Íslands. Gunnar telur Hönnu Birnu Kristjánsdóttur vera sigurveggar prófkjörsins. „Hönnu Birnu hefur tekist að koma sér í þetta sæti á eigin forsendum en ekki út af einhverjum kvóta. Þetta er jafnframt mjög sterkt fyrir flokkinn,“ segir Gunnar Helgi. Hann kveður góða kjörsókn og fjölgun félagsmanna ekki koma sér á óvart. „Sjálfstæðismenn trú á því að þeir séu að kjósa næsta borgarstjóra,“ segir Gunnar Helgi og bætir jafnframt við að erfitt sé fyrir flokk sem hefur verið lengi í ríkisstjórn að standa sig vel í sveitastjórnarkosningum.

- sa/ sjá síðu 2.



TILBÚINN TIL VERKA Vilhjálmur sigraði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann mun leiða lista flokksins til næstu borgarstjórnarkosninga. Hann telur listann vera sigurstranglegan og telur að flokkurinn muni hljóta umboð kjósenda til þess að stjórna borginni í vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vargöldin í innflytjendahverfum franskra borga:

## Átökin stigmagnast enn

**FRAKKLAND, AP** Kveikt var í nærri 900 bílum, barnaheimili brennt til grunna og sjúkraliðar grýttir í óeirðum í innflytjenda-úthverfum Parísar og fleiri franskra stórborga í fyrrinótt, en þetta var niúnda slíka óaldarnóttin í röð. Lögregla handtók yfir 250 manns, fleiri en næturnar átta þar á undan.

Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra sagði að íkveikjur myndu kosta brennuvarga „þunga dóma“. Hann sagði ríkisstjórnina einhuga um að hvika hvergi fyrir ofbeldi óeirðaseggja.

897 ónýtir bílar og strætisvagnar voru taldir í dögum í gærmorgun, en það er langmesta tjónið sem orðið hefur frá því öldin hófst hinn 27. október í kjölfar þess að tveir unglingar úr innflytjendafjölskyldu létu lífið í Parísarúthverfinu Clichy-sous-Bois er þeir reyndu að fela sig í spennistöð.

Ofbeldið þótti komast á nýtt stig í fyrrinótt er sjúkraliðar voru grýttir sem hugðust koma sjúkum manni til aðstoðar í blokk í Meaux austur af París. Sjúkrabíllinn var brenndur. Mikið brunatjón varð á

barnaheimili í Acheres, vestur af höfuðborginni. Til óeirða kom líka í Lille í Norður-Frakklandi, Toulouse í suðvesturhluta landsins og Rúðuborg í Normandí. Í öllum tilvikum voru ungrir múslimar taldir hafa verið að verki.

Í frönskum fjölmiðlum voru í gær kenningar uppi um að ómælt skipulag lægi að baki vargöldinni, hér væri ekki lengur um neina stundarreiði jaðarhópa að ræða. Lögreglutaalsmaðurinn Hamon sagði þó litlar haldbærar vísbendingar um slíkt.

- aa



SNJÓBRETADAMA Færast þreytan yfir má nota brettið sem þotu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Skíðavertíðin á Akureyri:

## Fjölmenni í Hlíðarfjalli

**ÚTIVIST** Skíðasvæðið í Hlíðarfjalli ofan Akureyrar var opnað klukkan tíu í gærmorgun en svo snemma vetrar hefur svæðið ekki verið opnað í hartnær aldrarfjórðung eða frá árinu 1981. Á annað þúsund manns mættu í fjallið þennan fyrsta opnunardag vetrarinnar og var skíðafæri með besta móti fram eftir degi.

Nægur snjór er í fjallinu en jafnvel þó hann taki upp á næstu vikum þurfa skíðaunndur norðan heiða ekki að órvænta því eftir hálfan mánuð verður búnaður til snjóframleiðslu í Hlíðarfjalli tilbúinn til notkunar.

- kk

Veidimenn þrjúskast við:

## Refalausar refaveiðar

**ENGLAND, AP** Þúsundir dyggra stuðningsmanna refaveiða í Englandi og Wales mættu í gær í fullum skróða til að taka þátt í fyrstu refalausu refaveiðunum, en bann við þeim var sett í fyrra. Þess í stað eru hundarnir látnir elta lyktarslóð í þjálfunarskyni.

Talsmenn Sveitabandalagsins (The Countryside Alliance), hagsmunasamtaka stuðningsmanna hefðbundinna refaveiða sem vonast til að fá banninu hnekkkt, sögðu um 200 veiðiútreiðar hafa farið fram í gær. ■



Íslenskir dagar

3. til 12. nóvember í

FIJARDARKAUP þér að gæðum

Íslenskir framleiðendur SI

VAXTALAUST

bíla land

Grjóthálsi 1 bilaland.is

3.-7. nóvember  
**Krakka-  
dagar**  
Spennandi dagskrá  
Frábær krakkaþilboð



## SPURNING DAGSINS

Logi Bergmann, geturðu betur á Stöð 2?

„Já, er ekki alltaf hægt að geta betur?“

Logi Bergmann Eðsson mun í desember byrja með nýjan spurningapátt á Stöð 2 en hann var lengi spyrill í Gettu betur.

Auglýsingar verslana:

## Viðskiptavinir blekkir

**AUGLÝSINGAR** Auglýsingar verslana um að þær feli niður virðisaukaskatt af vörum sínum eru blekkandi fyrir viðskiptavinum segir Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Verslanir hafa undanfarið misseri gert meira af því að auglýsa tilboðsdaga sína með þeim hætti að virðisaukaskattur sé felldur niður af vörum. Þrátt fyrir að oft sé tilgreint með minna lettri að virðisaukaskattur sé eftir sem áður greiddur af vörum telur Indriði um blekkingu að ræða þar sem auglýsingar telji fólk trú um að hægt sé að sleppa því að borga skattinn. ■

## LÖGREGLA

**Keyrt á hross** Lögreglunni á Egilsstöðum barst tilkynning um að keyrt hefði verið á hross á Þjóðvegi 1 við Skriðdal rétt fyrir klukkan sex í gærkvöldi. Höfðu nokkrir hestar sloppið út fyrir girðingu og var verið að setja þá aftur inn þegar slysið átti sér stað. Þurfti að aflifa hrossið en ökumaðurinn slapp ómeiddur. Var billinn óökufær eftir atvikid.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jóninu Benediktssdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skada fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Konur náðu góðum árangri í prófkjöri Samfylkingarinnar á Akureyri:

# Hermann Jón í fyrsta sæti

**PRÓFKJÖR** Hermann Jón Tómasson, áfangastjóri Verkmennaskólans á Akureyri og varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar á Akureyri, vann afgerandi sigur í prófkjöri flokksins í gær vegna sveitarstjórnarkosninganna á næsta ári. Hlaut hann alls 278 atkvæði í fyrsta sæti en Hermann Óskarsson, sem einnig sóttist eftir efsta sætinu, fékk 70 atkvæði í það sæti. Sigrún Stefánsdóttir varð í öðru sæti í prófkjörinu með 168 atkvæði í fyrsta og annað sæti og Helena Þ. Karlsdóttir varð í þriðja sæti með 141 atkvæði í fyrsta til þriðja sæti.

Margrét Kristín Helgadóttir

hlaut 200 atkvæði í fyrsta til fjórða sæti en reglur prófkjörsins kváðu á um að tvær konur og tveir karlar skyldu skipa fyrstu fjögur sæti listans og því mun Ásgeir Magnússon skipa fjórða sætið en hann fékk 151 atkvæði í fyrsta til fjórða sæti.

Alls voru 843 á kjörskrá og fjölgaði flokksfélögum um 17,5 prósent í aðdraganda prófkjörsins. Lára Stefánsdóttir, formaður kjörnefndar, var mjög ánægð með kjörskönnina en hún var um 48 prósent. „Í Hrísey kusu allir félagsmenn nema einn en þar var mikill áhugi á prófkjörinu og eru félagsmenn þar yfir 30 talsins,“ segir Lára. - kk



HERMANN TÓMASSON Leiðir lista Samfylkingarinnar á Akureyri í næstu sveitarstjórnarkosningum.

SAMFYLKING	
1. sæti	Hermann Jón Tómasson 278 atkvæði í 1. sæti
2. sæti	Sigrún Stefánsdóttir 168 atkvæði í 1.-2. sæti
3. sæti	Helena Þuríður Karlsdóttir 141 atkvæði í 1.-3. sæti
4. sæti	Ásgeir Magnússon 151 atkvæði í 1.-4. sæti

**NIÐURSTAÐA PRÓFKJÖRS SAMFYLKINGARINNAR Á AKUREYRI**  
411 atkvæði voru greidd í prófkjörinu. Þar af voru 396 gild, en 17 ógild.

# Hanna Birna sigurvegari prófkjörsins

Hanna Birna Kristjánsdóttir er í öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokksins til borgarstjórnarkosninga. Gísli Marteinn Baldursson beið lægri hlut fyrir Vilhjálm P. Vilhjálmssyni. Hann telur þörf á að tefla fram krafti yngri kynslóðanna.

**PRÓFKJÖR** „Mér þykir þessi útkoma vera glæsileg því ég er að stíga mín fyrstu skref í borgarpólitíkinni og á margt eftir ólært,“ segir Gísli Marteinn Baldursson. Gísli hafnaði í þriðja sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann sóttist eftir fyrsta sæti á listanum en beið lægri hlut fyrir Vilhjálm P. Vilhjálmssyni.

„Ég óska Vilhjálm hjartlega til hamingju með glæsilegan sigur í prófkjörinu. Það sýnir auðvitað styrk hans að hafa fengið þennan fjölda atkvæða,“ segir Gísli Marteinn. Hann segir að á bak við framboð sitt sé grasrótarhreyfing fólks á öllum aldri sem vinna vilji fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Hann telur að setja verði fram nýjar hugmyndir og tefla fram krafti nýrrar kynslóðar. „Ég akvað að fara fram gegn þessum reynda stjórnmalaskörungu til þess að koma þessum hugmyndum á framfæri,“ segir Gísli Marteinn.



GÍSLI MARTEINN BALDURSSON OG VALA ÁGÚSTA KÁRADÓTTIR Gísli Marteinn og eiginkona hans Vala Ágústa sjást hér í kosningamiðstöð Gísla Marteins í Aðalstræti í gærkvöldi. Úrslit voru ekki endanleg en ljóst var hvert stefndi. Gísli hlakkar til að vinna með listanum í komandi kosningabaráttu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

„Ég held að þetta sé upphaf þeirrar leiðar sem við erum á og mun vonandi leiða okkur til sig-

urs í kosningunum í vor,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir en hún mun sitja í öðru sæti listans á milli þeirra Vilhjálm og Gísla. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmalafraeðiprófessor segir Hönnu Birnu vera hinn raunverulega sigurvegara í prófkjörinu því henni hafi tekist að komast að á sínum eigin forsendum.

„Það er alveg greinilegt að það er mikill hugur í sjálfstæðisfólki, ég hef fundið það allan tímann,“ segir Hanna Birna. „Ég óska Vilhjálm P. Vilhjálmssyni einnig en hann hefur með þessu skipað sér í forystusveit sjálfstæðismanna í borginni.“

saj@frettabladid.is

## PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK\*

1. sæti	Vilhjálmur P. Vilhjálmsson	2.373 atkvæði í 1. sæti	56,4%
2. sæti	Hanna Birna Kristjánsdóttir	2.281 atkvæði í 1.-2. sæti	54,2%
3. sæti	Gísli Marteinn Baldursson	2.125 atkvæði í 1.-3. sæti	50,5%
4. sæti	Kjartan Magnússon	2.278 atkvæði í 1.-4. sæti	54,2%
5. sæti	Július Vífill Ingvarsson	2.127 atkvæði í 1.-5. sæti	50,6%
6. sæti	Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	2.413 atkvæði í 1.-6. sæti	57,4%
7. sæti	Jórunn Frimannsdóttir	2.334 atkvæði í 1.-9. sæti	55,5%
8. sæti	Sif Sigfúsdóttir	1.948 atkvæði í 1.-9. sæti	46,3%
9. sæti	Bolli Thoroddsen	2.047 atkvæði í 1.-9. sæti	48,7%
10. sæti	Marta Guðjónsdóttir	1.752 atkvæði í 1.-9. sæti	41,7%
11. sæti	Kristján Guðmundsson	1.398 atkvæði í 1.-9. sæti	33,2%
12. sæti	Ragnar Sær Ragnarsson	1.325 atkvæði í 1.-9. sæti	31,5%
13. sæti	Björn Gíslason	1.033 atkvæði í 1.-9. sæti	24,6%
14. sæti	Jóhann Páll Símonarson	849 atkvæði í 1.-9. sæti	20,2%
15. sæti	Örn Sigurðsson	734 atkvæði í 1.-9. sæti	17,5%

\*Þegar talin höfðu verið 4.206 atkvæði

Július Vífill í fimmta sæti:

## Engin sérstök vonbrigði

**PRÓFKJÖR** Július Vífill Ingvarsson stefndi á annað sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hann lenti í fimmta sæti í kjörinu. Hann viðurkenni að vissulega hefði verið stefnt herra en sagðist una sáttur við sitt. „Það er nýlunda að borgarfulltrúi segi sig úr borgarstjórn



en bjóði sig aftur fram þannig að borgarfulltrúi þar hefur ákveðið blað verið brotið,“ sagði hann og var þess fullviss að sá listi sem nú væri að mótast yrði sigurstranglegur. „Niðurstaðan veldur mér engum sérstökum vonbrigðum. Það sem mestu máli skiptir er að Sjálfstæðisflokkurinn bjóði fram sterkan lista með góðu fólki.“ ■

Sif Sigfúsdóttir í áttunda sæti:

## Úrslitin koma á óvart

**PRÓFKJÖR** Sif Sigfúsdóttir var samkvæmt síðustu tölum í áttunda sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík fyrir sveitastjórnarkosningarnar í vor.

Hún sagði úrslitin koma sér á óvart. „Ég er mjög stolt af því að fá að vera hluti af þessari liðsheid,“ sagði hún. „Þetta kemur mér á óvart. Ég var ekki með kosningaskrifstofu en vinir og vandamenn unnu gott starf,“ útskýrði Sif en sagðist þó vera með báða fæturna á jörðinni. „Mig langar til að vinna við þetta og þess vegna bauð ég mig fram.“

- fgg

Leiðtogafundi Ameríkuríkja lauk í gær:

## Engin sátt um fríverslun

**ARGENTÍNA, AP** Leiðtogar Ameríkuríkja luku tveggja daga fundi sínum í argentínska sumarvalarstaðnum Mar del Plata í gær án þess að lausn myndist á deilu um stofnun fríverslunarsvæðis sem næði til alls heimshlutans, frá norðri til suðurs. Ófriðsamleg fjöldamótmæli settu mark sitt á fundinn.

Brasilíska forsetinn Luiz Inacio Lula da Silva sagði að frekari viðræður um að aflétta viðskiptahömlum frá Alaska til Eldlands frestust fram til næstu viðræðulotu um frjálsari heimsviðskipti, en hún fer fram á vegum Heimsviðskiptastofnunarinnar (WTO) í Hong Kong í desember.

Fjöldamótmæli eru orðin fastur fylgifyskur Ameríkuleiðtogafunda, sérstaklega þegar aukið viðskiptafrælsi og stefna Bandaríkjanna er á dagskrá. Síðasti fundur, sem fram fór í Monterrey í Mexíkó fyrir



GEGN BUSH Mótmælandi íklæddur vesti með áletruninni „stöðvum Bush“ brýtur rúðu á leiðtogafundarstaðnum í Argentínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

tveimur árum, kafnaði næstum í götumótmælum gegn Bush Bandaríkjaforseta.

Hugo Chavez, forseti Venesúela, lýsti hinn áformaða Ameríkufríverslunaramning FTA daudan á

fjölmennum útifundi á föstudag. Vicente Fox Mexíkóforseti var ósáttur við framgöngu Chavez. Ekkert land yrði neytt til þátttöku í frjálsari milliríkjafríverslun.

- aa

**„BESTA BÓK**

**VERALDAR**

Herman Melville  
**MOBY DICK**

Ólafur Gunnarsson, rit höfundur

JPV ÚTGAFA  
www.jpv.is

„Ég sakna þín.“

Mótframlagið þitt

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 04.11.2005

KAUP SALA

Table with exchange rates for USD, GBP, EUR, DKK, NOK, SEK, JPY, and XDR.

Gengisvísitala krónunnar 100,5898

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Oddviti framsóknarmanna í Kópavogi lagði til að auglýsingar prófkjörsframbjóðanda yrðu fjarlægðar:

Framgöngu líkt við rýtingsstungu

KÓPAVOGUR Ómar Stefánsson, bæjarráðsmaður og frambjóðandi í prófkjöri Framsóknarflokksins í Kópavogi, er mjög ósáttur við framgöngu Hansínu Á. Björgvinsdóttur, oddvita framsóknarmanna í bænum. Hansína lagði til á bæjarráðsfundum að auglýsinga-skilti á vegum Ómars, sem hengd höfðu verið upp í óleyfi, yrðu fjarlægð af girðingum bæjarins.

niður áður en fundurinn fór fram. „Þetta er framganga sem ég átti ekki von á og furðuleg í ljósi þess að oddviti er að láta af störfum. Það er ekki í verkahring oddvita sem er að hætta að drepa eftirmenn sína,“ sagði Ómar. „Einhvern tímann hefði verið talað um rýtingsstungur að minna tilefni,“ segir í bókun hans frá fundinum.

ið, einkum í ljósi þess að fleiri prófkjör eiga eftir að fara fram í bænum.“

Hansína lýsti ánægju sinni með að Ómar hefði fjarlægð auglýsingarnar sjálfur, en henni hefði ekki verið kunnugt um að þær væru þegar farnar þegar fundurinn fór fram.

-ht

FRAMBÓÐSAUGLÝSING Frambjóðandi Framsóknarflokksins sem auglýsti án leyfis á girðingar Kópavogsbæjar hefur nú fjarlægð auglýsingarnar. Hann er ósáttur við framgöngu oddvita flokksins.



Réðist á stúlku á salerni:

Dæmdur í 45 daga fangelsi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karlmann á þrítugsaldri í 45 daga fangelsi fyrir tvöfalda líkamsárás. Hann var jafnframt dæmdur til greiðslu þjáningar- og miskabóta til beggja þolenda. Líkamsárásirnar áttu sér stað á veitingastaðnum Klúbbnum í október í fyrra.

Málsatvik voru þau að maðurinn réðist að stúlku á þrítugsaldri á salerni skemmtistaðarins og síðan á karlmann sem reyndi að koma henni til aðstoðar.

Bæði kröfðust bóta og var árásmanninum gert að greiða konunni tæplega 140 þúsund krónur og karlinum 180 þúsund. Að auki var honum gert að greiða málsvarnarlaun.

Nýjung í bóksölu á netinu:

Hægt að kaupa stakar síður

BANDARÍKIN, AP Netfyrirtækið Amazon, sem selur milljónir bóka á hverju ári, hyggst nú bjóða viðskiptavinum sínum að kaupa stakar síður á nokkra aura eða krónur.

Jeff Bezos, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir þetta lið í að auka þjónustuna. Fólk sem kaupir síður geti lesið þær á rafrænu formi. Bezos segir að þessi þjónusta muni til dæmis nýtast námsmönnum sem þurfi kannski bara að lesa einn kafla í dýrri bók. Eins muni þetta nýtast ferðafólki sem vilji lesa um ákveðinn áfangastað í ferðabók eða matgæðingum sem vilji eina uppskrift úr matreiðslubók.

Ákvörðun Amazon kemur í kjölfar þess að netfyrirtækið Google opnaði nýja leitarvél í vikunni þar sem fólk getur leitað að bókum á rafrænu formi sem hýstar eru á einkasíðum.

Greiða allt að 180 þúsund fyrir vistina

Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara, segir vistmenn á eilíheimilum þurfa að greiða sama mánaðargjaldið hvort sem þeir deili herbergi með ókunnugum eða ekki. Greiðslurnar eru tekjutengdar og fara eftir lífeyri.

ELLIHEIMILI „Þeir dvalarmenn sem fá lífeyrisgreiðslur geta haldið eftir rúmum 45 þúsund krónum, og síðan má vistheimilið taka af þeim afganginn,“ segir Margrét Margeirsdóttir, formaður Félags eldri borgara.

Hún segir gjaldið vera það sama hvort sem einstaklingurinn deili herbergi með maka eða einhverjum ókunnugum. Margrét segist vita til þess að fólk þurfi að greiða 150 þúsund krónur fyrir vist á eilíheimili vegna þess að það fái háar lífeyrisgreiðslur. „Þetta er jafnvel þótt það sé í herbergi með tveimur öðrum,“ segir Margrét. Hún segir Félag eldri borgara hafa gagnrýnt þetta fyrirkomulag harðlega.

Soffía S. Egilsdóttir, forstöðumaður félagssviðs og vistunar hjá Hrafnistu í Reykjavík, útskýrir að hér sé um tekjutengdar greiðslur að ræða. „Sá sem er með 50 þúsund krónur í lífeyri greiðir ekki neitt fyrir dvölinu en aðrir einstaklingar geta verið að greiða allt upp undir 180 þúsund á mánuði. Það eru einstaklingar með hlutfallslega háan eilífeyri,“ segir Soffía.

Soffía segir að raunverulegur kostnaður við hvern dvalarmann geti verið mun meiri, sérstaklega ef þörf sé á dýrum lyfjagjöfum. „Tryggingastofnun greiðir þennan mismun og þannig er alveg sama hvar vistmaður er eða hversu veikir hann er,“ segir Soffía.

Hjúkrunarheimilið Sóltún í Reykjavík er einkarekið en vinnur samkvæmt þjónustusamningi við ríkið. Þar fengust þær upp-



ELLIHEIMILI Dæmi eru um að vistmenn á eilíheimilum borgi 180 þúsund á mánuði fyrir dvöl sína, óháð því hvort þeir deili herbergi með ókunnugum eða ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

lýsingar að farið væri eftir sömu reglum Tryggingastofnunar og annars staðar við að reikna út kostnað einstaklingsins af vistun.

Kostnaðarþáttaka Tryggingastofnunar á hvern dvalarmann er reiknuð út fyrir hvern og einn. „Notast er við vísitölu sem kölluð er hjúkrunarþyngd þar sem stofnunin greiðir 13.670 krónur á dag fyrir dvalarmann í hjúkrun-

arþyngd 1,“ segir Júlíus Rafnsson, framkvæmdastjóri eilí- og hjúkrunarheimilisins Grundar í Reykjavík. Við þetta bætist fermetragjald sem er misjafnt milli dvalarheimila, en þau nýrri eru að jafnaði rúmbetri. „Svo er náttúrulega spurningin hvort allt felist í fermetrum,“ segir Júlíus.

smk@frettabladid.is/saj@frettabladid.is

Söluver Símans:

Fleiri störf á Akureyri

ATVINNUMÁL Síminn hyggst fjölga starfsfólki í söluveru fyrirtækisins og flytja hluta starfsemi söluversins til Akureyrar en við það skapast allt að sextán hlutastörf fyrir norðan. Markmiðið er að nýta betur starfstöð Já, dótturfyrirtækis Símans, á Akureyri en Já er einnig með starfstöðvar á Egilsstöðum og í Reykjavík.

Söluver Símans sér um sölu og eftirfylgni á vörum og þjónustu fyrirtækisins en umfangsmesta verkefni ársins hefur verið sjónvarpsdreifing um ADSL-kerfi Símans.

-kk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sofnaði undir stýri Bifreið var ekið út af Reykjanesbraut norðan Grænáss á öðrum tímanum í fyrrinótt en ökuþeir bifreiðarinnar kveðst hafa sofnað undir stýri. Ökuþeir reyndu að koma bifreið sinni upp á veginn aftur án árangurs en hún stöðvaðist síðar á stórum grjóthnullungi. Bifreiðin skemmdist mikið en ökuþeir slapp ómeiddur.

Með fíkniefni í orlofsbústað

Fimm menn voru teknir höndum eftir að fíkniefni fundust í orlofsbústað við Svignaskarð seint í fyrrinótt. Lagt var hald á fíkniefni, bæði sveppi og amfetamín, að sögn lögreglu í Borgarnesi.

Þústrar í Hreðavatnsskála Nokkrir þústrar komu upp á dansleik sem haldinn var í Hreðavatnsskála í fyrrinótt. Þá var einn stöðvaður grunaður um ölvun við akstur í Norðurárdal.

Flutningabíll fauk út af Flutningabíll með tengivagn fauk út af Snæfellsvegi við Hólalæk í miklu hvasuviðri í fyrrinótt. Engin slys urðu á fólki en talsverðar skemmdir urðu á flutningabílnum.

Veltu bifreið í Hlíðarfjalli Kalla þurfti til dráttarbil eftir bílveltu í Hlíðarfjalli skömmu eftir hádegi í gær. Þrír voru í bílnum og sluppu allir ómeiddir.

Bátur í kilju


Advertisement for 'Bátur í kilju' by Gerður Kristný, featuring a book cover and promotional text.

VEÐURSPÁ

um hádegi»

Weather forecast section including a map of Iceland with temperature and weather icons, and a table of temperatures for various cities.

# Skuggalega góðar



Tilnefndur fyrir Grafarhögn:  
CWA Gold and Silver Daggers  
Virtustu glæpasagnaverðlaun  
í Bretlandi

## BEINT Á TOPPINN

Á köldum janúardegi er lögreglan kölluð að blokk í Reykjavík þar sem lík hefur fundist í garðinum ... Illur grunur kviknar um skelfilegan glæp. Erlendur, Elínborg og Sigurður Óli eru kölluð til og utan úr myrkri og hríðarkófi birtast um síðir staðreyndir sem eru jafnvel nóturlegri en vetrarnótt við heimskautsbaug.

Hlustaðu á fyrsta kaflann af Vetrarborginni á [www.edda.is](http://www.edda.is)



Bækur Arnaldar  
koma út í 26 löndum

1.

Allar bækur  
eftir aðeins einn dag  
Penninn Eymundsson


## „ÉG VEIÐI MENN OG SLEPPI ALDREI ...“

Raðmorðingi gengur laus. Bráðin er íslenskir gæsveiðimenn. Hann sendir frá sér orðsendingu þar sem hann býður lögreglunni í leik upp á líf og dauða þar sem ekki má á milli sjá hvor er í hlutverki kattar eða músar.

FRÁ HÖFUNDI FLATEYJARGÁTU!



Viktor Arnar Ingólfsson



## „HANN ÓÐ Í GEGNUM FJÓSHAUG MANNLÍFSINS“

Einar Kárason

Hreinn Vilhjálmsson er alþýðumaður sem sökk djúpt í drykkju og afbrot en náði landi um síðir. Hér lýsir hann á hispurlausan en þó broslegan hátt hvernig hann fer í hundana. Skálduð ævisaga sem er allt í senn - skuggaleg, fróðleg og grátbrosleg, en umfram allt heiðarleg.

Tilboðsbók  
mánaðarins  
30%  
afsláttur



Hreinn Vilhjálmsson



  
E d d a  
edda.is



## KJÖRKASSINN

Parf að bæta aðbúnað aldraðra á hjúkrunarheimilum?

já	89,5
nei	10,5

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Tókst þú þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík?

Tíu ár liðin frá morðinu á Yitzhak Rabin, forsætisráðherra Ísraels:

# Lífvörður Rabins vill nýja rannsókn

**JERUSALEM, AP** Öryggisvörður Yitzhaks Rabin, forsætisráðherra Ísraels, vill að rannsókn verði hafin á morðinu á Rabin á nýjan leik. Á



**FÖÐURINS MINNST** Minningarathöfn var haldin í Jerúsalem í gær og þar lagði Dalia, dóttir Rabins, blóm á leiði föður síns.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

föstudag voru tíu ár liðin frá því að nóbelsverðlaunahafinn var skotinn til bana.

4. nóvember 1995 skaut Yigal Amir, öfgahægrimaður úr hópi gyðinga, Rabin þar sem hann flutti ávarp á friðarsamkomu í Tel Aviv. Á valdatíma Rabins horfði mjög í friðarát fyrir botni Miðjarðarhafs en hann gegndi lykhlutverki í að svonefnt Oslóarsamkomulag varð til þar sem Ísraelar viðurkenndu rétt Palestínumanna til að stjórna herteknu svæðunum svonefndu.

Í sjónvarpsviðtali á föstudag ræddi Dror Yitzhaki, helsti lífvörður

ur Rabins, um morðið í fyrsta sinn í tíu ár. Yitzhaki kvaðst bera ábyrgð á að ekki hefði tekist að koma í veg fyrir tilræðið enda þótt urmull öryggisvarða hefði verið á svæðinu. Enginn þeirra hreyfði hins vegar legg eða lið fyrir en banamaður Rabins hafði lokið sér af.

Í viðtalinu greindi Yitzhaki frá því að fimm mánuðum fyrir tilræðið hefði leyniþjónustu hersins borist upplýsingar um að „lítill Jemeni“ hefði í hyggju að myrða Rabin en Amir var af jemenskum ættum. Ekkert var hins vegar gert með þær upplýsingar. Þar sem greinilega á enn eftir að svara ýmsum spurn-



YITZHAK RABIN

ingum um málið kvaðst Yitzhaki telja að taka ætti upp málið á ný.

- shg

**Opið prófkjör 12. nóv í Smáraskóla**

**Kosningaskrifstofa Arnarsmára 32 sími - 822 5100 lindabents@simnet.is**

**Linda Bentsdóttir 1. SÆTI**



**YFIRHEYRSLUSTÖÐ?** Rúmenskir herlögreglumenn gæta Mihail Kogalniceanu-herflugvallarins á meðan C130-flugvél bandaríska hersins er affermd. Mannréttindasamtökin Human Rights Watch telja að CIA stundi yfirheyrslur meðal annars í Rúmeníu og Póllandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Það er glæpur að gera pyntingar mögulegar

Danski þingmaðurinn Frank Aaen kveðst í samtali við Fréttablaðið vera ánægður með þá athygli sem svonefnt fangaflug Bandaríkjamanna hefur vakið hérlandis. Fyrirspurn hans á danska þinginu hratt atburðarásinni af stað.

**FANGAR** „Það er ekki bara glæpur að pynta fólk heldur líka að gera þær mögulegar,“ segir Frank Aaen, þingmaður Einingarlistans í Danmörku, í viðtali við Fréttablaðið. Hann segist ánægður með að málið hafi vakið slíka athygli á Íslandi.

Það var svar Flemming Hansen, samgönguráðherra Danmerkur, við fyrirspurn Frank Aaen á danska þinginu í síðustu viku sem varð



FRANK AAEN

kveikjan að umræðunni hér á landi um misnotkun bandarísku leyniþjónustunnar CIA á íslenskri lofthelgi og flugvöllum með því að fljúga með fanga í leyni-

legar herstöðvar í löndum þar sem talið er að pyntingar séu stundaðar. Hansen upplýsti þá að flugvél á vegum CIA hefði farið í gegnum danska lofthelgi á leið frá Íslandi til Ungverjalands 10. október á þessu ári. Í sumar hafði danski utanríkisráðherrann, Per Stig Møller, lýst því yfir á þinginu að dönsk stjórnvöld hefðu tjáð bandarískum yfirvöldum að Danir sættu sig ekki við áframhaldandi flutninga á fongum um danska lofthelgi.

Vitað er að vél á vegum CIA lenti í Kaupmannahöfn í mars síðastliðnum og stoppaði í tæpan sólarhring. Aaen vill að upplýst verði hverjir hafi verið um borð í vélinni, hvert hún hafi verið að fara og hvers vegna hún hafi haft viðdövl í Danmörku. Hann segir að þessar upplýsingar eigi að vera til hjá flugvallaryfirvöldum. „Þessir fangar eru í mun verri stöðu en til dæmis fangar í herstöðinni í Guantanamo

á Kúbu. Við vitum að minnsta kosti hverjir þar eru og Rauði krossinn hefur fengið að fylgjast með aðbúnaði þeirra. Hins vegar vitum við ekkert um fangana sem CIA er að fljúga með hér yfir landið. Þessa flutninga þarf að stöðva og tryggja fongunum réttlát réttarhöld.“

„Ég trúir ekki öðru en að stjórnvöld í Danmörku, Íslandi og öðrum löndum þar sem CIA hefur flogið með fanga í gegn banni flugið algerlega. Til dæmis hafa stjórnvöld í Taílandi lokað fangelsi CIA í landinu. Pólverjar munu örugglega gera slíkt hið sama.“

Aaen segir málinu ekki lokið í Danmörku og verði það tekið fyrir í þingnefnd í næstu viku. Eins ætlast hann til að utanríkisráðherra Danmerkur taki málið upp hjá Evrópusambandinu enda leikur grunur á að CIA starfræki fangelsi í sambandslöndum ESB.

ks@frettabladid.is

Lífeyrissjóður Suðurlands skerðir greiðslur:

## Atvinnuleysi meðal kvenna orsök

**LÍFEYRISJÓÐIR** Lífeyrissjóður Suðurlands lækkaði greiðslur til sjóðsfélaga um tólf til sextán prósent um síðustu mánaðamót. Dæmi eru um sjóðsfélaga sem hafa séð fimmtán þúsund króna skerðingu á mánaðargreiðslu.

„Langvarandi atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum hefur haft gríðarleg áhrif og því er kostnaður vegna örorku kvenna mestur á Suðurnesjum,“ segir í bréfi til sjóðsfélaga þar sem þeim er kynnt skerðingin. „Maður finnur virkilega til með fólk sem fær þessa tilkynningu,“ segir Kristján Gunnarsson, varaformaður sjóðsins og formaður Starfsgreinasambands Íslands. Hann segir þá ályktun hafa verið dregna að há örorkubyrði sjóðsins á Suðurnesjunum tengist atvinnu-

leysi meðal kvenna. „Á Suðurlandi eru það hins vegar karlarnir sem eru í meirihluta þegar kemur að örorkunni,“ segir Kristján.

„Á meðan við þurfum að velja þessum vanda á félagi okkar skrifa opinberu sjóðirnir bréf til fjármálaráðherra og segja að hann skuldi þeim meiri peninga,“ segir Kristján og bendir á rætt hafi verið við stjórnvöld um að koma að örorkuþætti kjarasamninga, án árangurs.

- saj

**KRISTJÁN GUNNARSSON, VARA-FORMAÐUR LÍFEYRISJÓÐS SUÐURLANDS** Kristján telur að ríkisvaldið eigi að leggja lið til þess að koma í veg fyrir skerðingar á líffeyri.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL



### Málþing sjávarútvegsráðuneytis og Hafrannsóknastofnunarinnar

#### Nýliðun og framleiðslugeta þorskstofnsins

Grand Hótel, Reykjavík, 7. nóvember 2005  
á 40 ára afmælisári Hafrannsóknastofnunarinnar

- 13:00-13:10 Setning málþings: Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra
- 13:10-13:35 Hrygningarstofn og nýliðun þorsks við Ísland: Björn Ævarr Steinarsson, Hafrannsóknastofnunin
- 13:35-14:00 Er samband á milli stærðar hrygningarstofns og nýliðunar? - Þorskstofnar í Norður Atlantshafi: Ransom A. Myers, Dalhousie University, Kanada
- 14:00-14:20 Fyrirspurnir og umræður
- 14:20-14:35 Kaffihlé
- 14:35-15:00 Þorskstofninn við austurströnd Kanada – stærð hrygningarstofns, útbreiðsla og afföll: Michael Sinclair, Bedford Institute of Oceanography, Kanada
- 15:00-15:25 Mikilvægi stofneininga og samsetning hrygningarstofns: Guðrún Marteinsdóttir, Háskóli Íslands
- 15:25-15:50 Þorskur við Færeyjar – hrygningarstofn og nýliðun: S. Hjalti í Jákupsstovu, Fiskirannsóknastofnan, Færeyjar
- 15:50-16:15 Áhrif veidda á líffssögu þorsks: Guðmundur Þórðarson, Hafrannsóknastofnunin
- 16:15-16:30 Kaffihlé
- 16:30-17:10 Fyrirspurnir og umræður
- 17:10-17:20 Samantekt og fundarslit: Jóhann Sigurjónsson, Hafrannsóknastofnunin
- 17:30 Móttaka í boði sjávarútvegsráðherra

Fundarstjóri: Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Allir velkomnir





Hjá okkur eru


# 10.000 PUNKTAR

aldrei minna en

# 10.000 KRÓNUR

## SAFNAR ÞÚ RÉTTUM PUNKTUM?

Það er mikilvægt að safna réttum punktum. Ekki sætta þig við að safna punktum sem eru gjaldfelldir þannig að vínberjauppskeran þín breytist í rúsínu. Með Safnkortinu getur þú alltaf notað punktana þína hjá ESSO á **fullu gengi** eða **margfaldað þá með Safnkortstilboðum**. Þú færð allar upplýsingar og sækir um Safnkortið á [www.esso.is](http://www.esso.is). Punktaðu það hjá þér.



## Safnkort

Punktaðu það hjá þér!





Veldu Ford 4x4 Nýtt tákni um gæði



Nýtt tákni um gæði

Komdu á 4x4 sýningu Ford í dag - Bíldshöfða 6

# Lægsta verð á öldinni. Núna.

Kauptu í dag. Ford 4x4 á lægra verði en áður.  
Lækkaðu mánaðargreiðslurnar. Veldu Ford 4x4.



Ford Escape XLS ssk.  
Verð frá 2.690.000 kr.\*



Ford Freestyle SEL ssk.  
Verð frá 3.660.000 kr.\*



Ford Explorer XLT Sport ssk.  
Verð frá 3.990.000 kr.\*



Ford Expedition XLT ssk.  
Verð frá 4.395.000 kr.\*



Ford F150 Lariat ssk.  
Verð frá 3.495.000 kr.\*



Ford F350 Lariat dísil ssk.  
Verð frá 3.995.000 kr.\*

Jólatilboð Brimborgar

Jólin nálgast  
Kynntu þér greiðslukjörin  
Komdu í Brimborg

Kaffi og kleinur  
Opíð frá kl. 13 til 16



©2011 FORD MOTOR COMPANY. ALL RIGHTS RESERVED.

Jólatilboð Brimborgar

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér lægsta verð á Ford 4x4 á þessari öld. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.\*\*

**brimborg**  
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. \*\* Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

## UMMÆLI VIKUNNAR

„Ef maður í minni stöðu missti báða fætur í sykursýki mundi ég ekki tapa krónu í tekjum. Þó ég væri í hjólastól. Samt sem áður ætti ég rétt á örorkulífeyri.“

Pétur H. Blöndal í utandagskrárumræðum á Alþingi um fjölgun og stöðu öryrkja síðastliðinn föstudag.

„Ísland er ekki bananalýðveldi og þú átt ekki að gera lítið úr íslensku samfélagi.“

Björgólfur Thor Björgólfsson í viðtali í Financial Times síðastliðinn föstudag.

# stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Hugrenningatengsl

Jóhanna Sigurðardóttir fylgdi úr hlaði þingsályktunartillögu Samfylkingarþingmanna í vikunni um rannsókn á lýðræði og valdi. Viðamiklar rannsóknir af þessum toga hafa verið gerðar hjá frændum vorum á Norðurlöndunum og leitt ýmislegt forvitnilegt í ljós eins og áður hefur verið greint frá í Fréttablaðinu.

Jóhanna hóf mál sitt á endursagðri tilvitnun í Þýska nóbelskaldíð Günther Grass. Eitthvað á þessa leið:



„Lýðræðinu, sem Þjóðverjum var fært fyrir 60 árum, stafar um þessar mundir mest ógn af því að völd í Þjóðfélaginu hafa að miklu leyti færst frá stjórnmalamönnum í hendur þeirra aflu sem stýra efnahagslífinu. Þingræðið er orðið einskonar deild í kauphöllum. Öllu er stýrt af bönkum og fyrir-

tækjasamstæðum. Ekki að undra að æ fleiri fái það á tilfinninguna að einhver samráðsöfl efnahagslífsins hafi alla þræði í hendi sér.“

Biðum við. Hvað sagði ekki Davíð Oddsson þegar hann kvaddi stjórnmalin á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og gekk á vit bankavaldsins: „Því er enn dapurlega að ekki aðeins formaður Samfylkingarinnar heldur einnig sumir þingmenn hennar, eins og ömurlegt uppstand í þinginu síðastliðinn þriðjudag sýndi, virðast naumast líta lengur á Samfylkinguna sem flokk en fremur sem tiltölulega léttvægt dótturfélag auðhrings.“

Jóhanna og Samfylkingin hafa áttað sig á sannindum sem Günther og Davíð hafa báðir sett fram með svo skáldlegum en að vísu dálítið ólíkum hætti. Davíð vissi alltaf eins og Günther að stjórnmalamennirnir eru í vasa auðhringanna.



## NÆSTA VIKA

### VIKAN

Þingfundir á Alþingi. Utandagskrárumræður og fyrirspurnir.

### ÞRIÐJUDAGUR

Ríkisstjórnarfundur

### MIÐVIKUDAGUR

Utánríkisráðherra svarar fyrirspurn Steingríms J. Sigfússonar um fangaflutninga. Hugsanlega utandagskrárumræður um málið.

### FÖSTUDAGUR

Ríkisstjórnarfundur.

### LAUGARDAGUR

Miðstjórnarfundur Framsóknarflokksins haldinn í Kópavogi og stendur fram á sunnudag.

## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUKSSON

## Í nafni valfrelsisins



Víglinurnar í íslenskum stjórn málum birtast með ýmsum hætti. Stundum verða þær nokkuð skýrar, eins og til dæmis í utandagskrárumræðu á Alþingi nú í vikunni þegar Kolbrún Halldórsdóttir, Vinstri grænum, skemmaði Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra blóðugum skömmum fyrir að ætla sér að leggja niður Listdansskóla Íslands. Eða breyta rekstrarformi hans og samlaga hann framhaldsskólakerfinu.

„Menntamálaráðherra geysist yfir uppeldisstöðvar listnema með mætti eyðileggingarinnar að því er virðist,“ sagði Kolbrún með þunga og var á henni að skilja að hér væri verið að stíga enn eitt skrefið í átt til einkareksturs.

Sam leiðir hugann að ræðum frambjóðenda fyrir prófkjör sjálfstæðismanna í höfuðborginni nú

um helgina. Þeir vildu auka valfrelsi skólaboranna og foreldrana. Fjöla valkostum og auka fjölbreytnina.

Þetta gæti þýtt á íslensku að borgarsjóður ætti að afhenda foreldrum ávisun á hverju hausti fyrir grunnskólakostnaði barnanna. Foreldrar og börn gætu valið sér skóla burtséð frá því hvort hann er rekinn af hinu opinbera eða einkarekinu. Og ef einhver skóli er dýrari en svo að ávisunin hrökkvi fyrir kostnaði út skólárið er bara að draga upp budduna. Eða velja ódýrari skóla ef buddan er tóm.

Vilja menn ekki úr öllum flokkum - nema Vinstri græni - selja ríkinu hlut höfuðborgarinnar í Landsvirkjun. Og svo má einkavæða þegar orkufyrirtækið er allt komið á eina hendi. Geir Haarde nefndi það í framhjáhlaupi á landsfundi Sjálfstæðisflokksins í síðasta mánuði.

Svo eru stjórnmalamenn búnir að koma óveiddum fiski í sjó í veðhæfa einkaeign útvegsmanna. útvegsmenn ættu nú, eftir öll þessi ár, að rétta þjóðinni og stjórnmalaflokkunum sáttahönd eftir allt vopnaglamrið og yfirganginn.

Er svo bankarnir ekki farnir að auglýsa tekjuvernd? Er það sama fyrirbrigði og eitt sinn var partur af opinbera velferðarkerfinu og kallað sjúkragdapeningar eða örorkubætur?

# Öryrkjum fjölgar um þrjá á dag

**Snörp orðaskipti urðu í utandagskrárumræðum á Alþingi síðastliðinn föstudag um fjölgun og stöðu öryrkja. Heilbrigðisráðherra vill koma böndum á útgjaldaaukningu og vill endurskoða læknisfræðilegt örorkumat í því sambandi.**

Málshjefjandi var Helgi Hjörvar, þingmaður Samfylkingarinnar, en hann er sjálfur öryrkur sökum mikillrar sjónskerðingar. Helgi gerði fyrst að umtalsefni nýlega skýrslu Hagfræðistofnunar sem hann kvað vera áróðursplagg.

### Þarf enn að höfða mál?

„Ég mótmæli þeirri lítilsvirðingu sem okkur öryrkjum er sýnd aftur og aftur í athöfnum hæstvirts heilbrigðisráðherra. Við öryrkjar erum ekki aumingjar sem hægt er að birta tilskipanir eða palladóma um einhliða af hálfu stjórnvalda. Við erum fólk og það á að tala við okkur eins og fólk um málefni okkar og taka mark á sjónarmiðum okkar áður en ákvarðanir eru teknar. Og semja við okkur. Og standa við samninga við okkur. Og við hljótum að spyrja enn einu sinni úr þessum stól hvort hæstvirtur heilbrigðisráðherra

ætlar aldrei að standa við samninginn sem hann gerði fyrir síðustu kosningar. Og hefur sjálfur sagt úr þessum ræðustól að vanti hálfan milljarð upp á. Á það virkilega að vera svo að Öryrkjabandalagið síðar í þessum mánuði þingfesti í héraðsdómi enn eitt málið gegn ríkisstjórninni svo að hæstvirtur ráðherra standi við orð sín,“ sagði Helgi í upphafi máls síns. Og síðar sagði hann: „Ég spyr ráðherra hvort hann sé ekki sammála mér um að vinnumarkaðsmál séu meginorsök nýgensis örorku og hvort hann hafni ekki þeim kenningum örorkuskýrslunnar, þeim hlægilegu kenningum að afslættir af strætómíðum og önnur vildarkjör okkar öryrkja leiði til þess að heilbriggt fólk flykkist í stórum stíl inn í gösenland örorkubótanna óverðskuldað.“

### Öryrkjum fjölgar um þrjá á dag

Þegar bornir eru saman þeir sem metnir voru til örorku og örorkustyrks fyrstu sex mánuði áráanna 2003, 2004 og 2005 kemur í ljós samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun ríkisins að körlum í þessum hópi fjölgar um líðlega 27 prósent og konum um rúm 31 prósent. „Það er verulega umfram það sem búast mætti við að teknu tilliti til lýðfræðilegra breytinga,“ sagði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra í umræðunum.

„Þegar svo teknir eru karlar á aldrinum 25 til 59 ára fjölgar þeim um 24,8 prósent en konum á sama aldri fjölgar um 40 prósent. Það eru vísbendingar um að eitthvað sé að hægja á fjölguninni á þessu ári en samt sem áður hefur örorkulífeyrisþegum fjölgað úr 12.050 í 12.627 miðað við útgreiðslu Tryggingastofnunar fyrstu níu mánuði ársins.

Fjölgunin nemur 4,8 prósentum, sem svarar til þess að öryrkjum hafi fjölgað um þrjá hvern virkan dag frá áramótum til 1. október,“ sagði heilbrigðisráðherra enn fremur.

Og hvers vegna fjölgar öryrkjum? „Mín skoðun er sú að hið læknisfræðilega örorkumat þurfi endurskoðunar við,“ sagði Jón.

### Uggvænleg þróun

Öryrkjar eru færri hér en annars staðar á Norðurlöndum og útgjöld til þeirra mæld af landsframleiðslu því lægri. En útgjöld hins opinbera og lífeyrissjóðanna aukast hratt. Sjötíu prósent útgjaldaaukningar undanfarið má rekja til fjölgunar öryrkja. „Öryrkjum fjölgar hér örar en annars staðar á Norðurlöndunum, einkum í yngri aldursþópum, eins og staðfest hefur verið. Og borið saman við Noreg fjölgar hér öryrkjum mjög mikið,“ sagði heilbrigðisráðherra.

„Sorgleg fjölgun öryrkja er ekki afsökun fyrir því að skerða bætur eða svíkja samninga. Þvert á móti á hún að vera okkur tilefni til þess að huga enn betur af kjörum öryrkja eftir því sem fleiri þurfa að búa við þau kröppu kjör sem ævinkjör sín,“ sagði Helgi Hjörvar.


Fram kom í máli Jónínu Bjartmarz, Framsóknarflokki, að ríkið greiðir um átján milljarða á ári úr sjóðum sínum vegna örorku í landinu. Árlegt tjón samfélagsins, meðal annars vegna vinnutaps, er áætlað um um 34 milljarðar króna. Jónína Bjartmarz sagði fjölgun í hópi ungra öryrkja vera uggvænlega en samkvæmt gögnum væru þeir 136 prósentum fleiri en á hinum Norðurlöndunum. Hún taldi einnig uggvænlegt hversu fáir ættu afturkvæmt á vinnumarkaðinn sem út af honum færu vegna örorku.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, dró lágur sjúkragdapeningagreiðslur inn í umræðuna. „Sá sem missir starfsorku fer á sjúkragdapeninga í löndunum í kringum okkur, sem eru hærrí en örorkubætur. Eftir ár er hugsanleg örorka þeirra metin. Hér eru sjúkragdapeningar svo lágir að það er vonlaust að draga fram lífið á þeim; 876 krónur á dag eða 27 þúsund krónur á mánuði. Enda fer þeim ört fækkað sem fá þær greiðslur samkvæmt fjárlagafrumvarpinu núna og munu fara beint á örorku. Lágur eru örorkubæturnar en á sjúkragdapeningum lifir enginn. Nema með því að eiga því meiri rétt í sjúkragjóðum verkalyðshreyfingarinnar.“

johannh@frettabladid.is

# RAÐMORÐINGI

sem þú kolfellur fyrir



„Frumlegasta spennusaga sem komið hefur út um árabíl.“

Publishers Weekly


Dexter Morgan er einn færasti blóðmeinafræðingur lögreglunnar í Miami. Hann er traustur og vinsæll og kann sitt fag. En innra með honum lúra myrk öfl sem knýja hann til hrottafenginna morða.

„Þið verðið að lesa hana!“

Time Magazine

JPV  
JPV ÚTGAFA  
www.jpv.is





# TÖLVUSKÓLINN PEKKing

Faxafen 10 • 108 Reykjavík  
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215  
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Skráning í síma 544 2210,  
á vef skólans; [www.tsk.is](http://www.tsk.is)  
og í netpósti á [skoli@tsk.is](mailto:skoli@tsk.is)

## VEFSMÍÐI

### • Vefsíðugerð grunnur

Námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni.

Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsíðugerðar og myndvinnslu fyrir vefinn, FrontPage og Photoshop.

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu, vista hana á Netinu og kunna skil á umsjón og uppfærslu hennar.

Þátttakendum er frjálst að vinna að eigin heimasíðu á námskeiðinu. Lengd námskeiðs 42 kennslustundir. Kennt er þriðjudags- og fimmtudagskvöld frá kl. 17:30 - 21 og tvo laugardaga frá kl. 9 - 12.30. Hefst 15. nóv. og lýkur 1. des. Verð kr. 36.000,- (Tvær kennslubækur innifaldar).



### • Dreamweaver MX 2004

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefsmíðaforrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til vefsíður og halda þeim við.

Einnig verður kennd notkun margmiðlunarefnis og javascript til að krydda vefsíður ásamt faglegri uppsetningu skráa á vefsvæði. Í lok námskeiðsins búa nemendur til fullkláraðan vef og læra hvernig á að setja vefsíður inn á Netið. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Lengd 31 kennslustund. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl 17:30 - 21:00. Hefst 14. nóv. og lýkur 30. nóv. Verð kr. 29.000,- (Kennslubók innifalin)

## Tölvuviðgerðir

Stutt og hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbjarga við minni háttar bilanir í vélbúnaði tölvunnar og fá um leið viðamikla þekkingu á innviðum tölvunnar.

Námskeiðið er 18 kennslustundir og er kennt tvo laugardaga frá kl 10 til 16. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans. Hefst: 19. nóv. Verð kr. 25.000,-



## STARFSMENNTUN

### I Hagnýtt bókhald - Grunnur

Þetta námskeið hentar þeim sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu sem og öllum þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með aukinni færni og þekkingu. Hentar einnig sjálfstætt starfandi atvinnurekendum eða þeim sem eru að hefja rekstur og vilja vera sem mest sjálfbjarga við bókhaldið. Uppbygging námsins miðast við nemendur með grunnþekkingu í tölvum og Excel.

Kenndur er verslunarreikningur, meðferð og reglur um virðisaukaskatt, handfært bókhald og tölvufært bókhald í Navision.

Kennsla byggir á fyrirlestrum og verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl, þau færð og merkt með tilheyrandi uppgjöri og útskriftum. Prufuútgáfa bókhaldsforritsins fylgir.

Næstu námskeið hefjast 18. og 19. nóvember og er boðið uppá morgun- og kvöldtíma. Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 544 2210 eða á [www.tsk.is](http://www.tsk.is)

### II Framhald - Navision

Stutt námskeið ætlað notendum Navision bókhaldsforritsins. Hentar einnig fólki með bókhaldskunnáttu og þeim sem lokið hafa Tölvu og skrifstofunámsbrautum og vilja aukna þjálfun. Lengd námskeiðs 21 kennslustund. Verð kr. 26.000,- Nánari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 544 2210 eða á [www.tsk.is](http://www.tsk.is)

## STÖK NÁMSKEIÐ

	Hefst:	Verð:
Excel grunnur	15. nóv.	19.000
Photoshop grunnur	15. nóv.	24.000
Stafrænar myndavélar	19. nóv.	15.000
PowerPoint	21. nóv.	15.000
Excel, skipulag og stjórnun	21. nóv.	19.000
FrontPage 2003	24. nóv.	22.000
Öryggi tölvunnar	26. nóv.	12.000
Flash	27. nóv.	26.000
Outlook	6. des.	9.000

**Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!**

CHARLES MUNCH (1891-1968) LÉST PENNAN DAG.

„Tónlist er list sem lýsir þínu ólys-anlega.“

CHARLES MUNCH VAR FRANSKUR HLJÓMSVEITARSTJÓRI.



PETTA GERÐIST > 6. NÓVEMBER 1999

Ástralir vilja ekki lýðveldi

Á þessum degi árið 1999 neituðu Ástralir í þjóðar- atkvæðagreiðslu að slíta tengsl landsins við breska konungsveldið. Um 55 prósent allra kjósenda vildu ekki skipta Elísbetu Englandsdrottningu út fyrir forseta. Sama útkoma var í öllum fylkjum landsins.

Niðurstöðunum var ákaft fagnað af konungssinn- um í Darling-höfn í Sydney þar sem tvö hundruð manns létu tappa fljúga úr kampavinsflöskum.

Forsætisráðherrann John Howard sagði að vilji fólksins væri ljós og tillögu um lýðveldi hefði verið hafnað. Leiðtogi minnihlutans, Kim Beazley, lofaði þó að baráttunni fyrir lýðveldi yrði haldið áfram um ókomna tíð.

Drottningin heimsótti Ástralíu í mars árið 2000 og gaf þá í skyn í ræðu sinni að henni þætti ekki ólíklegt að henni yrði skipt út fyrir forseta áður en liði á löngu.



SYDNEY Í ÁSTRALÍU

MERKISATBURÐIR

- 1860 Abraham Lincoln er kosinn forseti Bandaríkjanna.
- 1893 Tónskáldið Pjotr Tsjaikovskí andast í Rússlandi.
- 1962 Sameinuðu þjóðirnar for- dæma aðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku.
- 1970 Tunglsteinn sem geim- fararnir í Apollo 11 komu með til jarðar er til sýnis í Þjóðminjasafninu.
- 1976 Tveir piltar brjótast inn í sportvöruverslun við Hlemm og skjóta nær fimmtíu skotum úr byssum sem þeir finna þar að fólki og bifreiðum.
- 1983 Þorsteinn Pálsson er kosinn formaður Sjálfstæðisflokks- ins í stað Geirs Hallgrímssonar sem gefur ekki kost á sér.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

LEGSTEINAR

S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
www.steinsmidjan.is

ANDLÁT

Benedikt Þ. Hjarðar lést þriðjudag- inn 25. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Jón Jónsson jarðfræðingur, Smára- flöt 42, Garðabæ, lést laugardag- inn 29. október. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.

Óli Sveinbjörn Júlíusson lést mið- vikudaginn 2. nóvember.

Sverrir Steindórsson, Grundartjörn 14, Selfossi, lést föstudaginn 4. nóvember.

Porkell Steinsson, Hafnarstræti 16, Akureyri, lést sunnudaginn 30. október.



FÉKK FORLÁTA BRUNABÍL Það er Ólafi minnststætt þegar hann fékk brunabíl að gjöf þegar hann varð fimm ára. Þetta þótti flott gjöf enda leikföng ekki á hverju strái á stríðsárunum á Ísafirði.

ÓLAFUR HANNIBALSSON BLAÐAMAÐUR ER SJÖTUGUR

Alltaf sautján í huganum

„Því er fljótswarað, ég ætla að bjóða nokkrum vinum og kunningjum heim til mín í einhverjar góðgerðir.“ segir Ólafur Hannibalsson blaðamaður og rithöfundur um það hvað hann ætlar að gera í tilefni af sjötugs- afmæli sínu í dag. „Mér finnst gaman að bjóða völdu fólki til mín og eiga með því kvöldstund.“ segir Ólafur, sem síðast hélt upp á stór- afmæli fyrir fjörutíu árum. „Þegar ég var þrítugur bauð ég til mín tíu, tólf manns. Núna verða eitthvað fleiri því ég er búinn að kynna einhverjum kunningjum síðan.“ segir hann kíminn.

Ólafur segist ekki muna mikið eftir afmælisdög- um sínum í gegnum tíðina

en minnst þess þó að hafa slátrað tveimur hrossum á fimmtugsafmæli sínu. „Þetta voru ung hross og þau voru étin og húðirnar voru seldar.“ segir Ólafur, sem var á þessum tíma bóndi í Selárdal við Arnarfjörð. Þá man hann einnig eftir því að hafa boðið krökkum úr götunni sinni í kakó og smákökur á tíu ára afmæli sínu en Ólafur ólst upp á Ísafirði þar sem aldrei var dauð stund að hans mati.

Tvær afmælisgjafir eru honum einnig minnststæðar. „Þegar ég var tveggja ára var mér gefin tromma. Hún var nú látin hverfa fljótlega og ég hef ekki séð hana síðan.“ segir Ólafur

og hlær að þeirri staðreynd að sumar afmælisgjafir séu heldur í óþökk foreldra. „Þegar ég var fimm ára gáfu Baldvin Halldórsson leikari og Ólafur nafni minn Helgason mér forlata brunabíl.“ segir Ólafur en hann þótti ákaflega spennandi enda fengust yfirleitt ekki leikföng á stríðsárunum. „Ég minnst þess alltaf við Baldvin þegar fundum okkar ber saman.“ segir Ólafur kíminn.

Ólafur segist ekki enn vera búinn að átta sig á því hvort honum finnst það stór tímamót að fylla sjö tugi. „Í mínum huga er ég alltaf sautján og á það til að reyna að haga mér þannig en tekst það kannski ekki alltaf

núorðið.“ segir Ólafur, sem skrifar fastan dálk í Fréttablaðið og vinnur að samningu tveggja bóka. Önnur er ævisaga Bjarna frá Vogu sem var einn af leiðtogum frelsisbaráttunnar á síðustu árum hennar og hin er ferðafélagsbók um Ísafjarðardjúp sem Ólafur er með í smíðum. Hann vill þó sem minnst segja hvenær megi sjá þær á prenti.

Ólafur er einn af stofndómum Þjóðarhreyfinganna. „Hún lifir góðu lífi og er nýbúinn að senda frá sér yfirlýsingar um stjórnarskrármál og fylglist grannt með Íraskmálum.“ segir Ólafur og lofar því að hreyfingin láti heyra meira frá sér fljótlega.



Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

Margrét G. Margeirsdóttir

áður til heimilis í Stífluseli 9,

verður jarðsungen frá Bústaðakirkju mánudaginn 7. nóv. kl. 15.00

Helga Ingibjörg Sigurðardóttir  
Helena Drífa Þorleifsdóttir  
Þórarinn F. Þorleifsson  
og barnabörn

Magnús E. Baldursson  
Atli H. Sæbjörnsson  
Hugrún Hrönn Þórisdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma

Ólöf Baldvins

fýrrum bóndi á Brún, Akureyri

sem lést á dvalarheimilinu Hlíð, laugardaginn 29. október verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju mánudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

Ingibjörg H. Valgarðsdóttir  
Vordís B. Valgarðsdóttir  
Sylvía S. Valgarðsdóttir  
Dóróthea K. Valgarðsdóttir  
Hermína Ó. Valgarðsdóttir  
Hjálmsfríður Ó. Valgarðsdóttir  
Fríðrika S. Valgarðsdóttir  
Guðrún P. Valgarðsdóttir  
Hersteinn K. Valgarðsson  
Benjamín B. Valgarðsson  
Hanna B. Valgarðsdóttir  
Rafn Valgarðsson

Jóhann Ólafsson  
Steingrímur Svavarsson  
Uni Pétursson  
Matthías Eiðsson  
Ívar Jónsson  
Magnþór Jóhannsson  
Frimann Jóhannsson  
Ólöf Árnadóttir  
Rósa Kristín Nielsdóttir  
Baldur Jónsson  
Halldóra Árnadóttir

barnabörn, langömmubörn og fjölskyldur þeirra.

★ SÓLSTEINAR

- ★ Gæði
- ★ Góð þjónusta
- ★ Gott verð
- ★ Mikið úrval

Kársnesbraut 98 • S: 564 4566  
www.solsteinar.is  
200 Kópavogur • sol@solsteinar.is



**Ljósakross**

Hetu þessaraunnar frá Búrek fenta þess sem vísa annan ljósglæsni þessu en að leggja sítt kross. Þessu eru með myndgöngu lífu og tengast námsgöngu í gördurum eða afhjúpu sem endist í allt að 20 daga.

Það er ódýrara að kaupa ljósakross en að leigja hann

Fást um land allt!

HELÐULLURERNA:

**Búrek**

Sími 460 1760  
johann@isi.is  
www.burek.is

AFMÆLI

**Einar Bollason**  
hestamaður er 62 ára.

**Katrín Fjeldsted**  
læknir er 59 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG

1814 Adolphe Sax,  
fann upp saxófoninn.

1861 James Naismith,  
fann upp kórfluknatt-  
leik.

Eitt tré á kort

Skógræktarfélag Íslands gefur út jólakort fyrir þessa jólahátíð sem gefur landsmönnum kost á að taka þátt í að gera landið skógi vaxið. Á kortinu kemur fram að fyrir hvert selt jólakort gróðursetji félagið eitt tré. Kortið prýðir mynd eftir listakonuna Kjúregej Alexöndru Argunovu og ber heitið Ævintýranótt hjá lífsins tré. Alexandra er fædd í Jakútíu í Síberíu og hefur haldið fjölda sýninga á Íslandi, Rússlandi, Spáni og Svíþjóð. Hægt er að panta kortin á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands.



ÆVINTÝRANÓTT HJÁ LÍFSINS TRÉ Kortið prýðir mynd eftir siberísku listakonuna Kjúregej Alexöndru Argunovu.

# Vaxtalaus tilboð

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri



DINAMICA



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	<b>2.999</b> kr	7 mán.	20.993.-
120 x 200	<b>2.999</b> kr	9 mán.	26.991.-
150 x 200	<b>2.999</b> kr	11 mán.	32.989.-
180 x 200	<b>2.999</b> kr	13 mán.	38.987.-



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
150 x 200	<b>8.299</b> kr	12 mán.	99.588.-
180 x 200	<b>9.999</b> kr	12 mán.	119.988.-



IMPERIAL



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	<b>3.999</b> kr	12 mán.	47.988.-
120 x 200	<b>4.999</b> kr	12 mán.	59.988.-
150 x 200	<b>5.799</b> kr	12 mán.	69.588.-
180 x 200	<b>7.499</b> kr	12 mán.	89.988.-

- Hágæða efni með 100% bómull
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð



GRAND DUPEN



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	<b>4.999</b> kr	12 mán.	59.988.-
120 x 200	<b>5.999</b> kr	12 mán.	71.988.-
150 x 200	<b>7.499</b> kr	12 mán.	89.988.-
180 x 200	<b>8.999</b> kr	12 mán.	107.988.-



ORTOPEDICA



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	<b>3.499</b> kr	12 mán.	41.988.-
120 x 200	<b>4.499</b> kr	12 mán.	53.988.-
150 x 200	<b>4.999</b> kr	12 mán.	59.988.-
180 x 200	<b>5.999</b> kr	12 mán.	71.988.-



VENUS



## VAXTALAUST TILBOÐ

Rúmstærð	verð frá	mánuðir	stgr.
90 x 200	<b>2.999</b> kr	12 mán.	35.988.-
120 x 200	<b>3.999</b> kr	12 mán.	47.988.-
150 x 200	<b>4.499</b> kr	12 mán.	53.988.-

Gildir til 9. nóvember eða á meðan birgðir endast.

## HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

# VAXTA

**VAXTALAUS DAGUR**  
**hjá BÍLALANDI B&L, Grjóthálsi 1.**

Dæmi um bíla á vaxtalausum kjörum:



575 1230

Vaxtalausir dagar eru einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444,  
Bílas Akranesi S: 431 2622, Bílasölu Akureyrar S: 461 2533 og JG Bílum Egilsstöðum S: 471 2584

# LAUST

0% VEXTIR - 100% LÁN  
ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD



# DAGUR!



575 1230

Opið í dag sunnudag  
frá kl. 12 til 17.



Grjóthálsi 1  
bilaland.is

Bilt með fyrirvara um verbreytingar og áskáttavillur

# Best á fáki fráum

Telma L. Tómasson var ekki nema tveggja ára þegar hún strauk að heiman á fyrsta hestinum sínum og hélt út á hraðbrautina þar sem hún bjó í Bandaríkjunum. Fákurinn sá var reyndar úr plasti og á hjólum, en hestabakterían er Telmu í blóð borin. Þórdís Lilja Gunnarsdóttir hitti Telmu, sem nýlega tók við stöðu útgáfu- og markaðsstjóra hestatímaritsins Eiðfaxes.

**T**elma L. Tómasson er landsmönnum kunn af sjónvarps-skjánum en hún var lengi áberandi andlit fréttastofu Stöðvar 2, þar sem hún starfaði síðast sem aðstoðarfréttastjóri. Þótt stjórnljómi sjónvarpsskjásins hafi umvafið Telmu í kvöldfréttunum gat hún ekki beðið eftir því að komast í hesthúsið og fara úr sparidressinu í drullugallann, eins og hún kallar þann klæðnað sem henni líður best í.

„Mér líður best í hestagallanum og á hestbaki,“ segir Telma, sem eignaðist sinn fyrsta hest þegar hún var kaupakona í sveit á táningsaldri.

„Sem barn hafði ég búið í Bandaríkjunum og Hollandi, þar sem ég heimtaði stöðugt að komast á hestbak, þótt enginn væri í hestamennsku í fjölskyldunni. Eftir að við fluttum til Íslands rellaði ég mikið í foreldrum mínum að komast á reiðnámskeið en eignaðist svo þessa hryssu í sveitinni. Hana átti ég til tvítugs, að ég seldi hana og var hestlaus hestakona í mörg ár, en mikið á

lánshrossum. Í nokkur ár var ég búsett í Brussel þar sem ég stundaði útreiðar á stórum hrossum, en þegar ég flutti aftur heim keypti ég mér mín eigin hross og hef verið á kafi í hestamennskunni síðan,“ segir Telma, sem lét gamla draum rætast í fyrra þegar hún keypti sér keppnishestinn Kol frá Kjarnholtum.

„Ég hef þá trú að maður eigi að fylgja draumum sínum eftir og langaði að prófa. Því er ég nú á gamals aldri farin að spreya mig á keppni í smáum stíl, þótt ég ætli mér ekki í atvinnumennskuna héðan af,“ segir Telma hláturmild og vill síður en svo gorta af afbragðsárangri á innanfélagsmótum sem hún hefur tekið þátt í.

„Ég tók fyrst þátt í kvennatölti á Ís í lægsta byrjendaflokki og gekk býsna vel; lenti í öðru sæti og var afar stolt af mínum hesti. Síðan hef ég unnið mót og einnig náð að klúðra keppni alveg stórkostlega, en maður lærir af þessu öllu saman og bara gaman að vera með. Hesturinn var slæmur í baki



**HESTUR ER EKKI BARA HESTUR** Telma er hestakona af lífi og sál, nýlega búin að fá sér keppnishest og sigrar nú og tapar til skiptis á innanfélagsmótum, sér til skemmtunar. Hún ætlar sér stóra hluti með elsta starfandi tímariti hestamanna; Eiðfaxes, eins og sjá má á nýjasta tölublaðinu, en Eiðfaxi á sér þúsundir lesenda um allan heim. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## NISSAN MICRA



SKIPT\_um væntingar



## SÆTUST!

Með nagladekkjum. Sjálfskiptur, 6 diska geislasplari, lyklalaus, sjálfvirkar rúðupurrkur.

Micra

**Verð 1.490.000.-**



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opn: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00

þegar leið á síðasta vetur og þurfti því að hvíla hann. Ég hygg að hann sé búinn að ná sér og hlakka til vetrarins.“

### Hestur er ekki bara hestur

Hestamennskan á hug Telmu allan og þótt hún njóti stundum aðstoðar eiginmanns síns, Karls Óskarssonar kvikmyndagerðarmanns, er hún að mestu ein í hestunum þar sem atvinnan dregur húsbóndann oft til útlanda.

„Börnin mín fara sjaldan á bak en maðurinn minn hefur hins vegar fylgt mér ótrúlega vel eftir miðað við að þetta er mitt áhugamál. Ekki er sjálfgefið að allir í fjölskyldunni hafi sama áhugamál en skemmtilegt þegar svo er því sportið er tímafrekt og því fylgir mikil og ánægjuleg útivist,“ segir Telma, sem hefur í nógu að snúast að hreyfa þriggja hesta stóð, allt að fimm sinnum í viku.

„Hestamönnum þykir nú ekki merkilegt að eiga þrjá hesta en fyrir mig er þetta dágott því hrossin þarf að hreyfa reglulega, eigi þau að vera í góðu formi, ekki síst keppnishestar. Í keppni er ég rétt að fikra mig áfram en ég á góða að og umgengst hestamenn sem hafa áratugareynslu og eru örlátir á visku sína,“ segir Telma glöð í bragði.

„Samband milli hesta og manna er bæði sérstakt og fagurt. Það verður að ástríðu og þótt ég sé forfallin hestaáhugamanneskja er ég alls ekki verst. Margt hestafólk lifir varla daginn af nema tala um hesta, sinna þeim og vera í kringum þá. Margir alast upp við hestamennsku og það á við um marga af okkar fremstu knöpum. Ég held að manneskjunn sé nauðsynlegt eitthvert samneiti við dýr. Hestar eru nærmar skepnun og maður þarf að vera næmur í kringum þá; læra að lesa þá, tengjast þeim og vita hvernig maður nær fram því besta. Hestar vilja þjóna og knapinn þarf að vera leiðtogi. Þá fyrst fara hlutirnir að gerast, þegar hestur og maður skilja hvor annan,“ segir Telma, sem eins og

margir hestamenn, hefur tengst hestum sínum tilfinningaböndum.

„Hestar verða vinir manns, en þeir tengjast einnig vináttuböndum sína á milli og hafa mikil samskipti hvor við annan sem gaman er að stúdera. Hestur er heldur ekki bara hestur, heldur hefur hver þeirra sinn einstaka karakter, skap, hæfileika og líkamsbyggingu, og því alltaf eins og að kynast nýrri manneskju að setjast bak nýjum hesti.“

### Leikið sér í vinnunni

Á haustdögum tók Telma við starfi útgáfu- og markaðsstjóra Eiðfaxes. Í nýútkomnu tölublaði þess gamalgróna tímarits má strax sjá að tekið hefur verið til hendinni.

„Ég hafði lengi velt því fyrir mér hvernig ég gæti sameinað áhugamál og atvinnu. Eiðfaxi var

*„Hestar verða vinir manns en þeir tengjast einnig vináttuböndum sína á milli og hafa mikil samskipti hver við annan sem gaman er að stúdera.“*

kjörinn vettvangur,“ segir Telma en Eiðfaxi var stofnaður árið 1977 af hagsjónamönnum í hestamennsku.


„Hér hefur öflugt starf verið unnið í gegnum tíðina og hér hitti ég fyrir mjög hæft starfsfólk sem hefur yfirburðapekkingu á öllu sem tengist íslenska hestinum. Það sem ég hef einkum fram að færa er reynsla mín af fjölmiðlastarfi, sem svo blandast áhuga á hestum. Ég er því ein af þeim heppnu sem geta verið að leika sér í vinnunni,“ segir Telma hláturmild.

„Við höfum nú þegar gert spennandi útlitsbreytingar á blað-



inu, unnið í samstarfi við einn hæfasta grafíska hönnuð landsins. Þá höfum við einnig tekið upp samstarf við Ragnar Th. Sigurðsson ljósmyndara, sem hefur tekið einstakar ljósmyndir af íslenska hestinum. Á næstu mánuðum munum við svo þróa blaðið í þá átt að gera það enn sterkara og fjöldi hugmynda á borðinu sem ekki er hægt að ljósstra upp að svo stöðu," segir Telma, sem sér fyrir sér öflugan fagmiðil sem er í senn fræðandi, spennandi og skemmtilegur.

„Hestamennskan kemur við svo marga þætti mannlífsins; ekki síst útivist og heilbrigði. Sá hópur fólks sem stundar hestamennsku er heldur ekki einsleitur, heldur fólk úr öllum áttum og af öllum stéttum; bæði hérlendis og erlendis. Það er af nógu að taka innan hestamennskunnar: útflutningur, uppeldi á hrossum, tanningar, hrossarækt og ótal margt annað, enda stór hagsmunahópur sem stendur að íslenska hestinum," segir Telma en talið er að á bilinu átján til tuttugu þúsund Íslendingar stundi hestamennsku að staðaldri.



FORSÍÐA EIÐFAXA Nýjasta tölublaðið hefur vakið athygli fyrir spennandi efnistöð og vandað útlit.

„Það er mikill uppgangur í greininni og árlega bæstast við eitt þúsund manns í hestafélög landsins. Þá seljast öll hross, verð á hestum hefur hækkað og beinlínis erfitt að fá góð hross því þau seljast jafn harðan og þau koma á markað," segir Telma og fullyrðir að hestamarkaðurinn sé á góðu róli þótt verð fyrir hesta hafi farið hækkanði.

„Startgjaldið er reyndar dálítið hátt. Vel taminn og þökkalegur reiðhestur kostar ekki undir nokkur hundruð þúsundum og keppnishestar eru miklum mun dýrari. Svo þarf reiðtygi, hesthúsplass og fatnað. En þetta er þess virði. Fólk sem kemur inn í hestamennskuna nú til dags undirbýr sig betur en áður þegar það kaupir sér hest, fer á námskeið, aflar sér þekkingar og öll þjónusta í kringum hestamennskuna orðin miklu meiri. Þeir sem selja hross hafa lagt mikla vinnu og peninga í tanningar og hrossarækt og því er verðið ekki svo hátt þegar allt er skoðað," segir Telma en í haust hefur hestasala verið með einkar blómlegu móti.

„Kröfurnar hafa aukist mikið og þeir sem ætla inn í greinina núna vilja ekki taka við illa tömdu eða illa hirtum hesti. Það vill hæfileikarík og falleg hross af góðum ættum en enga rokhesta sem rjúka með knapana hingað og þangað.“

#### Spennufíkill með óróleikagen

Lengi hefur lodað við ímynd hestamanna að þeir séu umfram aðra gefnir fyrir sopann. Telma segir það gamla mýtu; hestamennskan hafi breyst gríðarlega hin síðustu ár.

„Í eina tíð þóttu hestamenn helst til of drykkfelldir, en í hestaféðum nútímans sést varla vín á nokkrum manni. Í dag hugsa hestamenn fyrst og fremst um hrossin sín, ánægjuna af samneytinu við þau og útivistina. Fagmennskan er einnig orðin miklu meiri og reyndar ekki hægt að setja hestamenn undir einn hatt. Það eina sem þeir eiga örugglega allir sameiginlegt er áhugi þeirra á hestum og þegar hestamenn koma saman er eflaust

hvítleitt fyrir þann sem hefur engan áhuga að sitja undir spjallinu því ekkert fær stöðvað hestamenn þegar kemur að hestatali," segir Telma og skellir upp úr.

Eiðfaxi er sem fyrr segir elsta hestafimmarit landsins sem enn er starfandi og einig það útbreiddasta. Það er gefið út á íslensku, ensku og þýsku með þúsundir áskrifenda á Íslandi og víða um heim þar sem vinsældir íslenska hestsins fara sívaxandi.

„Þetta er fjölmiðill eins og hver annar, nema hvað hann tekur á nokkuð skýrt afmörkuðu málefni. Eiðfaxi er fyrst og fremst suðupottur fyrir hvaðeina sem viðkemur íslenska hestinum. Þetta er upplýsingaveita fyrir alla áhugamenn um íslenska hestinn," segir Telma, sem segist eiga erfitt með að slíta sig frá fjölmiðlastarfinu.

„Það var skyndihugdetta á sínum tíma að gerast blaðamaður

og í þá tíð sem Ellert Schram var ritstjóri DV herjaði ég stíft á hann og linnti ekki látum uns hann gaf sig," segir Telma, sem síðan hefur

**„Mig langar að sjá fleiri þroskaðar sálir sem hafa reynslu, starfa af fagmennsku og... já, takk, tala almennilega íslensku.“**

starfað við fjölmiðla með einstaka hliðarhoppi.

„Fjölmiðlastarfið hentar ákveðinni manngerð; þeirri sem er forvitin um menn og málefni og hefur sterk óróleikagen. Ég hef

alltaf haft gaman af fólki, skoðunum þess, viðhorfum, sjónarmiðum, draumum og þrám og finnst skemmtilegast við starfið fólki á bak við sögunnar," segir Telma, sem eftir langan starfsaldur á Stöð 2 sagði upp starfi sínu sem varafréttastjóri árið 2003.

„Ég tók ákvörðun um að hætta því mig langaði að gera hlé á mínum störfum og það vafðist ekkert fyrir mér. Mig langaði að víkka sjónveildarhringinn, kíkja í aðrar áttir um stund og sakna ekki fréttamennskunnar nema þegar stórir hlutir eru að gerast. Þá kemur upp í mér spennufíkillinn," segir Telma, sem aðspurð segist fagna öllum konum sem starfi í fjölmiðlum þótt enn megi gera betur.

„Mér finnst skorta á að konur séu í stjórnunarstöðum; þar eiga íslenskir fjölmiðlar langt í land. Einnig set ég spurningarmerki við

þá ofuráherslu sem lögð er á útlit kvenna í ljósvakamiðlum, séu þær bornar saman við karlana sem sitja þeim við hlið. Ekki svo að skilja að allir íslenskir fjölmiðlamenn séu útlitsgallaðir, heldur virðist minni áhersla lögð á þá hlið þegar karl er valinn til starfans. Svo sakna ég reynslubolta úr hópi fjölmiðlakvenna. Mig langar að sjá fleiri þroskaðar sálir sem hafa reynslu, starfa af fagmennsku og... já, takk, tala almennilega íslensku. En þrátt fyrir hnökra er ég fullviss um að ungt fólk í fjölmiðlum er að gera sitt besta. Meðal þeirra sem eru að koma inn í greinina er mjög efnilegt fólk. Það skortir hins vegar leiðsögn frá þeim sem eldri eru og reyndari. Nýliðum er kastað út í djúpu laugina án þess svo mikið að björgunarkútur sé í auglýsni!" segir Telma brosmild um leið og hún leggur hnakkinn á hest sinn og ríður út í buskann.



# Jólatilboð

mjúku deildarinnar **15% afsláttur**

Gjafavara í miklu úrvali frá þekktum vörumerkjum.

Handklæði, sloppar, baðmottur og baðvara frá Christy og Aquanova.

Veisludúkar, hördúkar og löberar frá Södahl, Yris og Kimono.

Sængurfatnaður frá Södahl og Rocha.



Reykjavík: Mörkín 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Opíð virka daga: 10-18 og laugard. 11-15

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

# Stóri bróðir horfðu á mig!

Bækur þar sem mörkum skáldskapar og veruleika hefur verið allt að því eytt eru fyrirferðarmiklar þessi jól. Bergsteinn Sigurðsson ræddi við Jón Karl Helgason og Kristján Bjarka Jónasson og spurði hvað veldur?

Hallgrímur Helgason blogg- ar í nafni félagslegs and- spyrnumanns frá Sauðár- króki og Tómas Jónsson dælir út tölvubréfum til hinna og þessa mektarmanna og gerir sér mat úr svörum í bók Kristjóns Kor- máks Guðjónssonar.

Þá er nokkuð um bækur þar sem efniviðurinn og persónur eru teknar beint úr raunveruleikanum, lítt dulbúnar eða alls ekki. Í ljóðabók Hauks Mús Helgasonar grípur örvæntingarfullt skáld til vopna í útsendingu hjá þekktum sjónvarpsmanni og Óttar Martin Norðfjörð styðst við raunveruleg- ar fyrirmyndir í Barnagælum svo fáein dæmi séu nefnd.

„Það er svo sem engin nýlunda að það eigi sér stað ákveðin skör- un þarna á milli,“ segir Kristján Bjarki Jónasson, útgáfustjóri hjá Eddu útgáfu. „Raunsæi hefur verið ráðandi lengi í íslenskri bókmenntahefð og lesendur litu á bókmenntir eins og fjölmiðil sem miðlar fréttum, viðhorfum og skoðunum rétt eins og aðrir mið- ar en setur það í stærra samhengi. Þessa gætir til dæmis sterkt í íslenskum glæpasögum þar sem

samtímaatburðum er gjarnan blandað inn í söguþráðinn.“

Jón Karl Helgason, bókmennta- fræðingur og útgefandi hjá Bjarti, bendir á að lykilrómanar, það er skáldsögur þar sem persónur eru teknar beint úr veruleikanum, eigi sér langa og samfellda hefð á Íslandi. „Skýrasta dæmið er sennilega Atómstöðin. Þegar hún kom út taldi fólk sig þekkja marg- ar persónur í henni og svo virðist sem skáldskapurinn hafi verið notaður sem eins konar revía.“

## Sprenging í höfðinu

Jón Karl er hins vegar sammála þeirri staðhæfingu að mikill áhugi sé á bókmenntum þar sem heim- ar raunveruleika og skáldskapar skarast. Fyrir nokkrum misser- um hóf Bjartur útgáfu á Svörtu línunni, ritröð þar sem markmiðið var beinlínis að kanna þessi mörk. „Við höfðum það á tilfinningunni að þetta væri spennandi svæði,“ útskýrir hann. „Þetta er ákveðin tilraun til að endurvekja trúna á skáldskap og fá fólk til að taka hann alvarlega. En svo má líka horfa á þetta frá hinni hliðinni; það er að höfundur sem liggur

eitthvað á hjarta um málefni sem hann telur brýnt grípi til hinna áhrifamiklu listbragða skáld- skaparins með það í huga að ná til og hreyfa við fleiri lesendum. Hvernig sem á það er lítið er ljóst að það hefur orðið skammhlaup milli hinna hefðbundnu skila milli fræða og skáldskapar.“

Jón Karl segir þessa tilhneig- ingu sjást berlega ef lítið sé út fyrir landsteinana og nefnir sem dæmi tvær bækur sem Bjart- ur gefur út á árinu, Níu nætur eftir Brasilíumanninn Bernardo Carvalho og Stríðsmenn Salamis eftir Spánverjann Javier Cercas. „Þetta eru hvort tveggja skáld- verk þar sem höfundarnir setja sína eigin persónu í aðalhlutverk. Cercas nefnir hana meira að segja í höfuðið á sér og maður virkilega trúir á hann sem persónuna sem birtist í bókinni. En þegar líður á lesturinn fær maður á tilfinninguna að ekki sé allt sem sýnist, enda kom það á daginn þegar Cercas kom hingað á bókmenntahátíð fyrr á árinu. Þá kom til dæmis í ljós að ólíkt sögulegum, sem er nýskilin og lifir hálfömurlegu lífi, er hann hamingjusamlega



Við lesturinn verður einhver sprenging í höfðinu þegar maður veltir því fyrir sér hvað er satt og hvað ekki og að endingu spyr maður: Skiptir það máli

JÓN KARL HELGASON

þeir taka á málum sem brenna á þeim, sem og bregða á leik með eigin persónur sem þeir þó teygja til og toga. „Túristi eftir Stefán Mána fjallar um rithöf- und í samfélagi þar sem fjölmið- ar eru svo mótandi afl að hann þarf alltaf að ganga lengra og lengra til að vekja athygli á sér og verður sífellt skrítnari. Þetta er sjálfshæðin paródía um stöðu þess sem á allt sitt undir skoð- unum almennings og er haldinn sýniáráttu og athyglisþörf. Hann reynir að titla sig sem snilling en þegar á botninn er hvolt er hann ekkert án fjölmiðla og lesenda.“

Mikið af höfundarverki Hall- gríms Helgasonar er leikur að sjálfsmyndum en bókin Rok- land er skrifuð út frá sjónarhóli þess sem er í andstöðu við fjöl- miðlasamfélagið. „Hallgrímur skrifar bók í nafni Böðvars H. Steingrímssonar. Böddi hatar sjónvarp, les ekki blöð og öll ytri einkenni fjöldamenningar sam- tímans eru eitru í hans beinum. En rödd hans fær útrás á blogg- síðu og bókin fjallar öðrum þræði um þessa mótsögn að vera í andspyrnu gegn einhverju en þurfa að taka þátt í því engu að síður. Böddi harnar núverandi ástand og vill spyrna við því en fólk skilur hann ekki því hann er algjörlega á jaðrinum.“

Eins brýnt og það er að höf- undar bregðist við samtímanum getur farið svo að bækur þeirra verði svo bundnar samtíma sínum að þær verði allt að því einnota. Þá er bilið milli hádsádeilunnar og þess sem deilt er á oft á tíðum mjótt. „Ég ætla að ganga helm- ingi lengra næst,“ lofar Kristján- ón Kormákur - eða hótar, allt eftir því hvernig á það er lítið. Í sífelldum tilraunum til að finna nýja leiðir, toppa sjálfan sig og ganga lengra er oft stutt í tilfinn- ingaklámið, sérstaklega þar sem það þykir viðtekið að opna sína innstu afkima fyrir öðrum í þeim tilgangi að búa til skemmtiefni. „Það er vissulega hætt við því að menn fari í slíkan spirál,“ segir Kristján. „En það verða alltaf til höfundar sem bregðast við slíku ástandi og sporna við því.“

Jón Karl bendir á að sá mikli fjöldi fólks um allan heim sem er tilbúinn að ganga nær sinni persónu og setja sig á svið, hvort sem er í raunveruleikabáttum, á bloggsíðum eða bókum, virð- ist benda til þess að margir taki hinu alsjáandi auga stóra bróðurs fagnandi.

„Það er hreinlega hrópað: Stóri bróðir horfðu á mig! Það sá Orwell ekki fyrir.“



Raunsæi hefur verið ráðandi lengi í íslenskri bókmennta- hefð og lesendur litu á bók- menntir eins og fjölmiðil sem miðlar fréttum, viðhorfum og skoðunum rétt eins og aðrir miðlar en setur það í stærra samhengi.

KRISTJÁN BJARKA JÓNASSON

giftur. Við lesturinn verður ein- hver sprenging í höfðinu þegar maður veltir því fyrir sér hvað er satt og hvað ekki og að endingu spyr maður: Skiptir það máli? Það verða til einhver aukaáhrif og jafnvel þótt um „skáldverk“ sé að ræða spyr lesandinn sig hvort hann eigi að trúna eða ekki og í því felst ákveðin viðurkenning á því að bilið milli fræða og skáldskap- ar er ekki jafn mikið og við viljað vera láta.“

## Mótsögnin í andspyrnunni

Kristjáni Bjarka eru bækur Hallgríms Helgasonar og Stef- áns Mána hugleiknar þar sem

**Við opnum þér heiminn í sumar á lægsta verðinu frá kr. 6.890**

## Düsseldorf

Frá kr. 6.890

Flugsæti aðra leið með sköttum (Düsseldorf- Keflavík). Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

## Alicante

Frá kr. 7.990

Flugsæti aðra leið með sköttum (Keflavík- Alicante). Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

## München

Frá kr. 7.110

Flugsæti aðra leið með sköttum (München- Keflavík). Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

## Barcelona

Frá kr. 9.900

Flugsæti aðra leið með sköttum (Barcelona- Keflavík). Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

## Bologna

Frá kr. 9.900

Flugsæti aðra leið með sköttum (Bologna- Keflavík). Takmarkað sætaframboð á þessu verði.

**Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið! [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)**



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 461 1099 • [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

[www.icelandair.is/florida](http://www.icelandair.is/florida)

## Nýtt ár bíður eftir ykkur í Florida



### ÆVINTÝRI, LYSTISEMDIR OG UNÆÐUR

Frá janúar til mars er sólskinsríkið Florida sérsniðin paradís fyrir þá sem vilja fá sumarið strax, njóta lífsins, láta sólina verma sig á frábærum baðströndum og iða af fjöri með allri fjölskyldunni í æðislegustu skemmtigörðum heims. Í boði eru að auki stór vöruhús og verslanamiðstöðvar, náttúruperlur, söfn, listir, menning og ekta amerísk afþreying.

Við bjóðum úrvalsgististaði í Orlando, Ft. Lauderdale, St. Peterburg Beach, South Beach, Daytona Beach, Bradenton, Sarasota, Miami Beach og víðar.

Þeim sem vilja ferðast um Florida á eigin vegum bjóðum við svo flug og bílaleigubíl á afar hagstæðum kjörum.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Icelandair tekur við ferðaávisun MasterCard og orlofsávisunum VR í pakkaferðir.



### Orlando – Flug og gisting í viku 1. janúar - 31. mars

**Verð frá 60.803 kr. á mann**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn á Best Western Plaza.

Verð frá 72.840 kr. m.v. 2 fullorðna.

Innifalið: Flug, gisting í 7 nætur, flugvallarskattur og þjónustugjald.

### Orlando – Flug og bíll í viku 1. janúar - 31. mars

**Verð frá 59.428 kr. á mann**


m.v. 2 fullorðna og 2 börn.

Verð frá 70.090 kr. m.v. 2 fullorðna.

Innifalið: Flug, bíll í 7 daga í A flokki, flugvallarskattur og þjónustugjöld.







# FLÍSA- OG PARKETDAGAR



## VERÐDÆMI:

### Eik Family.

Parket með viðarlæsingu,  
kr. 2790 m<sup>2</sup>

Gólfflísar 30x30 cm.  
kr. 1106 m<sup>2</sup>

Veggflísar 20x25 cm.  
kr. 924 m<sup>2</sup>



Glæsilegt úrval af flísum og parketi á góðu verði

**Egill  
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)

# digital ísland

FRÁBÆR DAGSKRÁ - FULLKOMIN TÆKNI



# TIL HAMINGJU



**Við verðum á Akureyri 18. nóvember  
8 íslenskar sjónvarpsstöðvar í stafrænum hágæðum**

**Afgreiðslustaðir Digital Íslands**

- Árvirkinn, Eyrarvegi 32, Selfossi
- Og Vodafone, Gleráreyrum 1, Akureyri
- Radiónaust, Furuvöllum 5, Akureyri
- Rafeindatækni, Tjarnargötu 7, Keflavík
- Rás, Selvogsbraut 4, Þorlákshöfn
- Tölvuþjónustan, Esjubraut 49, Akranesi
- T.G. Raf, Hafnargötu 20, Grindavík
- Verslanir Og Vodafone á stórhöfuðborgarsvæðinu
- Verslanir Skífunnar á stórhöfuðborgarsvæðinu

# SUÐURLAND!

**Miklu meira val – 64 sjónvarpsstöðvar**

GOTT FÓLK MCGANN

**Kynntu þér þessa frábæru nýjung og byrjaðu strax að horfa í betri gæðum**

**Stundin er runnin upp – við færum ykkur Digital Ísland**

Digital Ísland heldur áfram að stækka. Stafrænar útsendingar Stöðvar 2, Sýnar, Sirkus og NFS ásamt 52 erlendum sjónvarpsstöðvum ná nú til um 80% heimila landsins. Það eina sem þarf er nýr stafrænn myndlykill og örbylgjuloftnet.

**Fleiri landsmenn njóta stafrænna útsendinga Digital Íslands**

Nú þegar hafa bæst við dreifikerfi fyrir Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn og á næstu vikum verður áhorfssvæðið á Suðurlandi stækkað enn frekar. Þann 18. nóvember bjóðum við Akureyringa velkomna í hópinn og geta þeir þá notið þeirrar hágæða tækni sem Digital Ísland stendur fyrir.

M12 áskrifendur fá myndlykilinn án endurgjalds og ganga fyrir.



# „Hvar hefur þú verið allt mitt líf?“

Mótframlagið þitt

PlayStation 2

**BUZZ!**

12. hverjinn vinnur!



MOBILE

Sendu SMS skeytið **BTC SBF** á númerið 1900 og þú gætir unnið.

Geggjafin vinningar! PlayStation2 tölva  
 • SingStar sett  
 • BUZZ sett  
 • SingStar 80's  
 Kippu af Coca Cola og margt fleira

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



MUGISON Blaðamaður Los Angeles Times furðar sig á því að Mugison fái jafn mikinn tíma og Björk í heimildarmyndinni Gargandi snilld. Það sé þó frekar kostur en löstur.

## VERÐLAUNAKROSSGÁTAN NR. 30

	1	2	3	4		5	6	7	8	8	9	4	10	
11		12		9		7		8		13		14		5
15	8	7	16	17		18	16	9	19	5	14	2	17	20
6		19		20	19	8		6		20		21		4
6	20	17	20			9	6	6	20		4	20	1	20
	L	A	Ð	A										
22		3		1	23	19	20		1		15			
1	7	10	3	6			3		24	21	19	7	8	20
8		3		2	1	20	4	4	3	19		12		4
3	19	19	9	17	9		3			25	10	19	3	4
			17		4		4	15	9	17		2		20
26	22	1	20		4	20	10	20			1	27	20	21
20		13		20		19		12	7	9		1		24
26	20	19	17	10	13	11	11	24		1	25	8	3	11
20		15		20		3		1		11		3		9
	8	6	13	19	18	19	17	9		9	17	19	20	

A Á B Þ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Þ Æ Ö

**allt** brúðkaup  
 Alla miðvikudaga



### SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Sálina hans Jóns míns?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið 1900.

Ef lausnarorðið er þáfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND PAFINN** í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna! Þú gætir unnið nýja diskinn með Sálinni hans Jóns míns, Undir þínum áhrifum!

Hvað heitir gítarleikari Sálarinnar?

- a) Guðmundur Hansson s) Guðmundur Jensonn g) Guðmundur Jónsson

Hvað heitir síðasta plata Sálarinnar (þegar hún fékk Sínfóníuhljómveitina til liðs við sig)?

- u) Vatnið k) Loftið e) Jörðin

Hvar voru útgáfutónleikar Sálarinnar haldnir á laugardaginn var?

- k) Í París m) Í Kaupmannahöfn o) Í London

Hvaða blásturshjóðfæraleikarar aðstoða Sálina á plötunni og útgáfutónleikunum?

- m) Kjartan og Samúel úr Jagúar. í) Kristján og Samúel úr Jagúar. r) Kristjón og Samúel úr Jagúar.

Hvaða ár var Sálín stofnuð?

- j) 1990 p) 1997 i) 1988

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa í númeraða reiti. Í dag er L til dæmis í reit merktum 6 og fer þá L í alla aðra reiti með því númeri. A er í reit númer 20 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 20 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn\*

### Lausnarorð

5 15 19 17 3 19

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti á númerið 1900. Dæmi um hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númer 1900.

\*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12. SMS-skeytið kostar 99 krónur

**ÁSKRIFT Í 3 MÁNUÐI!**  
 TONLIST.IS  
 Leystu krossgátuna! Þú gætir unnið þriggja mánaðar áskrift að Tónlist.is, stærsta tónlistarsafni Íslands!

SMS skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 28

K	A	R	L	S	A	M	H	E	N	G	I		
V	I	D	E	O	A	U	K	N	I	N	G	A	R
E	S	S	U	Ð	K	K	N	Ú					
N	Y	T	A	U	T	A	N	O	T	U	R		
F	Æ	M	Y	R	I	A	F						
Ó	Æ	Ð	R	I	L	F	L	G	J	A			
L	U	A	T	V	I	E	I	N	D	E	Ð		
K	A	R	A	T	E	F	D	Y	R	K	A		
		F	R	N	O	T	A	B	L				
T	A	F	L	K	L	I	P	D	R	O	G		
Ú	A	Ó	J	N	Ý	S	E	A					
S	E	G	L	S	K	Ú	T	A	K	E	Y	P	T
S	U	O	F	S	Ö	T	A						
G	R	E	N	N	A	S	T	P	L	A	N		





Reykjavík 9.27 13.11 16.55  
Akureyri 9.23 12.56 16.28

# allt

atvinna a.fl.

Sigurður Margeir Magnússon  
er grófumaður

bls. 8

atvinna a.fl.

Hvernig verður maður  
tamingamaður

bls. 6

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚDKAUP TILBOÐ O.FL

## Góðan dag!

Í dag er í dag er sunnudagur 6.  
nóvember, 310. dagur ársins 2005.

### TÖRF Í BOÐI

Sjúkraliðar  
Öryggisverðir  
Kennarar  
Verkefnastjóri  
Sölustjóri  
Ráðgjafi  
Smíðir  
Lögfræðingar  
Verslunarstjóri  
Bílvélavirki  
Þjónar  
Lyfjafræðingur  
Afgreiðslufólk  
Framkvæmdastjóri  
Aðstoðar rekstrarstjóri  
Vaktstjóri  
Bókunarstjóri  
Veitingastjóri  
Innkaupafulltrúi  
Fræðslustjóri  
Iðjupjálfi

SMÁAUGLÝSINGAR  
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ  
SMÁAUGLÝSINGAR  
Á [visir.is](http://visir.is)

visir



Jón Erlendsson á æfingu hjá Landhelgisgæslunni og slökkviliðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Góð tilfinning að bjarga mannlífum

Jón Erlendsson hefur starfað hjá Landhelgisgæslu Íslands í átta ár. Hann segir að íslenskir sjómenn séu sennilega betur undirbúnir þegar slys berir að höndum en sjómenn annars staðar í heiminum.

Jón er menntaður flugvirki en vinnur bæði sem flugvirki og spilmaður hjá Landhelgisgæslunni. „Ég er yfirsplmaður núna þar sem ég er með hæsta starfsaldurinn en spilmaður stjórnar spilinu sem er utan á þyrlunni. Það er vír sem fer upp og niður og hífir upp fólk og vörur og sigmennina okkar," segir hann. Jón segir að spilmennirnir séu fjórir hjá Landhelgisgæslunni og þeir séu á vöktum í eina viku í mánuði hver og fylgi þá þyrlunni í öll útköll. „Hinar þrjár vikurnar í mánuðinum vinn ég sem flugvirki og geri við flugvélar og þyrlur hjá Landhelgisgæslunni." Jón segir að honum finnst flugvirkjastarfið mjög skemmtilegt

og svo auki það líka fjölbreytnina að vera í útköllum á þyrlunni sem spilmaður og fara í útköll og annað.

Jón segir að það sé misjafnt eftir árstíðum hversu tíð útköll sé en Landhelgisgæslan fari á æfingar í hverri viku. „Við förum á æfingar með björgunarsveitum, lögreglunni, slökkviliðinu og sjómönnum. Við tökum þátt í námskeiði sem Slysavarnarskóli sjómanna er með fyrir sjómenn og þeir fá að kynna þvi hvernig er að láta hafa sig um borð í þyrlu. Íslenskir sjómenn eru örugglega einna best þjálfaðir í heiminum og ef eitthvað kemur upp á og þeir þurfa að fara um borð í þyrlu vita þeir alveg hvað þeir eiga að gera."

Jón segir að á þeim árum sem hann hafi verið hjá Landhelgisgæslunni hafi hann farið í fjölda útkalla þar sem mannlífum hafi verið bjargað. „Það er góð tilfinning að taka þátt í ferðum sem skila árangri og sjá fólk sem hefur verið í háska komast í faðm ættingja sem hafa beðið eftir því."

emilia@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]



irtækisins. Verð á hlutabréfum fyrirtækisins hækkaði um rúm þrjú prósent í kjölfar fréttarinnar. Atvinnuleysi í Þýskalandi minnkaði nýlega um 0,2 af hundraði og er nú ellefu prósent.

Samningur hefur verið gerður um sameiningu Verslunarmannafélags Reykjavíkur og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja. Í honum er gert ráð fyrir viðamiklu samstarfi félaganna og sameiningu eftir tveggja ára reynslutíma. Samningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum á félagsfundum Verslunarmannafélags Vestmannaeyja þann 1. nóvember 2005.

30.000 starfsmönnum Deutsche Telekom verður sagt upp á næstu árum. Ástæðurnar eru sagðar sparnaður vegna vaxandi samkeppni en fyrirtækið var áður með einokunarstöðu á þýska síma-markaðnum. Þó er fyrirhugað að búa til 6.000 ný störf á sama tíma svo stöðugildum fækka í það heila um 24.000 sem eru um tíu prósent starfsmanna fyr-

Barnaþrækkun er útbreitt vandamál í Bólivíu samkvæmt nýrri úttekt Alþjóðasambands frjálsra verkalyðsfélaga á ástandi þar í landi. Talið er að um 800 þúsund börn séu í vinnu, flest í landbúnaði og byggingariðnaði. Jafnframt er talið að um 120 þúsund börn vinni við lífshættulegar aðstæður í námaíðnaði. Þá er barnavæandi útbreitt. Í Bólivíu eru réttindi verkafólks og annarra launþega lítil sem engin. Til dæmis er þeim bannað að bindast samtökum á borð við stéttarfélag.



## Arcadia Ísland óskar eftir að ráða innkaupafulltrúa til starfa.

**Starfssvið:** Umsjón með vörufylgju í verslanir okkar, samskipti við erlenda birgja og umsjón með rekstri deilda okkar í Hagkaupum. Um framtíðarstarf er að ræða.



TOPSHOP



TOPMAN

### Hæfniskröfur:

- \*Reynsla af innkaupum og verslunarrekstri
- \*Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- \*Frumkvæði og metnaður
- \*Hæfni í mannlegum samskiptum
- \*Mjög góð ensku- og tölvukunnátta
- \*Brennandi áhugi á tísku

Umsóknir sendist til Hildar Björgvinsdóttur, starfsmannastjóra, í netfangið [hildurb@hagar.is](mailto:hildurb@hagar.is)

Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 14. nóvember nk.



DOROTHY PERKINS



Evans



Hrafnista

## FSæðslustjóri

Laus er til umsóknar staða fræðslustjóra við Hrafnistuheimilin.

Hrafnista óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í stöðu fræðslustjóra frá 1. desember 2005. Hrafnistuheimilin samanstanda af dvalar- og hjúkrunarheimilunum Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði og hjúkrunarheimilunum Víðnesi og Víðisstöðum

### Helstu verkefni:

- Umsjón og skipulag fræðslu starfsfólks
- Samskipti og tengsl við menntastofnanir
- Umsjón með RAI-mati
- Vinna við gæðamáli

### Hæfniskröfur:

- Próf í hjúkrunarfræði og æskilegt að viðkomandi hafi viðbótarmenntun
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Þyri Þorvarðardóttir, hjúkrunarforstjóri, sími 585 9400, netfang: [thyri@hrafnista.is](mailto:thyri@hrafnista.is). Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar hjúkrunarforstjóra fyrir 18. nóvember nk.



## Jákvæð fyrirmynd

Valgeir Örn Ragnarsson, starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar Nagyn í Grafarvogi, segir það einkar gefandi starf að vinna með unglíngum í frístundum þeirra.

Valgeir hóf fyrst störf hjá félagsmiðstöð í ársbyrjun árið 2004. Þá byrjaði hann hjá félagsmiðstöðinni Frígn í Víkurskóla. Þar var hann yfir veturinn en þaðan flutti hann sig yfir í Nagyn í Húsaskóla. Þessar félagsmiðstöðvareruundir Gufunesbæ sem sér um allt tómtundastarf í Grafarvogi og þar hefur Valgeir einnig unnið í margvíslegum störfum tengdum tómtundastarfi.



Valgeir Örn segist ekki starfa í félagsmiðstöð peninganna vegna.

Valgeir segir að þetta sé þó ekki fullt starf hjá honum, hann vinni þegar svokölluð opin hús séu hjá félagsmiðstöðinni auk annarra aukaverkefna. „Í félagsmiðstöðinni er dagskrá sem nemendafélagið skipuleggur í samstarfi við okkur starfsmenn og það er allt frá því að vera einfalt opið hús og síðan bara það nákvæmlega sem krakkarnir vilja gera. Þarna fer líka fram ákveðið forvarnastarf. Starfsfólk þarf að vera jákvæð fyrirmynd enda eiga félagsmiðstöðvar að vera jákvæður og heilbrigður staður fyrir krakkana að heimsækja.“ Valgeir segir að það sé einkar gefandi að vinna með unglíngum þar sem þeir séu upp til hópa mjög hressir og skemmtilegir. Valgeir segist vel geta hugsað sér að vinna í þessu eða svipuðu starfi í framtíðinni en bætir við að fæstir þeir sem starfi í slíkum geira geri það peninganna vegna heldur vegna þess hve þeim finnist starfið vera skemmtilegt.

Valgeir segir að það sé erfitt að taka út einhvern einn þátt í starfinu sem sé erfiðari en annar. „Auðvitað geta komið upp óþægileg og erfið mál sem tengjast unglíngunum. Það er samt bara hlutur sem maður tæklar hverju sinni,“ segir Valgeir að lokum.



Tómas Kristjánsson, verkefnisstjóri EuroXperience á Íslandi, segir aðstæður íslenskra fyrirtækja betri en margra annarra til að nýta sér verkefnið.

## Erlendir nemar aðstoða íslensk fyrirtæki við útrás

Fyrirtækjum býðst að ráða til sín háskólanema frá Austur-Evrópu til að öðlast innsýn í nýja markaði í heimalöndum þeirra.

Í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins árið 2004 hafa opnast nýir og spennandi markaðir í Austur-Evrópu. „Vandi fyrirtækja sem hyggja á útrás á þetta svæði er að þau skortir þekkingu á markaðnum, tungumálunum og þeim hefðum sem þar eru. Auk þess skortir þau sambönd,“ segir Tómas Kristjánsson. Hann er verkefnisstjóri EuroXperience á Íslandi en verkefnið snýst um að aðstoða fyrirtæki við að ráða til sín háskólanema frá Austur-Evrópu sem eru langt komnir í námi eða nýútskrifaðir.

„Ráðningartíminn getur verið frá tveimur og upp í átján mánuði. Fyrirtæki geta óskað eftir því að ráða nema með ákveðna sérþekkingu en við erum með ítarlegan gagnagrunn sem auðveldar okkur að finna það fólk sem nýtist fyrirtækjunum best. Þátttaka í verkefnum getur verið fyrsta skrefið í markaðsrannsóknunum í ákveðnu landi og jafnframt stutt við fyrstu skrefin inn á nýjan markað. Einnig getur það hjálpað þeim sem þegar eru komnir austur en vilja bæta skilning á hugsunarhætti, menningu og viðskiptaháttum þar,“ segir Tómas.

Aðstandandi verkefnisins er alþjóðleg samtök háskólanema, Aiesec, en hugmyndin varð til á forsetaráðstefnu samtakanna fyrir tveimur árum. „Austur-Evrópuþjóðirnar vildu gjarnan að samtökin reyndu að mæta þeirri

þörf sem var að skapast fyrir þekkingarbrú á milli hluta Evrópu. Verkefnið var prufukeyrt í fyrri þar sem 28 þjóðir tóku þátt og gekk mjög vel. Það fer svo af stað á fullu í þessari viku.“

Aðspurður um væntanlega þátttakendur á Íslandi segir Tómas ekkert því til fyrirstöðu að þeir verði margir. „Hérlendis eru möguleikarnir miklir. Efnahagsaðstæður hér í bland við þörfina á þekkingu frá Austur-Evrópu skapa kjöraðstæður fyrir þátttöku. Möguleikarnir eru nánast takmarkalausir. Miðað við reynsluna í fyrri verða nemar þó sennilega færri en tilefni er til. Kannski um tíu til tuttugu,“ segir Tómas að lokum.

Hægt er að fá upplýsingar um verkefnið með því að senda tölvupóst á tomas.kristjansson@aiesec.net

## Atvinnuleysi minna

FLEIRI KONUR EN KARLAR ÁN ATVINNU Á 3. ÁRSFJÓRDUNGI.

Á þriðja ársfjórðungi 2005 voru að meðaltali 2.900 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 1,8% vinnuafsisins. Atvinnuleysi mældist 1,2% hjá körlum en 2,4% hjá konum. Atvinnuleysið var mest meðal fólks á aldrinum 16-24 ára, eða 3,5%. Á þriðja ársfjórðungi 2004 mældist atvinnuleysi 2,6%. Atvinnuleysi karla var þá 2,0% en 3,4% hjá konum. Atvinnuleysi var mest meðal fólks á aldrinum 16-24 ára eða 4,9%.

Fjöldi starfandi á þriðja ársfjórðungi 2005 var 164.000 manns og fjölgaði um 6.000 frá sama tíma ári áður.

Fólki á vinnumarkaði fjölgaði um 4.700 manns frá þriðja fjórðungi fyrri árs til jafnlangdar á þessu



ári, mest í aldurshópnum 55-74 ára. Á þriðja ársfjórðungi 2005 var meðalfjöldi vinnustunda 43,8 klst. hjá þeim sem voru við vinnu í viðmiðunarvikunni, 48,6 klst. hjá körlum en 37,4 klst. hjá konum. Á þriðja ársfjórðungi 2004 var fjöldi vinnustunda 43,7 klst., 48,7 klst. hjá körlum en 37,5 klst. hjá konum. (Af vef Hagstofunnar)



Konur sækja hægt og rólega á í stjórnunarstöðum fyrirtækja en eru þó enn aðeins um 20% framkvæmdastjóra og stjórnarformanna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Konur um fimmtungur stjórnenda

Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra hefur aukist um þrjú prósent á fimm árum.

Út er komið hefti í efnisflokknum Fyrirtæki og umsvif þar sem birtar eru upplýsingar um fjölda framkvæmdastjóra, stjórnarformanna og stjórnarmanna eftir kyni, starfsemi fyrirtækja og stærð þeirra.

Þar kemur meðal annars fram að árið 2004 voru konur átján prósent framkvæmdastjóra og 22 prósent stjórnarformanna starfandi fyrirtækja sem skráð eru í hluta-félagaskrá. Hlutfall kvenna miðað við karla er hæst í minnstu fyrirtækjunum og minnkar eftir því sem

fyrirtækin stækka. Hlutfall kvenna er einnig hæst í yngsta aldurshópi framkvæmdastjóra og stjórnarformanna. Konur starfa í ríkari mæli í verslun og þjónustu en karlar.

Hlutfall kvenkyns framkvæmdastjóra jókst úr rúmum fimmtán prósentum árið 1999 í tæp átján prósent árið 2004 og er sú fjölgun aðallega fyrir tilstuðlan nýrra fyrirtækja. Hlutfall kvenkyns stjórnarformanna hefur ekkert breyst frá árinu 1999. Í árslok 2004 sátu 4.000 konur og 12.000 karlar í stjórnnum starfandi fyrirtækja. Stjórnarstöður kvenna voru 4.300 og karla 15.000. (Af vef Hagstofunnar)

## Konur í miklum meirihluta

Karlar eru 24 prósent af félagsmönnum BHM.

Félagsmenn í aðildarfélögum Bandalags háskólamanna eru nú líðlega 8.600 talsins. Þar af eru konur 76 prósent og karlar 24 prósent, nær helmingur tilheyrir heilbrigðisstéttum og fjórðungur á félagsvísindasviði. Þegar kynskiptingin er skoðuð reynast konur allsráðandi í heilbrigðisstéttum, en kynjahlutfallið mun jafnara í öðrum félögum. Náttúruvísindamenn eru þeir einu þar sem karlar eru í ákveðnum meirihluta, en hjá viðskipta- og hagfræðingum eru þeir í naumum meirihluta.

Karlar í aðildarfélögum BHM eru um 2.100 talsins, eða rétt um 24 prósent félagsmanna, konur hins vegar 6.500 eða 76 prósent. Ef skoðað er hvaða svið menntunar félögin falla að meginhluta undir kemur í ljós að nær helmingur tilheyrir heilbrigðisstéttum, tæplega fjórðungur félagsvísindagreinum, um tíu prósent eru náttúruvísindafólk, sex prósent viðskipta- og hagfræðimenntuð og rétt um eitt prósent listmenntað.

Kynskiptingin er mjög misjöfn milli félaga. Konur eru allsráðandi í heilbrigðisstéttafélögum og hafa afgerandi meirihluta í félagsvísindum. Önnur félög eru mun jafnari að kynskiptingu.



Starfsfólk í heilbrigðisstéttum telur nær helming félagsmanna Bandalags háskólamanna. Konur eru þar allsráðandi.



### Persónuvernd

Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík  
postur@personuvernd.is, www.personuvernd.is  
Sími: 510-9600, fax: 510-9606

## Persónuvernd óskar eftir að ráða tvo lögfræðinga, einn í 100% starf og annan í 50% starf.

Persónuvernd er ríkisstofnun, sem starfar í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Þau hafa það markmið að stuðla að því að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við grundvallarsjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Hlutverk stofnunarinnar er að hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Um er að ræða krefjandi starf við samningu úrskurða, álitgerða, skýrslna, setu á fundum innanlands og utan og ýmis verkefni á sviði innlends og erlends persónuverndarréttar. Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli er nauðsynleg og það að viðkomandi hafi hæfileika til að tjá sig munnlega og í rituðu máli.

Til greina kemur að ráða í hlutastarf einn laganema sem er á 4. eða 5. ári. Æskilegt er að hann hafi lokið eða hyggist ljúka námskeiði í persónurétti.

Umsóknarfrestur er til 21. nóvember 2005.

Umsóknir skulu berast á skrifstofu Persónuverndar – c/o Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri. Hún veitir jafnframt frekari upplýsingar og svarar fyrirspurnum í síma 510-9600.



## Lyfjafraeðingur óskast til starfa

Lyfjastofnun óskar eftir að ráða lyfjafraeðing til starfa sem fyrst. Góð þekking og reynsla af lyfjamálum æskileg.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í lyfjafraeði
- Góð íslenskukunnátta
- Tölvukunnátta
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð enskukunnátta nauðsynleg og annað/önnur Evrópumál æskileg

### Í boði er fjölbreytt og krefjandi starf.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Lyfjafraeðingafélags Íslands. Upplýsingar um starfið gefa sviðsstjórn Lyfjastofnunar, sími 520 2100.

Umsókn um starfið óskast send, ásamt upplýsingum um fyrri störf og meðmælum til Lyfjastofnunar merkt: Starfsumsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember 2005. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

### Helstu verkefni Lyfjastofnunar eru:

- Veiting markaðsleyfa fyrir lyf ásamt umfjöllun og afgreiðslu á breytingum á forsendum markaðs-0 leyfa.
- Lyfjaeftirlit
- Lyfjagát
- Klínískar lyfjarannsóknir

Sjá nánar á heimasíðu Lyfjastofnunar [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is)

## Ráðgjafi Fjarðabyggð

IMG Mannafli - Liðsauki óskar eftir að ráða ráðgjafa í fjölbreytt og krefjandi starf á nýja skrifstofu fyrirtækisins sem staðsett verður á Eskifirði.

Viðkomandi mun taka þátt í uppbyggingu og mótun skrifstofunnar og sjá um daglegan rekstur hennar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. desember nk.

Við leitum að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á fólki, er jákvæður og hefur framúrskarandi þjónustulund.

### Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð með ráðningum
- Tengsl og ráðgjöf til viðskiptavina
- Viðtöl, upplýsingaöflun og mat á einstaklingum
- Fyrirlögn prófa
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af skrifstofustörfum skilyrði
- Háskólamenntun kostur
- Frumkvæði, jákvæðni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð

### Velgengi hópsins ræðst af frumkvæði einstaklingsins



Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir ([helga@img.is](mailto:helga@img.is)) og Sigurlaug Þorsteinsdóttir ([sigurlaug@img.is](mailto:sigurlaug@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 13. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
[www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)

## Störf í boði!



### Verkstjóri í matsal 546874

Starfið felur í sér að skipuleggja, stjórna og aðstoða starfsmenn í matsal LSH við Hringbraut. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 07:00-15:00. Leitað er að einstaklingi sem hefur skipulagshæfileika, er ábyrgur, heiðarlegur og góður í mannlegum samskiptum. Reynsla af stjórnun er kostur en þó ekki skilyrði.



### Matreiðslumaður 538204

Starfið felur í sér matargerð, matarskömmun og útsendingu á máltíðum, undirbúning, frágang og þrif. Um vaktavinnu er að ræða og er unnið aðra hvora helgi og fjóra virka daga í viku. Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af matargerð, er góður í mannlegum samskiptum, heiðarlegur og ábyrgur.



### Matartæknir 538739

Starfið felur í sér matargerð, matarskömmun og útsendingu á máltíðum, sérfæði og/eða almennu fæði, undirbúning, frágang og þrif. Um vaktavinnu er að ræða og allt að 100% starf. Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af matargerð, er góður í mannlegum samskiptum, heiðarlegur og ábyrgur.



### Starfsmaður í matsal 538388

Starfið felur í sér matarskömmun á skömmunarlínu, áfyllingu á salatbar, uppþvott, undirbúning, frágang og þrif. Um dagvinnu/vaktavinnu er að ræða. Leitað er að einstaklingi sem er þjónustulundaður, heiðarlegur og ábyrgur.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



## ➔ STARFSFÓLK ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis. ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnar-gerð, vega- og brúagerð auk flug-valla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitar-félög, fyrirtæki og einstaklinga.

### ➔ Trésmiðir

Vegna aukinna verkefna óskar ÍSTAK eftir að ráða trésmiði til starfa. Um er að ræða framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja starfsreynslu. Möguleiki er á húsnæði fyrir utanbæjarfólk.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar [www.istak.is](http://www.istak.is).

# ÍSTAK

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS



## Gæða- og öryggisstjóri

Í boði er áhugavert og spennandi starf sem er í mótun á þróunarsviði TR.

### Starfssvið:

- Tekur þátt í stefnumótun í upplýsingaöryggis- og gæðamálum
- Hefur umsjón með vinnslu og öryggi upplýsinga hjá TR
- Stýrir innleiðingu á stjórnkerfi upplýsingaöryggis skv. staðlinum ÍST BS 7799. Í því felst m.a. skipulagning handbókar, gerð verklagsreglna, áhættu mats og áætlana um rekstrarsamfellu í samvinnu við svið stofnunarinnar.
- Hefur umsjón með rekstri öryggisstjórnkerfisins, eftirliti og innri úttektum
- Er verkefnisstjóri gæðamála og vinnur að þróun gæðahandbóka
- Verkefnastjórnun, greining, vinnsla og frágangur gagna er einnig á starfssviði öryggis- og gæða stjóra.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu, verkfræði, hagfræði, tölfræði eða sambærilegt
- Þekking á upplýsingaöryggismálum, gæða- og öryggisstöðlum er æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Lilly Baldursdóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs, sími 560 4400. Senda má upplýsingar rafrænt eða í pósti til starfsmannafjónustu Tryggingastofnunar, Laugavegi 114, 150 Reykjavík, tölvupóstfang [gudjonsk@tr.is](mailto:gudjonsk@tr.is).

Umsóknarfrestur er til 21. nóvember 2005. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Stefna Tryggingastofnunar er að vera öflug og traust stofnun, ákvarða og greiða réttar tryggingabætur, veita gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf til viðskiptavina og annast eftirlit með málefnum sem TR eru falin samkvæmt lögum á faglegan, öruggan og hagkvæman hátt.*

## Fjölbreytt störf í boði Slástu í för með okkur og vertu hluti af öflugri heild



### Við leitum að fólki í fastar stöður við ræstingar

#### Flokkstjóri á svæði 101 - vinnuhlutfall 100%

Starf flokkstjóra felst m.a. í:

\*umsjón, undirbúningi og stjórnun á verkstað

\*ræsting á verkstað

\*samskiptum við verkkaupa

\*kennslu og þjálfun starfsmanna

Í þessu starfi er áhersla er lögð á lipurð í samskiptum, nákvæmni og þjónustuvilja.

**Dagvinna** í verslunarmiðstöð á svæði 103 þar sem vinnutími er fjóra daga 08:00 - 19:00, einn dag 08:00 - 18:00, einn dag 08:00 - 21:30 og einn dag 08:00 - 20:00. **Vinnuhlutfall er 91,25%** og unnið er í viku og frí í viku.

#### Sérverkefni - vinnuhlutfall 100%.

Við leitum að starfsfólki til að vinna við sérverkefni. Sérverkefni eru umfangsmeiri þríf en dagleg ræsting. Um er að ræða t.d. bónleysingu, bónun, hreingerningar o.s.fr. Við leitum eftir fólki sem líkar vel við hópvinna og getur unnið breytilegan vinnutíma.

#### Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 25 - 100%.

Dag- og/eða kvöldvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Einnig vantar helgarafleysingar. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

Starf afleysingar er fjölbreytt og góð laun í boði.

#### Morgunvinna á svæði 103 og 200- vinnuhlutfall 50%.

Starf við ræstingar á hjúkrunarheimili þar sem vinnutími er frá klukkan 09:00 - 14:00.

#### Helgarvinna/Dagvinna á svæði 101 og 103 - vinnuhlutfall 10 - 12,50%

Starf við ræstingar eða ræstingar og bítubúsvinna sem unnið er aðra hverja helgi frá klukkan 08:00.

#### Seinniparts - og kvöldvinna - vinnuhlutfall frá 25%.

Í boði eru nokkur störf sem unnin eru seinnpart dags eða á kvöldin, 2 - 5 daga vikunnar. Þetta eru störf sem henta vel skólafólki eða þeim sem vantar að auka tekjurnar í skemmri eða lengri tíma.



Upplýsingar um störf veitir Ólöf, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu [www.iss.is](http://www.iss.is). Sími 5 800 600. Netfang: [olof@iss.is](mailto:olof@iss.is).

ISS Ísland er leiðandi fyrirtæki á sviði fasteignaumsjónar. ISS býður upp á þjónustu á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði, hreingerninga og fleira. Hjá ISS starfa yfir 650 manns á aldrinum 16 - 80 ára.



ÁLFTANES

## ÚTBOÐ

### ÍPRÓTTAHÚS, STÆKKUN

Sveitafélagið Álftanes óskar eftir tilboðum í stækkun íþróttahússins við Breiðumýri á Álftanesi.

#### Helstu stærðir eru:

Grunnflötur íþróttasalar	790 m <sup>2</sup>
Grunnflötur anddyris	21 m <sup>2</sup>

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Ráðgjafar ehf. Borgartúni 20, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 8. nóvember 2005. Gjald fyrir útboðsgögn er 5.000,- kr. Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudeginum 29. nóvember 2005 kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**VSÓ RÁÐGJÖF**



Hrafnista

## Fræðslustjóri

Laus er til umsóknar staða fræðslustjóra við Hrafnistuheimilin.

Hrafnista óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing í stöðu fræðslustjóra frá 1. desember 2005. Hrafnistuheimilin samanstanda af dvalar- og hjúkrunarheimilunum Hrafnistu í Reykjavík og Hafnarfirði og hjúkrunarheimilunum Víðinesí og Vífilstöðum

### Helstu verkefni:

- Umsjón og skipulag fræðslu starfsfólks
- Samskipti og tengsl við menntastofnanir
- Umsjón með RAI-mati
- Vinna við gæðamál

### Hæfniskröfur:

- Próf í hjúkrunarfræði og æskilegt að viðkomandi hafi viðbótarmenntun
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Dagbjört Þyri Þorvarðardóttir, hjúkrunarforstjóri, sími 585 9400, netfang: [thyri@hrafnista.is](mailto:thyri@hrafnista.is). Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar hjúkrunarforstjóra fyrir 18. nóvember nk.

## Framkvæmdastjóri

Gripið og Greitt óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa sem fyrst.

### Starfssvið:

- Daglegur rekstur
- Samantekt rekstrarupplýsinga og skýrslugerð
- Gerð sölu- og markaðsáætlana og stjórn söluherferða
- Greining viðskiptavina
- Þátttaka í stefnumótun og vinna að innri ferlum
- Samskipti við birgja og viðskiptavini

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tækni-, markaðs-, eða viðskiptafræða kostur
- Árangursrík stjórnunarreynsla
- Reynsla af smásölu, sölu og markaðsmálum nauðsynleg
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar

**Gripið & greitt**

Gripið og Greitt hefur verið sjálfstætt starfandi aðili á matvælamarkaðinum undanfarin 16 ár. Aðalviðskiptavinir Gripið og greitt eru fyrirtæki, verslanir, mótuneyti og starfsmannafélög. Nýverið hafa verið gerðar miklar breytingar á innviðum og skipulagi félagsins og verslunin opnuð fyrir einstaklinga. Sá viðskiptavinahópur fer mjög vaxandi.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur@img.is](mailto:audur@img.is)) og Guðlaugur Arnarsson ([guðlaugur@img.is](mailto:guðlaugur@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 12. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Borgartúni 27  
105 Reykjavík  
Sími 540 7100  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is)

Skipagötu 16  
600 Akureyri  
Sími 461 4440  
[www.mannafli.is](http://www.mannafli.is)



## Framleiðslustörf hjá Fjarðaáli

Á næsta ári mun Alcoa Fjarðaál ráða um fjögur hundruð manns til fjölbreyttra starfa í álveri fyrirtækisins í Fjarðabyggð. Fyrirtækið leggur áherslu á umhverfis-, öryggis- og heilsumál, verkferla, hópavinnu, umboð til athafna, stöðugar endurbætur og síaukna hæfni og ábyrgð starfsmanna.

Alcoa Fjarðaál er nýtt hátækni framleiðslufyrirtæki þar sem öll störf henta báðum kynjum, sem og fólki á öllum aldri.

IMG  
MANNAFL  
LIÐSAUKI

Frekari upplýsingar má fá á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og hjá Helgu Jónsdóttur ([helga@img.is](mailto:helga@img.is)) og Sigurlaugu Þorsteinsdóttur ([sigurlaug@img.is](mailto:sigurlaug@img.is)) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka, [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) og láta starfsferilskrá fylgja með.

Nú leitum við að **premur öflugum einstaklingum í framleiðslustörf**, fólki sem er með góða almenna menntun (stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg en ekki skilyrði), mikla hæfni í mannlegum samskiptum og áhuga á þátttöku í hópstarfi. Fólki sem er árangursdrifið og tilbúið að takast á við ný, fjölbreytt og krefjandi verkefni. Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum eru mikilvægir eiginleikar. Fimm ára þátttaka á vinnu- markaði er lágmarksskilyrði sem og almenn tölvukunnátta. Íslensku- og enskukunnátta, bæði í rit- og talmáli, er nauðsynleg.

**Fram að því að framleiðsla áls hefst, í apríl 2007**, felast störf in í gæðaeftirliti með smíði bakskauta á vegum Bechtel. Unnið er á tólf tíma dagvöktum mánudaga til laugardaga á meðan á þessu stendur. Jafnframt taka viðkomandi þátt í öðrum undirbúningi að starfsemi álversins.

Fyrri hluta næsta árs verða auglýst fjölmörg framleiðslu- og iðnaðarstörf hjá Alcoa Fjarðaáli.

**Pegar framleiðsla áls hefst** felast störf in m.a. í stýringu framleiðslutækja, framleiðslukerfa og farartækja. Verkin eru fjölbreytt, unnið er í teymum og á mismunandi vinnustöðvum. Einnig munu starfsmenn koma að öðrum þáttum starfseminnar fyrir hönd síns teymis og eftir áhugasviði hvers og eins, sem og taka þátt í tímabundnum vinnuhópum um afmörkuð málefni. Unnið verður á vöktum allan sólarhringinn eftir að álframleiðsla hefst.

Mikið er lagt upp úr þjálfun starfsmanna fyrirtækisins og munu þessir starfsmenn fá sérstaka þjálfun erlendis til að takast á við gæðaeftirlitsstörf, og síðan umfangsmikla þjálfun í framleiðslustörfum.

**Viðkomandi þurfa að geta hafið störf eigi síðar en 1. febrúar 2006. Vinnustaður er á Reyðarfirði.**

Búðareyri 3  
730 Reyðarfjörður  
Sími 470 7700  
[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

Alcoa Fjarðaál



Vantar þig starfsfólk...



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN

[www.radning.is](http://www.radning.is)

Háaleitisbraut 58 - 60 • Sími: 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

# Hvernig verður maður tamningamaður

## Starfið

Tamningamenn sinna fjölbreyttum störfum tengdum hestum og hestamennsku svo sem tamningu, þjálfun og reiðkennslu. Annað sem nefna mátti er störf í atvinnurekstri tengdum hestamennsku og hrossarækt, til dæmis hestaleigur, hestaferðir og tamningastöðvar.

## Námið

Námið sem er sérhæft diplómanám er bæði bóklegt og verklegt og tekur tvö ár. Fyrri árið er 45 eininga hagnýtt starfsnám sem lýkur með prófgráðunni hestafræðingur og leiðbeinandi. Á því ári er áhersla lögð á grunnfög búfræðinnar á sviði jarðræktar, búfjárræktar og bústjórnar. Einnig er hagnýtt þekking veitt á sviði hrossaræktar og hestamennsku.

Síðara árið er sérhæft diplómanám og að því loknu fæst prófgráðan tamningamaður. Á því ári er ítarlegri þekking veitt á fræðilegri þekkingu, verklegri færni og sjálfstæðum vinnubrögðum ásamt kunnáttu á sviði reksturs.

## Námsgreinar

Á fyrri ári er meðal annars kennd reiðmennska, kennslufræði og reiðkennsla, erfðir og kynbætur hrossa, bóklegt og verklegt nám í fóðrun og hirðingu, hófhirða og járnningar, atferlis- og tamningafræði, fóðurfræði, heilsufræði hrossa, líffæra- og lífeðlisfræði, hesthúsaðstaða og umhverfi, saga hestsins, tölvufræði og rekstrarhagfræði.

Á síðara ári er kennd reiðmennska og þjálfun,



þjálfunarfræði, frumtamningar, járnningar og fyrirtækjarekstur, þjálfunarfræði og fyrirtækjarekstur.

## Inntökuskilyrði

Krafist er 65 eininga úr framhaldsskóla til að komast í Hólaskóla og þarf viðkomandi að vera orðinn 18 ára. Ef aðurnefnd-

um skilyrðum er ekki fullnægt er skólayfirvöldum heimilt að veita undanþágu með tilliti til aldurs og reynslu af hestamennsku.

Umsækjendur þurfa að þreyta inntökupróf í reiðmennsku og standast það

lágmarkskröfur til að fá inngöngu í skólann.

## Að námi loknu

Möguleiki er á 15 eininga diplómanámi til þjálfara og reiðkennara. Þá er hægt að stunda nám til BSc gráðu við Landbúnaðarháskólann að Hvanneyri.



Sigurbjörn Bárðarson er tamningameistari.

FERSKAR  KJÖTVÖRUR

## Bílstjóri

Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða bílstjóra til útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu.

Umsóknarfrestur er til 12.nóv n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess [www.ferskar.is](http://www.ferskar.is).

## Atvinna Samkaup strax – Kópavogi

Við leitum að vinnusömum einstaklingum á besta aldri til að starfa í rótgróinni hverfaverslun í **Hófgerði 30 Kópavogi**.

1. Hlutastarf frá kl. 13:00 – 18:00 virka daga - í boði eru líka helgarvaktir, aðra hverja helgi - almenn verslunarstörf.
2. Kvöldvakt frá kl. 18:00 – 22:00 – almenn afgreiðslustörf
3. Helgarvakt frá kl. 9:00 – 16:00 eða 16:00 – 22:00 – almenn afgreiðslustörf.

Nánari upplýsingar veitir Eygló verslunarstjóri í síma 564-1444 og á staðnum. Umsóknum skal skila hjá henni eða á [Samkaup.is](http://Samkaup.is).

Gríptu í gott

**Samkaup** strax

# Hrafnistuheimilin Lausar stöður

Dvalarheimili Hrafnistu hafa sett sér það meginmarkmið að vera ávallt í fararbroddi í þjónustu og umönnun við aldraða. Fólk og velferð þess eru í fyrirrúmi og fagleg vinnubrögð ásamt hlýlegu viðmóti og umhyggju eru grundvallarþættir í starfsemi okkar. Á dvalarheimilum Hrafnistu er gefandi og vinalegt starfsumhverfi og þar ríkir góður starfsandi. Við metum starfsfólk okkar mikils og bjóðum ýmis hlunnindi sem gera störf hjá okkur eftirsóknarverð og skapa Hrafnistu sérstöðu.



## Hrafnista

## Aðhlyning - sjúkraliðar

### Hrafnista í Reykjavík

**Óskum eftir starfsfólki í aðhlyningu.** Dagvinna eða vaktavinna. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir, t.d. frá kl 8-13 eða 18-22.

#### Sjúkraliðar

Lausar eru stöður sjúkraliða í dagvinnu eða vaktavinnu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

### Hrafnista Hafnarfirði

**Óskum eftir starfsfólki í aðhlyningu.** Dagvinna eða vaktavinna. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir, t.d. frá kl 8-13 eða 18-22.

#### Sjúkraliðar

Lausar eru stöður sjúkraliða í dagvinnu eða vaktavinnu. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

### Vífilsstaðir, Garðabæ

**Óskum eftir starfsfólki í aðhlyningu í vaktavinnu.** Sveigjanlegur vinnutími skv. Time Care vaktaskipulagskerfi. Starfshlutfall samkomulag.

### Víðines, Kjalarnesi

**Óskum eftir starfsfólki í aðhlyningu.** Dagvinna eða vaktavinna. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Bílastyrkur

Upplýsingar veitir starfsmannþjónustan í síma 585-9529.

Einnig eru upplýsingar og umsóknareyðublöð á heimasíðu Hrafnistu: [www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is)



## Radisson SAS 1919Hótel

býður alla hefðbundna hótél þjónustu og að auki öðruvísi upplifun.

Það kemur til með að skapa sér sérstöðu meðal hótela í Reykjavík en í því eru 70 mjög smekklega hönnuð herbergi sem eru allt frá venjulegum eins manns herbergjum upp í glæsilegar svítur. Fyrir fólk í viðskiptaerindum er fundaraðstaða fyrir allt að 18 fundarmenn. Á hótelinu er nútímalegur veitingastaður og bar, þar sem njóta má stemningar miðborgarinnar.

Ef þig langar að taka þátt í nýtt og ferskt hótél og uppfylla væntingar gesta okkar, þá ertu velkomin/n í hópinn.

Við getum lofað því að þú verður reynslunni ríkari en einnig getum við lofað skemmtilegri og gefandi vinnu. Hefurðu áhuga?

Ef svo er, þá reiknum við með því að þú sért:

- Þjónustulunduð/aður
- Sveigjanleg/ur og orkumikil/l
- Eigir gott með að vinna í hóp
- Sjálfstæð/ur
- ... og brosmildur!!

## Eftirfarandi starf er í boði:

### Bókunarstjóri

Ábyrgðarsvið:

- Bókanir einstaklinga og hópa í herbergji og fundarsali
  - Umsjón með áætlanagerð og eftirfylgni
  - Greining sölutekna og tekjustýring.
- Hæfnisskilyrði eru:
- Reynsla af hótélstörfum við bókanir, móttöku og sölu.
  - Hafa góða yfirsýn, vera töluglögur og úrræðagóður.
- Góð tölvuþekking er nauðsynleg

Sendi skal inn umsóknir og ferilskrár á ensku fyrir 11.11. 2005.

Tölvupost: [aleksandra.babik@radissonsas.com](mailto:aleksandra.babik@radissonsas.com)

Radisson SAS 1919 Hotel

Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík

[1919.reykjavik.radissonsas.com](http://1919.reykjavik.radissonsas.com)



# Vilt þú markaðssetja Ísland og vaxa með okkur?

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

## Sölustjóri í Danmörku

Við leitum að starfsmanni sem hefur öfluga reynslu af markaðs- og sölumálum og almennum stjórnunarstörfum til starfa hjá félaginu í Danmörku.

### Starfssvið:

- Ábyrgur fyrir greiningu á sölutölum og markaðsupplýsingum
- Þróa söluáætlanir og stýra framkvæmd þeirra
- Útbúa markaðs- og söluskýrslur
- Ábyrgur fyrir Internetsölu
- Ábyrgur fyrir samskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Starfsmannastjórnun
- Útbúa auglýsingaáætlanir

### Hæfniskröfur:

Við leitum eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi með háskólamenntun í markaðs- og sölufræðum. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi. Hér er um krefjandi og spennandi starf að ræða í heimi ferðamála og alþjóðlegrar markaðssetningar. Reynsla í markaðs- og sölumálum er nauðsynleg.

Mjög góð ensku- og dönskukunnátta er skilyrði. Hér er um fram-tíðarstarf að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn að flytjast milli starfa og vera tilbúinn að starfa um tíma erlendis hjá Icelandair.

Skriflegar umsóknir óskast sendar inn á veffangi Icelandair [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 14. nóvember.

- Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.
- Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.
- Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um þúsund manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.
- Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.
- Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.
- Icelandair er reyklaust fyrirtæki.
- Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman að því sem við gerum.

ICELANDAIR



# Glæst fram tíð

## SÖLUFÓLK aukavinna

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bönusum. Verkefni frá kl 17-22 virka daga og frá kl 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515-6175 frá kl 09-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: [olafia.b.rafnisdottir@365.is](mailto:olafia.b.rafnisdottir@365.is)

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# Verslunarstjóri

Nettó Akranesi óskar að ráða verslunarstjóra.



Verslanir Nettó eru 5 talsins, á Akureyri, í Reykjavík, Grindavík, á Akranesi og í Kópavogi. Samkaup hf sem rekur Nettó er með 35 verslanir undir merkjum Samkaup úrval, Samkaup strax, Kaskó og Nettó og eru þær víða um landið. Hjá Samkaupum hf starfa í dag 730 manns og margir með langan starfsaldur. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðunum [www.samkaup.is](http://www.samkaup.is) og [www.netto.is](http://www.netto.is)

### Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Dagleg stjórnun
- Starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

### Menntun og hæfniskröfur

- Góð almenn grunnmenntun
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla í starfsmannahaldi
- Rík þjónustulund

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi, samstarfsfúsum og sjálfstæðum.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 14. nóvember nk. Númer starfs er 4953.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Ari Eyberg. Netföng: [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is) og [ari@hagvangur.is](mailto:ari@hagvangur.is)

HAGVANGUR  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Veitum persónulega og faglega þjónustu á sviði ráðninga

...hafðu samband!



[www.radning.is](http://www.radning.is)

Háaleitisbraut 58 - 60 • Sími: 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



## Grunnskólar Reykjavíkur



### Staða skólastjóra Engjaskóla

Engjaskóli í Reykjavík er heildstæður grunnskóli með 350 nemendum.

Skólinn var byggður 1997 og er með íþróttahúsi, fullkomnu eldhúsi og ríkulega búinn tölum og öðrum kennslugögnum.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám og gott samstarf við foreldra og hefur skólinn verið móðurskóli í foreldrasamstarfi.

Mikil og fjölbreytt listgreinakennta er í skólanum og mikil samvinna innan árganga og stiga.

Jafnframt er lögð áhersla á góð samskipti nemenda og starfsfólks og stöðuga símenntun alls starfsfólks.

#### Meginhlutverk skólastjóra er að:

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

#### Leitað er að umsækjanda sem:

- hefur kennaramenntun, og er með framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- eða kennslufræði æskileg
- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmýnd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Staðan er laus frá og með 1. janúar 2006 en þó er mögulegt að viðkomandi hefji störf síðar samkvæmt nánari samkomulagi. Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjanda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 5. desember 2005. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Ingunn Gísladóttir, starfsmannastjóri, netfang: [ingunn.gisladottir@reykjavik.is](mailto:ingunn.gisladottir@reykjavik.is) og Anna Kristín Sigurðardóttir, skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu, [anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is](mailto:anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is) í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.



### Járniðnaðarmenn

Hamar ehf óskar eftir að ráða vélvirkja ,vélstjóra og Stálsmiði einnig er möguleiki á að taka inn nema á vélaverkstæðin á Eskifirði, Kópavogi og Akureyri. Mikil og fjölbreytt vinna.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Davíð Þór Sigurbjartarson í GSM 660 360 [david@hamar.is](mailto:david@hamar.is) eða Eskifjörður Sigurður Kristinn Lárusson GSM 660 3613 [siggil@hamar.is](mailto:siggil@hamar.is)

### Aðstoðarverkstjóri

Byggingafélag Gylfa og Gunnars auglýsir eftir aðstoðarverkstjóra. Starfið felst í umsjón á byggingarstað. Aðstoðarverkstjóri starfar undir stjórn byggingastjóra.

Nánari uppl. veitir Guðjón í síma 562-2991.

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



### Vegna forfalla er laust hlutastarf íþóttakennara við Hamarskóla í Vestmannaeyjum.

Einnig er laust til umsóknar 50% starf þroskaþjálfara við sama skóla.

Upplýsingar fást hjá Halldóru Magnúsdóttur skólastjóra og Sigurlási Þorleifssyni aðstoðarskólastjóra í síma 481-2644.

Vestmannaeyjabær auglýsir einnig eftir talkennara til starfa við grunn- og leikskólana í bæjarfélaginu. Áhugavert og fjölbreytt starf sem miðar að því að samhæfa þjónustu við börn á tveimur skólastigum.

Upplýsingar hjá Ernu Jóhannesdóttur fræðslufulltrúa í síma 488-2000.

Fræðslu- og menningarsvið Vestmannaeyja

### Amma óskast

Erum að leita eftir barngóðri konu til að aðstoða við heimilisstörf og annast 5 ára stráka.

Upplýsingar í síma 893 2628 eða 893 2632.

# Hefur mikið að gera og fagnar því

Sigurður Margeir Magnússon gröfumaður, annar eigandi SM-verktaka, segist oft vinna frameftir kvöldi.

„Ég vakna venjulega klukkan sjö og er mættur í vinnuna klukkan hálf átta. Í dag var ég að vinna við nýja Morgunblaðshúsið við Hádegismóa við að taka hæðir inni í sökkli.“ segir Sigurður Margeir Magnússon gröfumaður en hann er annar eigandi SM-verktaka, fyrirtækis sem hann rekur ásamt föður sínum. Þeir feðgar sérhæfa sig í lagningu frárennslislagna ásamt því að leggja hitaveitu og raflagnir í jörðu. Fyrirtækið rekur fimm gröfur og tvo vörubíla.

Sigurður Margeir segir að dæmigerður vinnudagur standi oft fram á kvöld hjá sér og gjarnan með viðkomu á nokkrum stöðum. Að lokinni vinnu við

sökkulinn um fimmleytið lá til dæmis leiðin hjá honum að Hallsvegi í Grafarvogi þar sem hann þurfti að lækka brunna í stíg sem verða seinna meir teknir upp í malbik.

„Því var lokið um klukkan hálf sjö og þar með var mínum vinnudegi lokið.“ segir Sigurður sem játar að hann vinni oft lengi frameftir á kvöldin og að þessi dagur hafi í raun verið með styttra móti. Hann viðurkennir að hafa mikið að gera og fagnar því. „Eins og staðan er í dag er nóg um verkefni og vonandi heldur það bara áfram.“

„Eins og staðan er í dag er nóg um verkefni og vonandi heldur það bara áfram.“ segir Sigurður Margeir. Fréttablaðið/E.Ól.







# Áhugaverð störf í boði



## MENNTASVIÐ

### LAUS STÖRF Í GRUNNSKÓLUM

#### Kennarar óskast til starfa

##### Foldaskóli, sími 540-7600

- Kennari í 50-60% stöðu til vors sem stuðningsaðili í bekk og í frímínútum með nemanda.

##### Hlíðaskóli, sími 552-5080

- Kennari í 80% stöðu. Starfið felst í að kenna nemendum með sérþarfir.
- Sérkennari frá áramótum í 100% stöðu. Starfið felst í að kenna nemendum með sérþarfir.
- Íþróttakennari frá áramótum í 100% stöðu.

##### Rimaskóli, sími 567-6464/664-8320

Vegna fæðingar- og feðraorlofs vantar kennara í eftirtaldar stöður:

- Umsjónarkennari í 2. bekk frá 1. jan. 2006 út skólaárið
- Umsjónarkennari í 3. bekk frá 1. des. 2005 út skólaárið
- Íþróttakennari frá 1. jan. - 31. mars 2006

##### Vesturbæjarskóli í síma 562-2296

- Umsjónarkennari í 3. bekk í 100% stöðu.

#### Hæfniskröfur:

Kennarapróf  
Hæfni í mannlegum samskiptum  
Faglegur metnaður  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

### Skólaliðar óskast til starfa

##### Fellaskóli, sími 557 3800

- Skólaliði í 100% stöðu. Starfið felst í m.a. í baðvörslu og tilfallandi störfum í íþróttahúsi. Um er að ræða vaktavinnu.

##### Fossvogsskóli, sími 568 0200

- Starfsmaður skóla í 75% stöðu til að sinna nemendum í leik og starfi.

##### Langholtsskóli, sími 553 3188/664-8280

- Skólaliði í 50-100% stöðu.  
Starfið felst m.a. í aðstoð við ræstingar.

##### Rimaskóli, sími 567 6464/664 8320

- Skólaliði í ræstingastörf. Sveigjanlegur vinnutími eftir hádegi.

##### Sæmundarsel, sími 585 0406

- Skólaliði í 100% eða tvær 50% stöður. Starfið felst m.a. í að aðstoða nemendur í leik og starfi, aðstoð í matsal nemenda og ræstingum.

##### Selásskóli, sími 567 2600

- Skólaliði í 100% stöðu. Starfið felst m.a. í að aðstoða nemendur í leik og starfi.

#### Hæfniskröfur:

Hæfni í mannlegum samskiptum  
Reynsla og áhugi á að starfa með börnum  
Nákvæmni í vinnubrögðum

### Stuðningsfulltúar óskast til starfa

##### Foldaskóli, sími 540 7600

- Stuðningsfulltrúi í 70% stöðu.

##### Hlíðaskóli, sími 552 5080

- Stuðningsfulltrúi í 80% stöðu.

##### Vesturbæjarskóli, sími 562 2296

- Stuðningsfulltrúi í íþróttum í 1.-7. bekk í 80-100% stöðu. Starfið felst m.a. í baðvörslu og aðstoð í íþróttatímum.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðkomandi skóla. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Nánari upplýsingar um laus störf er að finna á [www.grunnskolar.is](http://www.grunnskolar.is)

### Laus störf í leikskólum



#### Viltu vinna þar sem yfir 90%

#### starfsmanna eru ánægðir í starfi.

#### Menntasvið Reykjavíkurborgar óskar eftir leikskólakennurum til starfa í eftirtalda leikskóla:

**Austurborg, Háaleitisbraut 70 í síma 588-8545.**  
[austurborg@leikskolar.is](mailto:austurborg@leikskolar.is)

**Álftaborg, Safamýri 32 í síma 581-2488/693-9833.**  
[alftaborg@leikskolar.is](mailto:alftaborg@leikskolar.is)

**Árborg, Hlaðbæ 17 í síma 587-4150.**  
[arborg@leikskolar.is](mailto:arborg@leikskolar.is)

**Drafnarborg, Drafnarstíg 4 í síma 552-3727.**  
[drafnarborg@leikskolar.is](mailto:drafnarborg@leikskolar.is)

**Dvergasteinn, Seljaveg 12 í síma 551-6312.**  
[dvergasteinn@leikskolar.is](mailto:dvergasteinn@leikskolar.is)

**Engjaborg, Reyrengi 11 í síma 587-9130.**  
[engjaborg@leikskolar.is](mailto:engjaborg@leikskolar.is)

**Geislabaugur, Kristnibraut 26 í síma 517-2561.**  
[geislabaugur@leikskolar.is](mailto:geislabaugur@leikskolar.is)

**Grandaborg, Boðagranda 9 í síma 562-1855.**  
[grandaborg@leikskolar.is](mailto:grandaborg@leikskolar.is)

**Hálsakot, Hálsaseli 27 í síma 557-7275.**  
[halsakot@leikskolar.is](mailto:halsakot@leikskolar.is)

**Heiðarborg, Selásbraut 56 í síma 557-7350.**  
[heidarborg@leikskolar.is](mailto:heidarborg@leikskolar.is)

**Hulduheimar, Vættarborgum 11 í síma 586-1870.**  
[hulduheimar@leikskolar.is](mailto:hulduheimar@leikskolar.is)

**Klettaborg, Dyrhömrum 5 í síma 567-5970.**  
[klettaborg@leikskolar.is](mailto:klettaborg@leikskolar.is)

**Laufásborg, Laufásvegi 53-55 í síma 551-7219.**  
[laufasborg@leikskolar.is](mailto:laufasborg@leikskolar.is)

**Laufskálar, Laufrima 9 í síma 587-1140.**  
[laufskalar@leikskolar.is](mailto:laufskalar@leikskolar.is)

**Nóaborg, Stangarholti 11 í síma 562-9595.**  
[noaborg@leikskolar.is](mailto:noaborg@leikskolar.is)

**Rauðaborg, Viðarási 9 í síma 567-2185.**  
[raudaborg@leikskolar.is](mailto:raudaborg@leikskolar.is)

**Rofaborg, Skólalæ 6 í síma 567-2290.**  
[rofaborg@leikskolar.is](mailto:rofaborg@leikskolar.is)

**Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350.**  
[seljakot@leikskolar.is](mailto:seljakot@leikskolar.is)

**Sólbakki, Stakkahlíð 19 í síma 552-2725.**  
[solbakki@leikskolar.is](mailto:solbakki@leikskolar.is)

**Sólborg, Vesturhlíð 1 í síma 551-5380.**  
[solborg@leikskolar.is](mailto:solborg@leikskolar.is)

**Sólhlíð, Engihlíð 8 í síma 551-4870.**  
[solhlid@leikskolar.is](mailto:solhlid@leikskolar.is)

**Sjónarhóll, Völundarhús 1 í síma 567-8585.**  
[sjonarholl@leikskolar.is](mailto:sjonarholl@leikskolar.is)

**Sunnuborg, Sólheimum 19 í síma 553-6385.**  
[sunnuborg@leikskolar.is](mailto:sunnuborg@leikskolar.is)

**Sæborg, Starhaga 11 í síma 562-3664.**  
[saeborg@leikskolar.is](mailto:saeborg@leikskolar.is)

**Vesturborg, Hagamel 55 í síma 552-2438.**  
[vesturborg@leikskolar.is](mailto:vesturborg@leikskolar.is)

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun, færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði í starfi. Jákvæðni og áhugasemi Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með t.d. myndlistar- leiklistar- tónlistar-menntun og/eða reynslu af starfi með börnum.

### Deildarsjóri

**Ösp, Íðufelli 16 í síma 557-6989**  
[osp@leikskolar.is](mailto:osp@leikskolar.is)

Um er að ræða 100% stöðu.

#### Hæfniskröfur:

Leikskólakennaramenntun  
Færni í mannlegum samskiptum  
Frumkvæði í starfi  
Jákvæðni og áhugasemi  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með t.d. myndlistar- leiklistar- tónlistar-menntun og/eða reynslu af starfi með börnum.

### Sérkennsla

**Laufskálar, Laufrima 9 í síma 587-1140.**  
[laufskalar@leikskolar.is](mailto:laufskalar@leikskolar.is)

**Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350.**  
Um er að ræða 80-100% stöðu.  
[seljakot@leikskolar.is](mailto:seljakot@leikskolar.is)

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

Leikskólasérkennari, þroskaþjálfari eða háskólamenntun á sviði uppeldis- eða sálfræði.  
Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg  
Færni í mannlegum samskiptum  
Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð  
Nákvæmni í starfi

### Yfirmaður í eldhús

**Brekuborg, Hlíðarhúsum 1 í síma 567-9380.**  
[brekkuborg@leikskolar.is](mailto:brekkuborg@leikskolar.is)

**Seljakot, Rangárseli 15 í síma 557-2350.**  
Um er að ræða 80-100% stöðu.  
[seljakot@leikskolar.is](mailto:seljakot@leikskolar.is)

**Sólbakki, Stakkahlíð 19 í síma 552-2725.**  
[solbakki@leikskolar.is](mailto:solbakki@leikskolar.is)

#### Hæfniskröfur:

Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu  
Góð þekking á næringarfræði  
Þekking á rekstri  
Hæfni í mannlegum samskiptum

### Aðstoð í eldhús

**Hulduheimar, Vættarborgum 11 í síma 586-1870.**  
[hulduheimar@leikskolar.is](mailto:hulduheimar@leikskolar.is)

**Ösp, Íðufelli 16 í síma 557-6989.**  
[osp@leikskolar.is](mailto:osp@leikskolar.is)

#### Hæfniskröfur:

Áhugi á matreiðslu  
Snyrtimennska  
Hæfni í mannlegum samskiptum

Um er að ræða 100% stöðu.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita skólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður



## UMHVERFISVIÐ

# HEILBRIGÐISFULLTRÚÍ -matvælaeftirlit

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust til umsóknar starf heilbrigðisfulltrúa hjá Matvælaeftirliti, Heilbrigðiseftirliti og vöktun. Næsti yfirmaður er deildarstjóri Matvælaeftirlits.

Starfið felst m.a. í þjónustu við íbúa og fyrirtæki borgarinnar og ábyrgð á:

- Reglubundnu eftirliti með matvællum og neysluvatni. Skráningum og skýrslugerð, sinna kvörtunum og annast fræðslu.
- Sinna öðrum verkefnum samkvæmt gildandi starfslýsingu fyrir heilbrigðisfulltrúa og samkvæmt fyrir mælum deildarstjóra.
- Samstarf og samvinna við aðrar deildir Heilbrigðiseftirlits og vöktunar.

### Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði heilbrigðisvísinda, raunvísinda, eða sambærilega menntun, s.s. matvælafræði

eða dýralæknningar.

- Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg sem og geta til að leiða og taka þátt í uppbyggilegu hópstarfi.
- Jákvæðni og vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.
- Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagningu í starfi
- Réttindi til að mega starfa sem heilbrigðisfulltrúi æskileg.

Launakjör fara að kjarasamningum viðkomandi stéttarféлага og Reykjavíkurborgar.

Nánari upplýsingar veita Óskar Í. Sigurðsson, deildarstjóri Matvælaeftirlits, og Árný Sigurðardóttir, forstöðumaður Heilbrigðiseftirlits og vöktunar, hjá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar, Skúlagötu 19, frá kl. 9-16 í síma 411 8500.

Umsóknir skulu berast til Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eigi síðar en 21. nóvember nk. merktar „Heilbrigðisfulltrúi“.

Reykjavík 3. nóvember 2005.  
Umhverfissvið Reykjavíkurborgar

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingur má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Umhverfissvið Reykjavíkurborgar fer með heilbrigðis- og mengunavarnareftirlit, náttúruvernd og garðyrkju, sorphirðu frá heimilum, dýraeftirlit, Vinnuskóla Reykjavíkur, Staðardagskrá 21 og stefnumótun og þróunarverkefni á sviði umhverfis og samgöngumála.



## Framkvæmdastjóri félags- og útbreiðslusviðs SÁÁ

SÁÁ óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra félags- og útbreiðslusviðs.

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann eru landsamtök sem vinna að áfengis- og vímuefnavörnum um allt land og veita öllum landsmönnum þjónustu. Framkvæmdastjórinn vinnur í umboði framkvæmdastjóranna og ber fjárhagslega ábyrgð á þeim rekstrarþáttum er tilheyra sviðinu.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af félagsstarfi.

### Helstu verkefni:

- Vinna að fjáröflunum félagsins
- Umsjón með félagaskrá
- Skiplagning félagsstarfs
- Útbreiðslu-, kynningar- og útgáfumál
- Rekstur sambýla

### Hæfniskröfur:

- Frumkvæði, metnaður og framúrskarandi samskipta hæfni
- Hæfni til að vinna í krefjandi og breytilegu umhverfi
- Geta unnið sjálfstætt sem og í hópi
- Skilningur á rekstri og áætlanagerð
- Hugmyndaauðgi og áhugi á starfsemi SÁÁ

Skriflegum umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar á skrifstofu samtakanna Síðumúla 3-5 108 Reykjavík, merkt; Framkvæmdastjóri félags- og útbreiðslusviðs, fyrir 1. desember 2005.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Upplýsingar veitir formaður SÁÁ, Þórarinn Tyrtingsson í síma 530 7600.



## Vantar þig pening í desember?



Íslandspóstur óskar eftir frísku fólki til afgreiðslustarfa á höfuðborgarsvæðinu í jólamánuðinum. Afgreiðslustaðir fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu verða fleiri í desember eða 18 talsins. Jólápósthús verða m.a. sett upp í Kringlunni og Smáralind. Við óskum eftir fólki sem getur annars vegar byrjað í lok nóvember og hins vegar í kringum 10. desember. Mikil vinna er í boði. Sannkallaður jólaandi ríkir hjá Póstinum í desember.

Áhugasamir hafið vinsamlegast samband við Herborgu Þorgeirsdóttur í síma 580 1128 eða sendið tölvupóst á [herborg@postur.is](mailto:herborg@postur.is) til að fá nánari upplýsingar.

Umsóknum má skila á [postur@postur.is](mailto:postur@postur.is) eða sækja um á heimasíðu Íslandspósts: [www.postur.is](http://www.postur.is)

Einnig er hægt að senda umsóknir á pósthúsið við Grensásveg 9, 108 Reykjavík, merkt: Afgreiðslustarf.

[www.postur.is](http://www.postur.is)



## SMIÐIR

Byggingafélag Gylfa og Gunnars óskar eftir trésmiðum í uppsteypu og frágang á skrifstofu og þjónustuhúsnæði að Bildshöfða 9. Góður aðbúnaður og virkt starfsmannafélag.

Nánari upplýsingar veitir Guðjón í síma 562-2991

Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.



## SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Vinnutími frá kl. 9-17 alla virka daga.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 515 6175 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á netfangið: [olafia.b.rafnisdottir@365.is](mailto:olafia.b.rafnisdottir@365.is)

## Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áráðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.



# Áhugaverð störf í boði



## ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSVIÐ

### Iðjuþjálfari

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis óskar eftir iðjuþjálfara.

#### Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í iðjuþjálfun.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.

#### Helstu verkefni:

- Þjónustumat vegna umsókna um félagslega heimaþjónustu.
- Þjónustumat vegna umsókna um stuðningsþjónustu.
- Þátttaka í teymisvinnu og samstarf við hagsmunafélög og íbúa.
- Þátttaka í teymisvinnu í tengslum við þekkingarstöðvaverkefni um málefni aldraðra og fatlaðra.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Iðjuþjálfafélags Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Kristjana Gunnarsdóttir í síma 411 1500, netfang: [kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is](mailto:kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is)

Umsóknun skal skilað á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 fyrir 22. nóvember næstkomandi.

### Félagsráðgjafar

Lausar eru tvær stöður félagsráðgjafa á Þjónustumiðstöð Breiðholts. Um hlutastörf getur verið að ræða. Önnur staðan er afleysingastaða til 1. nóvember 2006.

#### Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf.
- Þekking og reynsla í vinnslu meðferðarmála með einstaklinga og fjölskyldur æskileg.
- Lipurð í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfileikar.
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu.

#### Helstu verkefni eru:

- Almenn félagsráðgjöf í einstaklings- og fjölskyldumálum.
- Vinna með starfsfólki í leik- og grunnskólum.
- Þverfaglegt starf í Þjónustumiðstöð Breiðholts.
- Samvinna við samstarfsaðila og hagsmunasamtök.

Þjónustumiðstöðin er þekkingarstöð í fjölskylduráðgjöf.

Mál og menning hefur gefið út Reykjavíkurbíleik Einars Más Guðmundssonar; Ríðara hringstigans, Vængjaslátt í þakrennum og Eftirmála regndropanna í einni bók undir heitinu Godheimar bernskunnar. Þessar vinsælu skáldsögur komu út á Íslandi á árunum 1982 til 1986, hlutu frábærar móttökur og verðlaun og eru jafnan taldar hafa markað tímamót í íslenskri sagnagerð.

Bækurnar komu á sínum tíma einnig út á öllum Norðurlöndunum, Þýskalandi og Englandi og voru dómur þar mjög lofsamlegir.

Sögurnar fjalla um lífið í nýreistu og ómótuðu hverfi í Reykjavík þar sem allt getur gerst, raunsæi og hugarflug vegast á og jöfnu höndum er lýst hversdagslegu lífi sem undrum og stórmerkjum.

Það er vonum seinna að þessar bækur komi út

hér á Íslandi með þessum hætti en Reykjavíkurbíleikurinn kom út í einni bók í Danmörku fyrir nokkrum árum. Sú bók fékk frábærar viðtökur lesenda, seldist algjörlega upp og er endurprentun væntanleg. Sænskir og finnskir útgefendur Einars Más hyggjast einnig gefa Reykjavíkurbíleikinn út í einu lagi.

Innan skamms heldur Einar Már í upplestrarferð um Danmörku ásamt hinum vinsæla danska metsöluhöfundum Johannes Møllehave og ríkir mikil eftirvænting eftir að hlusta á þá félagaræða saman um bækur sínar, líf og kímigáfu. Í Politiken var grein um skáldin fyrir skömmu og sagði þar að þrátt fyrir að bækur Einars og Johannesar Møllehave væru afar ólíkar væri sterkur húmorískur þráður í verkum þeirra þar sem bilið milli gamans og alvöru væri alltaf stutt.

Þess má geta að á síðasta upplestur Einars Más í Danmörku mættu hátt á þúsund manns en Bítlaávarpið kom út í Danmörku fyrr á árinu og hlaut frábærar viðtökur.

## > BÓK VIKUNNAR


Vetrarborgin eftir Arnald Indriðason.

Nýjasta sakamálasaga Arnaldar um lögreglumanninn Erlend og félag hans kom út í byrjun síðstu viku og setti umsvifalaust sölumet. Það kemst enginn reyfarahöfundur með tærnar þar sem Arnaldur er með hælana og fólk fær ekki nóg af því að lesa af hremmingum Erlendar. Fínn krimmi eins og við mátti búast frá Arnaldi.



## bækur

baekur@frettabladid.is



ÆVAR ÖRN JÓSEPSSON Þriðja skáldsaga hans gerist uppi á Kárahnjúkum en þar farast sex menn í dularfullu slysi sem mögulega er fyrsta mannskæða hryðjuverkið í sögu Íslands.

## Er í útleigð á ónefndum stað

Ævar Örn Jónsson dvelst um þessar mundir á ónefndum stað í útlöndum. Freyr Gígja Gunnarsson rannsakaði af hverju hann vill ekki gefa upp dvalarstað sinn.

Hringingin fær að lifa í smá stund en loksins er svarað. „Ævar“ segir röddin. Þrátt fyrir allar þær krókaleiðir sem þurfti að þræða til að ná í höfundinn er hann hvergi banginn, kominn í öruggt skjól á ónefndum stað í útlöndum. „Sumar bækur eru hættulegri en aðrar og sagan hefur sýnt okkur það,“ segir hann og vísar óbeint til Salmans Rushdie og annarra höfunda sem hafa haft sannleikann að leiðarljósi í skáldsögum sínum.

Nýjasta bók Ævars, Blóðberg, kemur út á þriðjudaginn. Á köldum vetrarmorgni í febrúar farast sex menn í hörmulegu slysi við Kárahnjúkavirkjun. Fljótlega kemur upp úr kafinu að þetta er hugsanlega kaldrifjað morð eða mögulega fyrsta mannskæða hryðjuverkið í sögu Íslands. „Impregilo er besta og heidarlegasta fyrirtæki í heiminum að undanskilinni Landsvirkjun,“ heldur Ævar áfram og segist með þessari yfirlýsingu vonast til að hafa tryggt sér farseðilinn aftur heim um síðir. „Ég vona að bókin eigi eftir að vekja fólk til umhugsunar um eitthvað.“ Þætir hann við.

Ævar segir það enga tilviljun að Kárahnjúkar skuli hafa verið valdir sem söguvið þessarar þriðju skáldsögu hans. „Þetta lá beint við. Staðurinn, landslagið, samfélagið. Þetta eru kjöraðstæður fyrir glæpasagnahöfund,“ útskýrir Ævar og telur virkjunina vera hreint ótrúlegt fyrirbæri á allan hátt. Sjálfur dvaldist hann uppi á hálendinu í nokkra daga um hávetur en segist aldrei vilja vinna við virkjunina. „Þarna eru menn að störfum myrkrana á milli og það birtir aldrei. Kárahnjúkar eru skyndiþorp þar sem útlendingar hafa verið fengnir í hundradatali til að vinna við aðstæður sem þeir hafa aldrei kynnst áður,“ heldur höfundurinn áfram.

Morð og eiturlyf koma við sögu í Blóðbergi en Ævar segir að ekki þurfa spámann til að sjá að þarna víðsfjarri mannabyggðum og löggæslu geti allt gerst. „Það er kannski líkfundarmálið sem er ótrúleg tilviljun,“ segir Ævar en þegar hann var með bókina í vinnslu á síðasta ári kom líkfundarmálið í Neskaupstað upp sem þótti svipa til þess efnis sem rithöfundurinn var með í höndunum.

Þrátt fyrir að upplýst hafi verið bæði um fíkniefnin og morðin segir Ævar að lesandanum eigi enn eftir að vera komið í opna skjöldu. „Það er öllum sögum nauðsynlegt að vera með eitthvað sem kemur á óvart því annars væri lítið varið í þær.“

Hvað er einstaklingsmiðað nám og hvernig er það metið?



Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, og Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, kynna hugmyndafræðina á bak við einstaklingsmiðað nám og nýtt matstæki fyrir grunnskóla.

- Einstaklingsmiðað nám er skipulagt í ljósi námsgetu, áhuga og stöðu hvers nemanda.
- Nemandinn setur sér sjálfur markmið í samvinnu við kennara og foreldra og velur sér námsleiðir.
- Skólastarf er skoðað með nýju matstæki, sem nær til sex meginþátta; skipulags- og skóla, námsumhverfis, viðhorfa, skipulags kennara, þáttar nemanda og hluts foreldra.

Kynnstu þér skóla á nýrri öld

Opnir fundir fyrir skólafólk og foreldra

í Hlíðaskóla  
miðvikudag  
9. nóv.  
kl. 20:00

í Breiðholtsskóla  
fimmtudag  
10. nóv.  
kl. 20:00



Reykjavíkurborg  
Menntasvið

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ





## Ævisaga Halldórs Laxness seld til Noregs

JPV útgáfa hefur samið um útgáfu á ævisögu Halldórs Laxness eftir Halldór Guðmundsson á norsku. Samningurinn var gerður í framhaldi af viðræðum á bókakaupstefnunni í Frankfurt í síðasta mánuði. Stefnt er að því að bókin verði gefin út þegar á næsta ári, þýdd úr íslensku og þrýdd fjölda mynda. Ævisaga Halldórs Laxness verður gefin út undir merkjum Tiden sem er dótturforlag Gyldendalforlagsins norska og gaf í fyrra út Sjálfstætt fólk í nýrri þýðingu Tone Myklebost.

Samhliða útgáfusamningnum var samið um útgáfu í bókaklúbbi, sem tryggir verkinu mun meiri

útbreiðslu en ella. Verður höfundinum boðið til Noregs í tengslum við útkomuna.

Bókin Halldór Laxness - ævisaga kom út á Íslandi í fyrra og vakti mikla athygli, hlaut góða dóma og færði höfundi sínum Íslensku bókmenntaverðlaunin. Hún hafði áður verið seld til Danmerkur, Þýskalands og Svíþjóðar og viðræður standa yfir um enska útgáfu.



## Fjöldamorðingi í sjónvarpi

Geðþekki fjöldamorðinginn Dexter er hugarfóstur rithöfundarins Jeff Lindsay. Bókin Dexter í dimmum draumi kom út í íslenskri þýðingu á dögnum og höfundur hennar er væntanlegur til landsins á þriðjudag.

Lindsay hefur slegið heldur betur í gegn með sögu sinni um þennan dagfarsprúða rannsóknarmann hjá lögreglunni. Hann kemur vel fyrir og er hvers manns hugljúfi og vinnur úr sönnunargögnum fyrir lögregluna. Þess á milli fremur hann hroðaleg morð en réttlætir þau með því að hann drepi bara þá sem eiga það skilið.

Dexter starfar á Miami og byrjað er að taka upp sjónvarps-



JEFF LINDSAY Fylgist með tókum á þætti um morðingjann Dexter.

þætti um hann á svæðinu. Dexter mun því væntanlega verða vikulegur heimilisgestur bandarískra sjónvarpsáhorfenda áður en langt

um líður. Hann mun þá keppa um vinsældir við nágranna sína í CSI: Miami og lýtalæknadramað Nip/Tuck.



ARNALDUR INDRIDASON

### [ METSÖLULISTINN ]

#### ADALLISTINN- ALLAR BÆKUR

- 1 VETRARBORGIN - ARNALDUR INDRIDASON
- 2 109 JAPANSKAR SUDOKU - GIDEON GREENSPAN
- 3 MYNDIN AF PABBA - Saga Thelmu GERÐUR KRISTNÝ
- 4 SKUGGA BALDUR - SJÓN
- 5 VALKYRJUR - ÞRÁINN BERTELSSON
- 6 JÖRÐIN - JPV
- 7 VIÐ ENDA HRINGSINS - TOM EGELAND
- 8 ARGÓARFLÍSIN - SJÓN
- 9 SU DOKU - WAYNE GOULD
- 10 FORÐIST OKKUR - HUGLEIKUR DAGSSON

#### SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

- 1 VETRARBORGIN - ARNALDUR INDRIDASON
- 2 VALKYRJUR - ÞRÁINN BERTELSSON
- 3 VIÐ ENDA HRINGSINS - TOM EGELAND
- 4 ARGÓARFLÍSIN - SJÓN
- 5 SKUGGI VINDSINS - CALROS RUIZ ZAFÓN
- 6 HÖFUÐLAUSN - ÓLAFUR GUNNARSSON
- 7 NÆTURVAKTIN - NATSUO KIRINO
- 8 VERÓNÍKA ÁKVEÐUR AÐ DEYJA - PAOLO COELHO
- 9 TÍMI NORNARINNAR - ÁRNI ÞÓRARINSSON
- 10 AFTURELDING - VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON

LISTINN ER GERÐUR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 26.10.05 - 01.11.05 Í BÓKABÚÐUM MÁLS OG MENNINGAR OG PENNANS - EYMUÐS-SONAR.

### Einstakt enskunámskeið

Fyrir þá sem vilja styrkja enskugrunninn, tala og skilja enska tungu.



- Fjarnám með 27 1/2 tíma enskunámskeiði á cd diskum
- Slökunardiskur með jákvæðri staðfestingu með tónlist frá Friðriki Karlssyni
- Vinnubók með enska og íslenska textanum
- Taska undir diskana
- Áheyrnarpróf í lok náms

Mörg stéttarfélag, fræðslusjóðir og fyrirtæki styrkja þetta námskeið

Allar upplýsingar

[www.pareto.is](http://www.pareto.is)

eða í sínum 540-8400 eða 820-3799

WALT DISNEY PICTURES KYNNIR

# LILO & STITCH 2

## Stitch fær skammhlaup

**LILO OG STITCH ERU KOMIN AFTUR Á DVD OG VHS Í SPLUNKUNÝRRI MYND MED ÍSLENSKU TALI, Í NÆSTU VERSLUN!**

**MIKID AF SKEMMTILEGU AUKAEFNI!**

**Stuttmynd**  
-Uppruni Stitch  
-Komist að því hvernig Stitch eða Tilraun 626 varð til.

**Tónlist og fleira**  
-Tónlistarmyndbönd  
-Flutt af (TBD)

**Baksviðs Disney**  
-Ófgar tilraunarinnar  
-Fáið slúðrið um frændfólk Stitch og lærið allt um spurningapátt Jumba.

**EINNIG FÁANLEG AFTUR LILO & STITCH Í SÉRSTAKRI ÚTGÁFU**

**MIKID AF SKEMMTILEGU AUKAEFNI!**

**SAM MYNDIR**



opið: virka daga 10 - 18, laugardaga 11 - 16

## Þökkum frábærar viðtökur á nýjum stað



sófi: 198.000



stóll: 79.800



stóll: 15.900



stóll: 16.900



ljósakróna: 85.300



stóll  
áklæði: 19.800  
leður: 29.900



borð: 9.900



stóll:  
38.800

# heima

húsgagnaverslun • suðurlandsbraut 48 • 108 reykjavík • 568 4242

full búð að nýjum vörum



stóll: 12.800



stóll: 99.800



lampi: 24.500



stóll  
áklæði: 59.000  
leður: 89.000



skinnkollur: 45.000



barstóll: 17.800



sófi  
áklæði: 178.800  
leður: 249.800



stóll: 98.000



blaðagrind: 6.700



sófi  
áklæði: 98.000  
leður: 149.800

HUGSABU STÓRT **SMÁRA BÍÓ** Sími 564 0000

**In Her Shoes**  
DIAZ COLLETTE MACLAINE  
GODSÖGNIN SNYR AFTUR Í EYNTYRALÍLEGRI SPENNUMYND

Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40  
Sýnd í Lúxus kl. 2, 5, 8 og 10.40

**THE PERFECT CATCH**  
FRÁ LEIKSTJÓRUM THERE IS SOMETHING ABOUT MARY

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20  
Frá framleiðendum The Professional og La Femme Nikita  
Fór beint á toppinn í USA

Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

**Africa United**  
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Sýnd kl. 4 og 6

**LAVAGIÐ 3D**  
Sýnd kl. 2 í þrívídd

Sýnd kl. 2 og 3.50 með íslensku tali.

450 kr.

Dolby Digital JDDP THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**In Her Shoes**  
CAMERON DIAZ TONI COLLETTE SHIRLEY MACLAINE  
VINKONUR, KEPPINLAUTAR, SYSTUR

Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

**Africa United**  
Ný íslensk heimildarmynd sem hefur farið sigurferð um heiminn

Sýnd kl. 2, 4 og 6

**FRÁ LEIKSTJÓRA FAST AND THE FURIOUS & XXX**  
Hrikalega hraður háloftatryllir með Jamie Foxx, Josh Lucas og Jesseu Biel í aðalhlutverkum.

Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

**400 kr. í bíó!** Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

**OKTÓBERBÍÓFEST**  
www.icelandfilmfestival.is 26. október - 14. nóvember

My Summer of Love • Sýnd kl. 2  
Fakiren frá Bilbao • Sýnd kl. 2  
Rock School • Sýnd kl. 4  
The King • Sýnd kl. 4  
Pusher II • Sýnd kl. 6

Lords of Dogtown • Sýnd kl. 6  
Pusher III • Sýnd kl. 8  
Adams Äbler • Sýnd kl. 8  
It's all Gone Pete Tong • Sýnd kl. 10  
Murderball • Sýnd kl. 10

ADAMS ÄBLER LORDS OF DOGTOWN THE KING PUSHER III

bara lúxus **LAUGARÁS BÍÓ** Sími 553 2075

**FOUR BROTHERS**  
Hérna spennumynd frá leikstjóra "2 Fast, 2 Furious" og "Denzel Washington"

Sýnd kl. 3, 5:30, 8 og 10:30 kl. 16

**THE DESCENT**  
Sýnd kl. 10 kl. 16 ára

**THE LEGEND OF ZORRO**  
GODSÖGNIN SNYR AFTUR Í EYNTYRALÍLEGRI SPENNUMYND

Sýnd kl. 12:30, 5:30, 8 og 10:30

**WILLIAMS & GOSSETT**  
Sýnd kl. 1 og 3 m/áskilnaði

**THE PERFECT CATCH**  
Sýnd kl. 1 m/áskilnaði

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - ADEINS 400KRI!  
ATH: SÝNINGAR MERKTAR MEÐ RAUÐU

Borgarbíó Four Brothers kl. 8 og 10:15 In Her Shoes kl. 5:30 og 8 Legend of Zorro kl. 3, 5:30 og 10:30 Óskar & Jósefina kl. 1

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan Kirsten Dunst segist hafa komist hjá því að verða primadonna vegna þess að vinir hennar hafi komist til höfuðs. „Ég held að ég hafi komist af vegna þess að ég hef alltaf farið í venjulega skóla og átt sömu vinkonur,“ sagði Dunst, sem hefur undanfarið farið með hlutverk Mary Jane í Spider-Man myndunum.



Hjartaknúsarinn Brad Pitt er sagður hafa hringt bálréiður á lögregluna eftir að hann sá ljósmyndara reyna að taka myndir inn um gluggann á heimili hans í Kaliforníu. „Þetta sýnir bara hversu langt ljósmyndarar eru tilbúnir að ganga til að ná myndum,“ sagði talsmaður Pitt.

Aðdændur Arokkú-ettisins The White Stripes,



sem er á leiðinni hingað til lands síðar í mánuðinum, eiga von á glaðningi á næstunni. Sveitin er á leiðinni í tónleikaferð til Bretlands og ætla að taka upp lagið The Denial Twist á hverjum einustu tónleikum. Lagið verður síðan sett á netið og geta aðdændur því eignast margar tónleika-útgáfur af laginu.



NELLY FURTADO Söngkonan Nelly Furtado gefur út nýja plötu næsta vor.

## Martin aðstoðar Furtado

Söngkonan Nelly Furtado gefur næsta vor út plötuna Loose, sem mun fylgja eftir plötunni Folklore frá árinu 2003.

Timbaland tók upp helminginn af lögunum en einnig koma við sögu þekkt nöfn á borð við Pharrell Williams og Lester Mendez, sem hefur tekið upp fyrir Shakira. Chris Martin úr Coldplay syngur jafnframt í laginu All Good Things Come to an End. „Hann dýrkar Timbaland og Timbaland dýrkar Coldplay,“ sagði Furtado.

„Ef þú vilt mig ekki fær mig enginn annar.“

Mótframlagið pitt

HÁDEGISBÍÓ | HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGUNA | SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI | 3 BÍÓ | 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGUNA | HÁSKÓLABÍÓ

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
TWO FOR THE MONEY KL. 5.30-8-10.30 B.I. 12	WALLACE & GROMIT is. tal KL. 2-4-6	TWO FOR THE MONEY KL. 6-8.30-11 B.I. 12
TWO FOR THE MONEY VIP KL. 3-5.30-8-10.30	TRANSPORTER 2 KL. 8-10	KISS KISS BANG BANG KL. 6-8.15-10.30 B.I. 16
TIM BURTON'S CORPSE BRIDE KL. 2-4-6-8-10.10	VALIANT is. tal KL. 2-4	FLIGHTPLAN KL. 8-10.10
KISS KISS BANG BANG KL. 3.50-6-8.15-10.30 B.I. 16	BEWITTHED KL. 6-8	WALLACE & GROMIT is. tal KL. 12-2-4-6
FLIGHTPLAN KL. 6-8.15-10.30 B.I. 12	A HISTORY OF VIOLENCE KL. 10	VALIANT is. tal KL. 12-2-4
WALLACE & GROMIT is. tal KL. 2-4	<b>AKUREYRI</b>	SKY HIGH KL. 12-4
WALLACE & GROMIT enskt tal KL. 6-10.30	TWO FOR THE MONEY KL. 6-8-10	MADAGASCAR is. tal KL. 2
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8 B.I. 14	WALLACE & GROMIT is. tal KL. 2-4	
SKY HIGH KL. 2-4	FLIGHTPLAN KL. 10	
VALIANT KL. 2	VALIANT KL. 2-4	
	MUST LOVE DOGS KL. 6-8	

ÁLFABAKKI | 587 8900 | KRINGLAN | 588 0800 | AKUREYRI | 461 6666 | KEFLAVÍK | 421 1170

# Brian Wilson lögsóttur

Mike Love hefur höfðað mál á hendur frænda sínum og fyrrum félagi úr The Beach Boys, Brian Wilson. Love sakar Wilson um að hafa kynnt plötu sína Smile á mjög óviðeigandi hátt. Hann hafi misnotað lög Mikes Love og vörumerkið Beach Boys og sjálfa Smile-plötuna. Drátt fyrir lögsóknina segir lögfræðingur Love að það sé ekkert persónulegt á bak við hana. „Mike þykir mjög vænt um Brian og samband þeirra er gott,“ sagði lögfræðingurinn. „Það er samt greinilega eitthvað athugavert við það hvernig Brian hefur kynnt plötuna. Þeir eru engu að síður ennþá ættingjar og stofnuðu saman eina af mikilvægustu



**BRIAN WILSON** Lítið er um góða strauða á milli Mike Love og Brian Wilson. hljómsveitunum í sögu rokkans.“ The Beach Boys lauk aldrei við Smile á meðan sveitin var enn starfandi. Platan var talin týnd klassík allt þar til Wilson ákvað að ljúka við hana. Platan fékk mjög góðar viðtökur og blés nýju lífi í feril Wilsons.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**P**ete Doherty, forsprakki hljómsveitarinnar Babyshambles, segist ekki hafa myndað nokkur tengsl við síðari plötu hinnar gömlu hljómsveitar sinnar, The Libertines. „Þegar hún kom út var ég mjög fjarlægur henni. Ég kom hvergi nálægt umslaginu og var bara hættur í hljómsveitinni. Það var mjög skrítið,“ sagði hann. Doherty segist samt sem áður fíla fyrstu



plötu Libertines, Up the Bracket.

**R**okksveitin Green Day hrífsaði til sín tvönn verðlaun á Evrópsku MTV-tónlistarverðlaunum á dögunum. Annars vegar var hún verðlaunuð fyrir bestu plötuna, American Idiot, og hins vegar fyrir að vera besta rokkhljómsveitin.



Fjölmargin tónlistarmenn munu leggja Michael Jackson lið í nýjasta lagi hans sem brátt verður tilbúið. Á meðal þeirra sem nýlega bættust í hópinn eru Lenny Kravitz, Wyclef Jean og Missy Elliott. Áður höfðu þau R Kelly, James Brown, Snoop Dogg, Mariah Carey og Jay-Z boðið fram krafta sína. Ekki amalegur hópur þar á ferð.



# Opið í dag

frá kl. 13-16 **Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík  
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Nýjar sendingar - Mikið úrval!

# „Viltu byrja með mér?“

Mótframlagið pitt

3 BÍÓ - 400 KR. | KRINGLAN SAMBÍÓIN HÁDEGISBÍÓ - 400 KR. 2 BÍÓ - 400 KR. | ATH! Miðasalan opnar kl. 11

Sýnd kl. 3 | Sýnd kl. 3 | Sýnd kl. 2 með íslensku tali | Sýnd kl. 12 með íslensku tali | Sýnd kl. 2 með íslensku tali | Sýnd kl. 12 með íslensku tali | Sýnd kl. 3 með íslensku tali | Sýnd kl. 3 með íslensku tali | Sýnd kl. 2 með íslenskur tali | Sýnd kl. 12

3 BÍÓ | 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA. | 2 BÍÓ | 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 2 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA. | HÁDEGISBÍÓ | 400 KR. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

## Ekki Íslendinga

Bjarni Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Plymouth sem tapaði 3-1 fyrir Ipswich í ensku fyrstu deildinni í gær og svo virðist sem Tony Pulis, sem nýlega tók við stjórnartumum hjá Plymouth en hann var þar áður knattspyrnustjóri hjá Stoke City, ætli sér ekki að nota Bjarna í liði sínu. Pulis notaði Þórð Guðmundsson og Tryggva Guðmundsson ekki neitt þegar hann var hjá Stoke og svo virðist sem hann ætli sér ekki að nota Bjarna mikið heldur. Pulis virðist því ekki vera neitt sérstaklega vel við íslenska knattspyrnumenn.



**sport**  
sport@frettabladid.is

38



# 60 MEÐ JAN MÖLBY

## SEKÚNDUR

**Erfiðasti andstæðingur?** Bryan Robson. Sterkur og erfiður viðureignar.

**Erfiðasti útvöllur?** Highbury var alltaf erfiður staður, sem og Goodison Park.

**Skemmtilegasti andstæðingur?** Það var alltaf mjög gaman að spila gegn Peter Reid hjá Everton.

**Besti leikmaður heims?** Ronaldinho.

**Á Sven-Göran að stýra Englandi á HM?** Já, ég tel það. Enginn betri til að leysa hann af.

**Besti samherji?** Ian Rush.

**Fótbolti er...** allt sem skiptir máli.

**Chelsea er...** heppið.

**David Beckham er...** ofmetinn.

**Hápunktur ferilsins?** Tvennan 1986.

**Besti leikmaður í sögu Liverpool?** Mjög erfið spurning en líklega er það Kenny Dalglish.

**Kæmist Eiður Smári í enska landsliðið?** Já, hann er klárlega nógu góður.

## &gt; Arnar í fantaformi

Frammistaða Arnars Gunnlaugssonar í Eglshöllinni í gær vakti verðskuldaða athygli en Arnar bar höfuð og herðar yfir hinar stjórnurnar á Ícelandair Ian Rush Masters-mótinu. Arnar var reyndar yngsti leikmaðurinn á mótinu en ekki leyndi sér að hann var í betra formi en oft áður og má segja að enginn hafi nýtt þennan „auglýsingaglugga“ betur en Arnar. Sumir höfðu reyndar á orði að hann hefði hlaupið meira í gær en allt síðasta sumar en ekki verður lagt mat á það hér. Engu að síður er ljóst að frammistaða Arnars hefur án efa kveikt í einhverjum liðum en ekki er búist við að Arnar gefi svar um hvort hann ætli að halda áfram í boltanum fyrr en „korter“ fyrir mót.





## Fjölnismenn – Grafarvogsbúar

Í kvöld, sunnudagskvöld, 6. nóvember kl. 19:15, leikur Fjölnir við Skallagrím í Powerade-bikarnum. Mætum öll í Dalhús og hvetjum okkar menn og tryggjum Fjölni sæti í úrslitakeppninni í Laugardalshöll.




Fylkir vann góðan tveggja marka sigur á Stjörnunni í gær:

## Slæmt tap Stjörnunnar á heimavelli gegn Fylkismönnum

**HANDBOLTI** „Það er gjörsamlega óásættanlegt að tapa hérna á heimavelli. Ég er alls ekki sáttur við okkar leik hér í dag og við eigum að gera miklu betur en þetta,“ sagði Patrekur Jóhannesson, leikmaður Stjörnunnar, eftir 19-21 tap gegn Fylkismönnum í Garðabænum í gær. Patrekur fór fyrir sínum mönnum í vörn og sókn en hann skoraði sex mörk og var markahæstur Garðabæinga. Þrátt fyrir góðan leik Patreks tókst Stjörnunni ekki að bera sigur úr býtum en leikurinn var jafn og spennandi allt til loka. „Fylkismenn eru með gott lið og sýndu það hér í dag.“

Vörnir okkar var ágæt en það var sóknarleikurinn sem varð okkur

að falli í dag. Við vorum óskynsamir og Hlynur var í banastuði í markinu,“ sagði Patrekur en Hlynur Morthens markmaður Fylkis varði 24 skot í markinu og lagði grunninn að sigrinum.

„Ég er gríðarlega ánægður með að taka bæði stiginn hér í dag,“ sagði hinn högværi Hlynur eftir leikinn en hann vildi sem minnst gera úr sínum hlut í leiknum.

„Mér gekk ágætlega en það er liðsheildin sem sköp sigurinn. Það er magnaður karakter í þessu liði og vörnir var frábær. Ef við höldum svona áfram er aldrei að vita hvað við náum langt.“ Eymar Kruger var markahæstur í Fylkisliðinu með sex mörk en Fylkismenn eru vel að



PATREKUR JÓHANNESSON Ryðst hér í gegnum Fylkisvörnina.

sigrinum komnir þar sem fádæma barátta var tvímælalaust lykllinn að góðum útisigri á Stjörnunni. - hþh

# Þú tekur flugið

frá Umferðarmiðstöðinni/BSÍ

### Vetraráætlun 2004-2005

Gildir frá 30. okt. 2005 til 25. mars 2006

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00	05:00
05:15	05:15	05:15	05:15	05:15	05:15	05:15
05:30	05:30	05:30	05:30	05:30	05:30	05:30
05:45	05:45	05:45	05:45	05:45	05:45	05:45
06:00	06:00	06:00	06:00	06:00	06:00	06:00
06:30	---	---	---	---	---	06:30
---	07:00	07:00	07:00	07:00	07:00	---
12:15	12:15	12:15	12:15	12:15	12:15	12:15
13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00	13:00
14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00	14:00
14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30	14:30
15:00	15:00	15:00	15:00	15:00	15:00	15:00

Kynnisferðir áskilja sér rétt til að breyta áætlun án fyrirvara ef breytingar verða á flugi.

## flugrútan • flybus

- Verð 1.150 kr.\* aðra leiðina.
- Ókeypis fyrir börn að 11 ára aldri.
- 50% afsláttur fyrir unglunga, 12-15 ára.
- Aukaferðir fyrir leiguflug sem ekki fellur að áætlun.

\*1.100 kr. frá 1. janúar 2006.

Upphafs- og endastöð allra ferða er Umferðarmiðstöðin/BSÍ.



**Reykjavík Excursions**  
KYNNISFERÐIR

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

DHL-deild kvk:

**VÍKINGUR-HAUKAR** 24-30  
**Mörk Víkings:** Hekla Daðadóttir 9, Ásta Björk Agnarsdóttir 4, Anna Kristín Árnadóttir 4, Barbara Fischer 4, Auður Benediktsdóttir 1, Lára Hannesdóttir 1, Sigrún Brynjólfsdóttir 1.

**Mörk Hauka:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 10, Ramune Pekarskyte 9, Inga Friða Trygvadóttir 5, Erna Þráinsdóttir 4, Harpa Melsted 1, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.

**STJARNAN-GRÓTTA** 21-15  
**Mörk Stjörnumnar:** Raket Dögg Bragadóttir 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Kristín Jóhanna Clausen 4, Elzbieta Kowal 2, Elsa Rut Óðinsdóttir 1, Hind Hannesdóttir 1, Sólveig Lára Kjærnested 1, Anna Blöndal 1.

**Mörk Gróttu:** Ivana Veljkovic 4, Arndís María Erlingsdóttir 3, Karen Smídt 3, Gerður Rún Einarisdóttir 2, Hera Bragadóttir 1, Þórunn Friðriksdóttir 1, Karólína Gunnarsdóttir 1.

**KA/PÓR-HK** 26-28  
**Mörk KA/Pórs:** Jurgita Markeviciute 10, Þórsteina Sigurbjörnsdóttir 5,

**Mörk HK:** Arna Sif Pálsdóttir 8, Auké Vísinekaite 5, Hjördis Rafnsdóttir 5, Tatjana Zukovska 4, Auður Jónsdóttir 3, Rut Jónsdóttir 2, Brynja Magnúsdóttir 1.

DHL-deild karla:

**STJARNAN-FYLKIR** 19-21  
**Mörk Stjörnumnar:** Patrekur Jóhannesson 6, Bjarni Friðriksson 4, Kristján Kristjánsson 3, Arnar Theódorsson 2, Tite Kalandaze 2, David Kekelija 1, Þorvaldur Nielsson 1.

**Varin skot:** Roland Eradze 14 og Jasek Kowal 8.

**Mörk Fylkis:** Eymar Kruger 6, Ásbjörn Stefánsson 4, Arnar Agnarsson 4, Arnar Sæþórsson 3, Heimir Örn Árnason 2, Kristján Þorsteinsson 1, Guðlaugur Arnarsson 1.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 24.



RAKEL DÖGG BRAGADÓTTIR Spilaði vel í gær og skoraði sex mörk.

DHL-deild kvenna:

Engin óvænt úrslit

**HANDBOLTI** Þrír leikir fóru fram í DHL-deild kvenna. Á Akureyri vann spútniklið HK finan sigur á KA/Pór, Haukar og Stjarnan unnu einnig góða sigra á Víkingu og Gróttu. Úrslitin koma ekki mikið á óvart.

Víkingur er sem fyrr á botninum enda eina liðið án sigurs og stefnir í langan og erfiðan vetur hjá Víkingsstúlkum.



**GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON** Guðjón Valur hefur leikið frábærlega með Gummersbach það sem af er leiktíð og er markahæsti leikmaður liðsins.

Gummersbach komst áfram:

Guðjón Valur skoraði þrettán

**HANDBOLTI** Guðjón Valur Sigurðsson skoraði þrettán mörk fyrir Gummersbach í gær þegar liðið lagði RK Koper að velli 29-27 í Evrópukeppni félagsliða í handbolta.

Leikurinn var jafn og spennandi lengst af en Gummersbach hafði þó gott tak á leiknum og leiddi meirihluta leiksins. Róbert Gunnarsson var einnig atkvæðamikill í sóknarleik Gummersbach og skoraði fimm mörk.

Bjarni Fritzson, sem lék með ÍR meðan hann lék hér á Íslandi, skoraði fjögur mörk fyrir Creteil þegar liðið lagði Baia Mare frá Rúmeníu 32-21 í Evrópukeppinni.

**AÐALVINNINGUR PSP + GTA**  
 SENDU SMS SKEYTIÐ 1900  
 BTC PSP Á NÚMÉRID 1900  
 SVARAÐU EINNÍ SPURNINGU UM PLAYSTATION OG ÞÚ GÆTTIR UNNIÐ!  
 12. HVER VINNINGUR FULLT AF AUKAVINNUM!  
 PSP TÖLVUR  
 PSP TÖLVULEIKUR  
 DVD MYNDR  
 FULLT AF PC TÖLVULEIKUM  
 KIPPUR AF COCA COLA!  
 PlayStation.2  
 VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÖPAVOGI MEÐ ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 149 KR/SKEYTIÐ. \* AÐALVINNINGUR ER DREGIN ÚR ÖLLUM INNSENDUM SMS SKEYTUM

**Skíðaferð til Saalbach - Hinterglemm**  
 4. febrúar - 1 vika / 11. febrúar - 1 vika / 4. febrúar - 2 vikur  
**Fararstjórar: Sævar Skaptason & Guðmundur K. Einarsson**  
 Skíðaferð Ferðapjónusta bænda árið 2006 er til Saalbach - Hinterglemm í Austurríki. Gist verður á 4 stjörnu hóteli í þorpinu Hinterglemm. Hótelíð er vel staðsett í jaðri bæjarins rétt við skíðalyfturnar. Saalbach - Hinterglemm oft nefnt skíðaparadís Alpanna og hefur verið valið eitt af 10 vinsælustu skíðasvæðum Austurríkis. Fararstjórar eru með hópnun og skipuleggja daglegar ferðir um skíðasvæðið fyrir þá sem vilja.  
**Verð: 104.900 kr. á mann í tvíbýli í 1 viku**  
**Verð: 154.500 kr. á mann í tvíbýli í 2 vikur**  
 Nánari upplýsingar í síma 570 2790 eða á [www.baendaferdir.is](http://www.baendaferdir.is)  
 KYNNTU ÞÉR SÉR FERÐIR FERÐAPJÓNUSTA BÆNDA  
[www.baendaferdir.is](http://www.baendaferdir.is) s: 570 2790 ferðapjónusta bænda

Gerðu kröfur!  
 -bragðgöð skemmtun  
**Bíóveisla**  
 Íslandsbanki kynnir Bíóveislu á Ruby Tuesday  
 Verslaðu máltíð af bíomatsæðli Ruby Tuesday milli 14 og 18 alla daga og þú færð bíómiða í kaupbæti. Tilboðið gildir eingöngu fyrir félagi í Námsvild Íslandsbanka.  
 Waiting...  
 Never F&@K with the people that serve you food!  
 Ryan Reynolds  
 Frá John Singleton leikstjóra "2 Fast, 2 Furious" og "Boyz n the Hood"  
**FOUR BROTHERS**  
 They came home to bury mom...and her killer  
 ÍSLANDBANKI | 100%  
 HÖFÐABAKKA 9 • 517 3990 & SKIPHOLTÍ 19 • 552 2211



**SKIN OG SKÚRIR** Þórður Guðjónsson hefur kynnst mikilli velgengi en líklega enn meira mótlæti á viðburðaríkum ferli sínum sem atvinnumaður. Nú er Þórður kominn aftur á heimaslóðir þar sem hann hefur hin ýmsu markmið - meðal annars það að vinna sér sæti í íslenska landsliðinu á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

leikmann í stöðu Þórðar, pólska landsliðsmanninn Thomas Zdebel, sem er varnarsinnaður miðjumaður að upplagi. Þórður spilaði í kjölfarið aðeins þrjá leiki á næstu leiktíð og svo fór að hann var fenginn til Íslendingaliðsins Stoke City í Englandi.

Þar var Þórður frystur af Tony Pulis, þáverandi þjálfara liðsins, og síðan aftur af Boskamp, núverandi þjálfara. Fljótlega missti hann sæti sitt í íslenska landsliðinu og er hægt að telja alvöruleiki Þórðar í byrjunarliði Stoke á fingrum annarar handar. Mótlætið var í algjöru hámarki og tók Þórður þá ákvörðun að snúa heim.

„Það má segja að koma mín til Stoke og allt sem henni fylgdi sé lágpunkturinn á mínum ferli.“

*En hápunkturinn?*

„Það eru margir sætir sigrar en það augnablik sem stendur upp úr er þegar ég var varð bikarmeistari með Genk í fyrsta skipti og var valinn besti leikmaður deildarinnar.“

#### Ætlar að miðla reynslunni

Óhætt er að segja að Þórður hafi gengið í gegnum súrt og sætt á viðburðaríkum ferli. Hann reynir að líta jákvæðum augum á mótlætið og ætlar nú að miðla þeirri reynslu sem hann hefur fengið til hinna ungu leikmanna ÍA, sem eru sumir í nákvæmlega sömu stöðu og hann sjálfur fyrir tólf árum.

„Það er mjög bjart yfir mér núna. Ég held að ég geti gefið ÍA ansi margt. Ég tel mig geta hjálpað ungu strákunum til að verða betri leikmenn, sérstaklega hvað varðar sjálfstraust og ekki síður að hafa trú á sjálfum sér. Það hef ég alltaf gert og það hefur skilað mér miklu. Vonandi skilar sér það líka til ungu strákanna hjá ÍA.“

# FINNST ÉG VERA TVÍTUGUR

Síðast þegar Þórður Guðjónsson spilaði fyrir ÍA var hann einn af ungu strákunum í liðinu sem nutu handleiðslu reynslubolta á við Sigurð Jónsson, Ólaf Þórðarson og fleiri. Nú, rúmum tólf árum síðar, er Þórður sjálfur orðinn „gamla kempa“ uppi á Skaga. *Vignir Guðjónsson* fór yfir ferilinn með Þórði.

Ég er orðinn 32 ára gamall en mér líður eins og ég sé tvítugur. Að því leyti er ég ekki þessi gamla kempa en þó geri ég mér grein fyrir því að ég er með eldri leikmönnum liðsins. Því fylgir mikil ábyrgð - ábyrgð sem ég er tilbúinn að standa undir;“ sagði Þórður þegar hann settist niður með Fréttablaðinu í vikunni - þá nýbúinn að skrifa undir þriggja ára samning við uppeldisfélagið ÍA, sem hann lék síðast með sumarið 1993.

Þá spilaði Þórður sem fremsti maður, skoraði níttján mörk fyrir liðið, sem náði einhverjum flottasta árangri sem náðst hefur í íslenskrar knattspyrnu og jafnaði hann þá markamet Péturs Péturssonar í efstu deild. En eftir tólf ár sem atvinnumaður erlendis hefur Þórður smám saman færst aftur á völinn og í dag hefur hann spilað allar stöður á völinum, að undanskildum miðverðinum og markverðinum.

„Ég afrekaði það meira að segja að spila vinstri bakvörð eitt skiptið fyrir Bochum. Þá skoraði ég tvö mörk og spilaði frábærlega,“ segir Þórður og hlær.

*En hver er uppáhaldsstaðan þín?*

„Ég vil vera mikið í leiknum og að því leyti er staðan á milli sóknar og miðju sú besta. Ég vill sjá markmið og vera mikið í boltanum frekar en að vera úti á kanti eða einn frammi.“

#### Ótrúleg velgengi í Belgíu

Eftir að hafa slegið í gegn með Skaganum 1993 fór Þórður til þýska liðsins Bochum, sem þá lék í 1. deildinni. Eftir á að hyggja segir Þórður það hafa verið hárrétt skref að fara til Bochum, en þar sáu þjálfarar hæfileika í Þórði sem þeir töldust nýttast honum best annars staðar en í fremstu víglínu.

„Klaus Toppmöller tók við liðinu og mótaði mig sem leikmann. Hann sá eitthvað annað í mér, ég hef verið þekktur fyrir að hlaupa í allar níutíu mínúturnar og hann hefur líklega talið mig nýttast betur aftur á vellinum sem þannig leikmaður. Hjá honum mótaðist ég sem framliggjandi miðjumaður,“ segir Þórður, sem spilaði mikið fyrir Bochum fyrstu þrjú árin. Á fjórða árinu fór

að halla undan færi, Þórður datt út úr myndinni hjá liðinu og svo fór að hann hélt í viking til Belgíu - nánar tiltekið til Genk.

„Þar var ég í þrjú frábær ár, þar sem ég varð bikarmeistari á fyrsta og síðasta árinu og belgískur meistari á öðru árinu. Belgíski boltinn hentaði mér mjög vel, ég var 24 ára en samt með mikla reynslu frá harðri þýsku úrvalsdeildinni. Þjálfarinn leyfði mér að leika algjörlega lausum hala fyrir aftan tvo framherja og ég var með gríðarlegt sjálfstraust á þessum tíma.“

Þórður blómstraði í Belgíu og var meðal annars valinn besti leikmaður ársins af stærsta dagblaði landsins. Fyrstu tvö tímabilin hjá Genk og lengst af því þriðja var Þórður undir stjórn Aime Antheunis - þjálfara sem hann ber einstaklega vel sögunna og er núverandi þjálfari belgíska landsliðsins. Í febrúar árið 2000 hrökklaðist hann úr starfi og við tók Johan nokkur Boskamp, sem Þórður hitti síðan aftur fyrir hjá Stoke í fyrria með vondum árangri, eins og rakið er hér annars staðar á síðunni.

#### Martröðin á Kanaríeyjum

Þórður var keyptur til Las Palmas á Spáni fyrir 2,5 milljónir punda, sem var mikill peningur á þeim tíma og er enn. Og með háum verðmiða fylgir mikil pressa - eins og Þórður segir sjálfur frá. „Enn þann dag í dag er ég einn af dýrustu leikmönnum sem Las Palmas hefur keypt. Að sjálfsögðu voru væntingarnar miklar,“ segir Þórður, sem náði hins vegar ekki að standa undir þeim væntingum.

„Ég fékk tækifæri á fyrstu og spilaði mikið. En vegna landsleikjartarar um haustið missti ég byrjunarliðssætið sem ég var kominn með á undirbúningstímabilinu. Og það sæti fékk ég aldrei aftur,“ segir Þórður, sem á þeim tveim árum sem hann var á mála hjá Las Palmas var í tvígang lánaður til Englands í tvo mánuði í senn, fyrst til Derby í úrvalsdeildinni og síðan Preston í 1. deildinni. Þar spilaði Þórður þó nokkuð og stóð sig mjög vel og meðal annars hafði David Moyes, þáverandi stjóri Preston en núverandi stjóri Everton, mikinn áhuga á

að fá Þórð í sínar raðir. En Las Palmas vilði ekki lækka verðmiðann.

„Ég hélt alltaf góðu sambandi við Bochum og þegar þeir heyrðu af því að það væri möguleiki að fá mig gripu þeir tækifærið,“ segir Þórður. Þetta var sumarið 2002 og lauk þá martröðinni á Kanaríeyjum.

„Bochum var þá aftur búið að vinna sig upp úr 1. deildinni og ég spilaði mjög mikið á fyrsta árinu, þá sem djúpur miðjumaður,“ segir Þórður og bætir því við að honum hafi líkað vel við að tækla og berja á andstæðingum sínum í miðjunni. Ári seinna keypti Bochum

Johan Boskamp, stjóri Þórðar hjá Stoke og Genk:

## Er ekki sami leikmaðurinn og hann var

Johan Boskamp, knattspyrnustjóri Stoke, segir að Þórður Guðjónsson sé ekki sami leikmaðurinn og hann var undir sinni stjórn hjá Genk árið 2000, en þá varð liðið belgískur bikarmeistari á tímabili þar sem Þórður skoraði 17 mörk og spilaði frábærlega. Þórður hefur engin tækifæri fengið með Stoke á tímabilinu og segir Boskamp að einföld ástæða sé fyrir því.

„Þórður er ekki sami leikmaðurinn og hann var. Hann var lykilmaður hjá mér hjá Genk, bæði innan vallar og utan. En í dag er hann breyttur maður,“ sagði Boskamp við Fréttablaðið. Hollenski þjálfarinn getur litlar skýringar gefið á þessum fullyrðingum sínum, en segir að líklegast sé um skort á sjálfstrausti sé að ræða.

„Ég var mjög ánægður með að hafa Þórð í liðinu þegar ég tók við Stoke í sumar. Hann spilaði alla leiki liðsins á undirbúningstímabilinu og alltaf beið ég eftir því að hann næði sér almennilega á strik. En hann komst aldrei í sama form og hann var í hjá Genk. Hann hefur mjög lítið spilað á síðustu árum og það hefur bitnað á sjálfstrausti hans. Hjá Genk var hann að auki mikill persónuleiki, svo er ekki hjá Stoke. Ég veit ekki hvað kom

fyrir hann,“ segir Boskamp.

Þórður gefur lítið fyrir ummæli Boskamp og segir mikla sögu á bak við þá tvo. „Boskamp var í raun ástæðan fyrir því að ég fór frá Genk á sínum tíma. Ég ræddi þau mál við hann á fyrsta degi eftir að hann kom til Stoke og hann sagði mér að þau mál væru úr sögunni,“ segir Þórður, án þess að vilja fara nánar út í hver þeirra deilumál eru.

„Það er rétt að ég spilaði alla leikina á undirbúningstímabilinu en ég var að spila út úr minni stöðu og oft var ég einn frammi og það í ensku liði,“ segir Þórður og horfir til lofts og gefur þannig til kynna að fyrir leikmann með hans vaxtarlag hafi verið við ofurefli að etja.

*Boskamp talar um hvernig sjálfstraust þitt sé í molum - geturðu tekið undir það?*

„Einn rökin sem hann gefur mér eru þau að ég sé ekki sami leikmaðurinn sem ég var.“

*Er það rétt? Ertu breyttur maður eftir allt þetta mótlæti?*

„Boskamp kemur til Genk þegar ég er búinn að vera þar í tvö og hálf ár, bókstaflega allt hafði gengið upp hjá mér og sjálfstraustið var í botni. Þegar hann kemur til Stoke var ég ekki búinn



**JOHAN BOSKAMP** Segir Þórð Guðjónsson hafa breyst sem leikmaður og persóna eftir misheppnaða dvöl á Spáni og í Þýskalandi eftir að hafa yfirgefið Genk árið 2000.

að spila í heilt ár og búinn að þola mesta mótlæti sem ég hef upplifað á ferlinum. Ég get ekki ímyndað mér hvernig nokkur leikmaður geti verið sami leikmaðurinn og hann var áður en aðstæður breyttust á þennan veg. Það er ekki hægt að ætlast til þess.“

*En alltaf þegar þú spilaðir fyrir landsliðið virtist sami gamli Þórður Guðjónsson vera til staðar, þrátt fyrir að þú hafir ekki verið að spila fyrir félagslíð þitt?*

„Það er einmitt málið því þetta er öðruvísi þegar þú veist að þú hefur stuðning þjálfarans. Í fyrstu vissi ég að Ásgeir (Sigurvinsson) og Logi (Ólafsson) væru á bak við mig, sem og meðspilarar mínir, og þá skipti það engu máli hvernig staðan á mér ytra væri. Það gefur manni mikið sjálfstraust og þá spilar maður ósjálfrátt vel.“

vignir@frettabladid.is





ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

ASTON VILLA-LIVERPOOL 0-2  
 0-1 Steven Gerrard, viti (85.), 0-2 Xabi Alonso (89.).  
 ARSENAL-SUNDERLAND 3-1  
 1-0 Robin van Persie (12.), 2-0 Thierry Henry (36.), 2-1 Alan Stubbs (74.), 3-1 Thierry Henry (82.).  
 BLACKBURN-CHARLTON 4-1  
 1-0 Brett Emerton (2.), 2-0 Paul Dickov (18.), 2-1 Bryan Hughes (36.), 3-1 Morten Pedersen (59.), 4-1 Craig Bellamy (90.).  
 FULHAM-MAN. CITY 2-1  
 1-0 Steed Malbranque (6.), 1-1 L. Croft (20.), 2-1 Steed Malbranque (45.). Heiðar Helguson lék síðustu þrettán mínútur leiksins.  
 NEWCASTLE-BIRMINGHAM 1-0  
 1-0 Emre (78.).  
 WEST HAM-WBA 1-0  
 1-0 Teddy Sheringham (57.).  
 PORTSMOUTH-WIGAN 0-2  
 1-0 P. Chimbonda (47) 2-0 Jason Roberts (78)

STADAN:

CHELSEA	11	10	1	0	28-6	31
WIGAN	10	7	1	2	11-5	22
TOTTENHAM	11	5	5	1	13-7	20
BOLTON	11	6	2	3	13-11	20
CHARLTON	10	6	1	3	15-10	19
MAN. UTD	10	5	3	2	15-11	18
ARSENAL	10	5	2	3	13-7	17
MAN.CITY	10	5	2	3	11-8	17
WEST HAM	10	4	3	3	14-10	15
MIDDLBR.	11	4	3	4	15-15	15
BLACKB.	11	4	2	5	11-14	14
LIVERPOOL	9	3	4	2	7-8	13
NEWCASTL.	10	3	3	4	8-10	12
PORTSM.	11	2	4	5	11-13	10
FULHAM	11	2	3	6	10-15	9
A.VILLA	10	2	3	5	9-16	9
WBA	10	2	2	6	9-18	8
EVERTON	10	2	1	7	3-12	7
BIRMINGH.	11	1	3	7	7-16	6
SUNDERL.	11	1	2	8	10-21	5

Enska 1. deildin:

IPSWICH-PLYMOUTH 3-1  
 Bjarni Guðjónsson var ekki leikmannahópi Plymouth.  
 LEEDS-PRESTON 0-0  
 Gylfi Einarsson var í leikbanni.  
 LEICESTER-SOUTHAMPTON 0-0  
 Jóhannes Karl Guðjónsson var ekki í leikmannahópi Leicester.  
 QPR-READING 1-2  
 Ívar Ingimarsson skoraði sigurmark Reading og lék allan leikinn. Brynjar Björn Gunnarsson var ekki liði Reading vegna meiðsla.  
 STOKE-BRIGHTON 1-0  
 Hannes Sigurðsson lék allan leikinn fyrir Stoke City.

Velgengi Wigan:

Verður áfram í toppbaráttu

**FÓTBOLTI** Paul Jewell, knattspyrnu- stjórnari Wigan Athletic, hefur náð frábærum árangri með liðið það sem af er keppni í ensku úrvals- deildinni en sigur liðsins á Ports- mouth í gær var sjötti sigurleikur liðsins í röð og er liðið nú í öðru sæti í úrvalsdeildinni. „Það hefur gengið frábærlega hjá okkur það sem af er leiktíð. Samt sem áður höfum við verið dálítið óheppnir. Við höfum alltaf átt skilið að vinna þá leiki sem við höfum unnið. En tapir gegn Chelsea í fyrsta leik okkar var óverðskuldað. Nú er það undir okkur sjálfum komið að halda okkur í toppbaráttunni því við höfum nú þegar sýnt hinum liðunum að við getum spilað góðan fótbolta.“ -mh

# Liverpool lagði Aston Villa á Villa Park

Liverpool vann sinn fyrsta útisigur í ensku úrvalsdeildinni í vetur þegar liðið lagði Aston Villa 2-0.

**FÓTBOLTI** „Þetta var góður sigur hjá okkur. Það er erfitt að koma á þennan völlum og halda markinu hreinu, en okkur tókst það. Þetta var sanngjarn sigur að mínu mati,“ sagði Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, eftir 2-0 sigur á liði Aston Villa á Villa Park í Birmingham. Steven Gerrard skoraði fyrra mark Liverpool úr vítaspyrnu á 85. mínútu en Spánverjinn Xabi Alonso bætti öðru marki við fjórum mínútum síðar. David O'Leary, knattspyrnustjóri Aston Villa, var ekki sáttur við vítaspyrnudóminn. „Þetta var ódýr vítaspyrna og hún einfaldlega réð úrslitum. Svona geta slæmir dómur ráðið úrslitum.“


Arsenal átti ekki í neinum vandræðum með lið Sunderland og endaði leikurinn með 3-1 sigri heimamanna í Arsenal. Mick McCarthy, knattspyrnustjóri Sunderland, sagði sitt lið einfaldlega hafa mætt ofjörlum sínum. „Ég hef alltaf hrifist af leikstíl Arsenal eftir að Arsene Wenger tók við stjórnartumum hjá liðinu. En mér fannst leikmenn mínir bera of mikla virðingu fyrir hættulegum sóknarmönnum Arsenal. Það má ekki gefa leikmönnum eins og Thierry Henry neitt pláss, en einhverja hluta vegna fannst varnarmönnum mínum það ekkert tiltökumál ef Henry var einn og yfirgefnir með boltann fyrir framan víta- teiginn,“ sagði McCarthy undr-



STEVEN GERRARD SKORAR ÚR VÍTASPYRNU Gerrard lék ágætlega með Liverpool í gær og sést hér skora fyrra markið í leiknum gegn Aston Villa.

andi eftir leikinn. Ekki vænkaðist staða Birmingham City í gær en liðið tapaði 1-0 fyrir Newcastle United á St. James Park í Newcastle. Steve Bruce, knattspyrnustjóri Birmingham, var að vonum svekktur í leikslok, en jafnræði var með liðunum lengst af. „Svona hefur

þetta gengið hjá okkur í vetur. Við erum oftast en ekki að standa okkur ágætlega meirihluta leiksins en síðan er okkur refsað fyrir öll einstaklingsmistök. Ég hef trú á leikmönnum mínum og trú á því að liðið muni ná sér upp úr vandræðunum sem liðið er komið í.“ -mh



ÍVAR INGIMARSSON Ívar hefur leikið einstaklega vel með Reading á tímabilinu.

Ívar með sigurmarkið:

## Reading enn á sigurbraut

**FÓTBOLTI** Ívar Ingimarsson skoraði sigurmark Reading í gær þegar liðið lagði Queens Park Rangers að velli, 2-1 á heimavelli QPR, Loftus Road. James Harper kom Reading yfir eftir fallegan undirbúning Dave Kitson en Lee Cook jafnaði fyrir Queens Park Rangers, sem sótti stíft næstu mínútur á eftir.

Ívar Ingimarsson tryggði svo sigur Reading með því að skalla boltann fallega í netið eftir hornspyrnu frá John Oster.

Reading hefur nú ekki tapað tuttugu deildarleikjum í röð og er það félagsmet. Steve Coppell, knattspyrnustjóri Reading, hrósaði sínum mönnum í hástert og sagði liðið líklegt til þess að komast upp í úrvalsdeildina ef það héldi áfram á sömu braut. „Þetta var jafn leikur en við sýndum baráttu og dugnað og það skillaði okkur sigri að lokum. Við hefðum átt að skora fleiri mörk. Vonandi tekst okkur að halda áfram að vinna leiki og tryggja okkur sæti í úrvalsdeildinni.“ -mh

Breiðablik vann á Mastersmóti Ian Rush og Ícelandair:

# Gamlar kempur í Egilshöllinni


**FÓTBOLTI** Breiðablik vann óvæntan sigur á Ian Rush Ícelandair Masters mótinu sem fram fór í Egilshöll í gær. Blikar höfðu menn á borð við Kjartan Einarsson og Salih Heimi Porca innanborðs en þeir lögðu feikisterkt úrvalslíð Ícelandair í úrslitaleik 2-1. Ícelandair-liðið taldi marga kunna kappu, Arnór Guðjohnsen, Ólaf Þórðarson, Eyjólf Sverrisson auk markahæsta manns mótsins, Arnars Gunnlaugssonar. „Mér fannst mótið ganga mjög vel og ég er ánægður með það í alla staði. Þetta var bara fyrsta mótið hérna og við lærum af mistökunum, vonandi náum við að gera þetta árlega úr þessu. Það er frábært að vera hérna á Íslandi og ég er viss um að það verður bara vin-

sælla í framtíðinni,“ sagði Ian Rush um mótið sem hann stóð fyrir ásamt Ícelandair en hann var með svörin á hreinu af hverju Liverpool tókst ekki að fara með sigur af hólmi. „Við ættum kannski að róa okkur á bjórnum,“ sagði Rush brosandí.

„Það er gaman að þessu, þetta er frábært framtak og það er gaman að fá að taka á þessum köllum,“ sagði Guðni Bergsson, sem lék með úrvalslíði Ícelandair.

„Sumir hérna eru aðeins í eldri kantinum en við vorum með frekar sprækt lið og ég trúir ekki öðru en að áhorfendur hafi haft gaman af því að horfa á mótið þó svo að kílóin hafi aðeins safnast saman á sumum,“ sagði Guðni.

hjalti@frettabladid.is



FRANK STAPLETON OG GUÐNI BERGSSON Stapleton, sem lék með liði Manchester United á mótinu, komst lítt áleiðis gegn Guðna Bergssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



EINAR LOGI VIGNISSON: SKRIFAR UM BOLTANN Á SPÁNI OG ÍTALÍU

# Baskar á botni og toppi á Spáni

Gengi tveggja liða hefur vakið hvað mesta athygli á Spáni í haust. Annars vegar góður leikur Osasuna sem vermir óvænt toppsætið og hins vegar sljól- eiki Athletic Bilbao sem er neðst í deildinni. Bilbæingar skiptu um þjálfara í vikunni og réðu Javier Clemente, fyrrum landsliðs- þjálfara Spánar. Hann hefur stýrt Bilbao í tvígang áður, gerði liðið meðal annars að meisturum tvö ár í röð snemma á niunda áratugnum. Dapurt gengi Bilbao hefur leitt til spurn- inga um hvort basknesk þjóðernisstefna liðsins sé að bíða skipbroten en liðið hefur alla tíð eingöngu teft fram baskneskum leikmönnum.



Markmaður á vænginn

Baskaland liggur nyrst á Spáni en Baskar búa í fleiri héruðum á Norður-Spáni og syðst í Frakklandi. Vínhéruðin frægu Navarra og La Rioja eru næstu nágannar í suðri og leikmenn þaðan eru flokkaðir sem Baskar eftir hentugleik- um Bilbæinga. Má nefna að Bilbao skartar átta leikmönnum frá þessum héruðum. Óneitanlega takmarkar þessi þjóðernis- stefna möguleika á endur- nýjun liðsins. Bilbao er ekki ríkt félag og missir reglulega frá sér bestu mennina til stærri

liða, í sumar gekk bakvörðurinn Asier Del Horno í raðir Chelsea og framherjinn Santi Ezquerro hélt til Barcelona til að sitja á bekknum þar. Bilbæingar fengu nokkra leikmenn í staðinn en enga stórspilara. Var þó spáð allgóðu gengi enda verið í toppbaráttunni undanfarin ár. Fallbarátta er nokkuð sem liðið þekkir ekki enda eina liðið ásamt Real Madrid og Barcelona sem aldrei hefur fallið úr efstu deild. Clemente er þekkt hörkutól og líklegur til að rífa liðið úr dróma. Hann beitir gjarnan óhefðbundnum aðferðum til að hrista upp í mannskapnum. Frægasta dæmið er þegar hann var svo óánægður með leik landsliðsins að hann setti varamarkvörðinn Molina inn á - í stöðu vinstri vængmanns! Clemente notaði mikið Baska í landsliðið og hlaut allnokkra gagnrýni

fyrir. Hann svarar allri gagnrýni fullum hálsi, dásamlegast tilsvara hans þegar hann hreytti í blaðamann sem taldi sig vita sitthvað um leikinn af því að hann hefði horft svo mikið á fótbolta: „Beljurnar við æfingavöllinn okkar horfa á fótbolta á hverjum degi en þær vita ekki rassgat.“

Sterkir í Pamplona

Baskneska þjóðernisstefnan hefur haldið velli vegna þess að Baskaland og nærsveitir eru mesta útungun- arstöð Íberíuskagans á knattspyrnu- mönnum. Með toppliðinu Osasuna leika til dæmis þrettán leikmenn sem hafa fæðingavottorð sem hreinlínumennirnir í Bilbao gætu samþykkt. En Osasuna er í borginni Pamplona í Navarra-héraði og þar

hlusta menn ekki á neinar þjóðernis- dillur og skarta útlendingum að vild. Serbinn Savo Milosevic er þekktasti leikmaður Osasuna ásamt spænska markverðinum Ricardo sem var um hríð á mála hjá Manchester United. Borgin Pamplona er þekktust fyrir nautahlaupið „encierro“ sem fer fram í júlí ár hvert en þá er kolvitlausum nautum sleppt lausum á götum borgarinnar og fífljarfir ofurhug- ar freista þess að komast undan óslasaðir. Osasuna-menn hafa einnig verið kaldir karlar í gegnum tíðina enda merkir heiti liðsins styrkur og kraftur á basknesku. Þeir hafa verið með ágætislið síðustu ár en oftast sveimað í rólegheitum um miðja deild. Þeir þykja leika afar agaðan leik að ítalskri fyrirmynd og eru erfið- ir heim að sækja.

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

3 4 5 6 7 8 9

## Sunnudagur

## LEIKIR

- 15.00 FH og ÍBV mætast í DHL-deild karla í handbolta í Kaplakríka.
- 16.00 ÍBV og Afturelding eigast við í DHL-deild kvenna í handbolta í Vestmannaeyjum.
- 16.00 Grindavík og KR mætast í Powerade bikarnum í körfubolta kvenna í Grindavík.
- 16.00 Valur og Stjarnan eigast við í Powerade bikarnum í körfubolta kvenna.
- 18.15 Grindavík og Keflavík eigast við í Powerade bikarnum í körfubolta karla í Grindavík.
- 19.15 ÍR og Njarðvík eigast við í Powerade bikarnum í körfubolta karla í Seljaskóla.
- 19.15 Fjölnir og Skallagrímur eigast við í Powerade bikarnum í körfubolta karla í Grafarvoginum.
- 19.15 Snæfell og KR mætast í Powerade bikarnum í körfubolta karla í Stykkishólmi.
- 19.15 Breiðablik og Haukar eigast við í Iceland Express deild kvenna í Smáranum í Kópavogi.

## SJÓNVARP

- 08.30 Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 09.00 A1 kappaksturinn á Sýn.
- 11.20 Meistaradeild Evrópu á Sýn.
- 13.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs á Sýn.
- 13.50 Ítalski boltinn á Sýn. Leikur AC Milan og Udinese sýndur í beinni útsendingu.
- 15.55 Hnefaleikar á Sýn. Bardagi milli Scott Harrisson og Nedat Hussein.
- 17.55 Spænski boltinn á Sýn. Leikur Real Madrid og Zaragoza á Sýn.
- 20.00 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn.
- 21.30 Helgarsportíð á RÚV.
- 23.00 Spænski boltinn á Sýn. Leikur Getafe og Barcelona.

## Haukar steinlágðu í Danmörku

Enn einu sinni varð slakur fyrri hálfleikur Haukum að falli. Páll Ólafsson, þjálfari liðsins, sagði leik sinna manna hafa verið skelfilegan.

**HANDBOLTI** „Við lékum skelfilega í fyrri hálfleik og við sáum aldrei til sólar eftir hann. Leikmenn verða að fara að sýna hvað þeir geta ef ekki á illa að fara á tímabilinu,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir að liðið steinlágði fyrir Árhús GF í Meistaradeild Evrópu í handbolta, 34-21.

Haukar náðu sér aldrei á strík í leiknum og var það sérstaklega í fyrri hálfleik sem danska liðið lagði grunninn að sigrinum, en staðan í hálfleik var 17-7 Árhús í vil. Danska liðið lék hraðan handbolta sem Haukaliðinu tókst ekki að verjast nægilega vel og því töpuðu Haukar stórt.

Haukar hafa oftast en ekki spilað illa í fyrri hálfleik í vetur og hefur Páll Ólafsson töluverðar áhyggjur af því hvernig leikir liðsins hafa verið að þróast. „Ég þarf að fara að skoða hvernig undirbúningur okkar er fyrir leiki því við náum okkur ekki nægilega vel á strík í byrjun leikjanna. Liðið virðist vera einbeitt en svo eru leikmenn ekki nægilega tilbúnir þegar flautað er til leiks. En ég mun fara rækilega yfir hvers vegna leikur liðsins er ekki betri en þetta í fyrri hálfleik. Ég veit vel að lið mitt getur spilað góðan handbolta þegar allir leikmenn eru einbeittir og sýna sitt rétta andlit. En það er ekki að gera það þessa stundina og það er mitt verkefni að taka á þeim vanda.“

Haukar eru nú með tvö stig eftir fimm leiki og eru jafnir ítalska liðinu Merano að stigum. Innbyrðisviðureign liðanna, í síðustu umferðinni í riðla-keppninni, mun því ráða úrslitum um það hvort liðið nær þriðja sætinu í riðlinum og kemst þannig



**HALLDÓR INGÓLFSSON OG STURLA ÁSGEIRSSON** Sturla Ásgeirsson, leikmaður Árhús GF, sést hér reyna að stöðva Halldór Ingólfsson í leiknum í gær.

áfram í EHF-keppnina.

Andri Stefan var markahæsti leikmaður Hauka í leiknum en hann skoraði fimm mörk. Birkir Ívar Guðmundsson var þó án efa

besti leikmaður liðsins en hann varði 21 eitt skot í markinu. Árni Sigtryggsson náði sér ekki á strík í leiknum og skoraði aðeins þrjú mörk.

magnush@frettabladid.is



**ALFRED GÍSLASON** Handboltaþjálfari hjá Magdeburg.

Góður sigur hjá Magdeburg:

## Magdeburg áfram í Evrópu-keppninni

**HANDBOLTI** Magdeburg tryggði sér í gær sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í handbolta þegar liðið lagði rússneska liðið Chehovski Moskvu að velli 37-28 á heimavelli sínum. Íslenski landsliðsmaðurinn Sigfús Sigurðsson skoraði fimm mörk fyrir Magdeburg í leiknum en Arnór Atlason komst ekki á blað í leiknum, en sat á bekknum lengst af.

- mh

**allt heilsa**

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## FARÐU ALLA LEIÐ

Komdu í reynsluakstur strax í dag!



Með bílinn handa þér



NÝR LAND ROVER DISCOVERY 3 WINDSOR kr. 5.530.000

Skoðaðu ný LAND ROVER verð á [www.landrover.is](http://www.landrover.is)



GO BEYOND™



SIR ALEX FERGUSON Ekki sáttir við forkólfa Chelsea.

Sir Alex Ferguson:

## Sakar Chelsea um léleg vinnubrögð

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, tendraði bálíð fyrir leik United og Chelsea, sem fram fer í dag, með því að segja að Chelsea bjóði í leikmenn eingöngu svo þeir fari ekki til United eða Arsenal.

„Ef við ætlum okkur að gera eitthvað á leikmannamarkaðnum þá verðum við að vera snöggir og klára málið áður en Chelsea kemst að því,“ sagði Sir Alex. „Ég veit til þess að þeir eru sáttir við að kaupa leikmenn sem þeir ætla ekki að nota bara svo þeir fari ekki til okkar eða Arsenal. Chelsea getur leyft sér það því félagið á endalaust af peningum.“

Ekki er vitað hversu vel þessi orð fóru í Chelsea-menn en ljóst er að þeim verður svarað á vellinum í dag. Ef United tapar verður það þriðji leikurinn sem liðið tapar á einni viku.

# Takið vel á móti fermingarbörnum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 7. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

## Starfsmenntaverðlaunin 2005

Starfsmenntun er ein af undirstöðum framþróunar í atvinnulífinu. Með því að styðja við nýsköpun og framþróun starfsmenntunar á Íslandi er hægt að bæta verkunnáttu og auka hæfni starfsmanna.



Starfsmenntaráð og Mennt standa að afhendingu Starfsmenntaverðlaunanna ár hvert, en þau eru hugsuð sem hvatning fyrir þá sem þykja vinna framúrskarandi starf á sviði starfsmenntunar.

### Kærar þakkir!

Starfsfólki Landsvirkjunar er það mikill heiður að fyrirtækið hlaut Starfsmenntaverðlaunin 2005 fyrir öflugt fræðslustarf. Þessi viðurkenning er Landsvirkjun og þeim sem þar starfa hvatning til að halda áfram á sömu braut.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Fill it up again! Fill it up again! Once it hits your lips, it's so good!”

Svar:  
Frank the Tank í kvikmyndinni Old School frá árinu 2003

# dagskrá



## Í TÆKINU PORTIA LEIKUR Í THE GLOW Á STÖÐ 2 KL.03.45

### Stundaði nám í lögfræði

Portia de Rossi er fædd og uppalin í Ástralíu. Hún var skírð Amanda Lee Rogers en breytti nafni sínu í Portia þegar hún var fimmtán ára gömul. Eftir að Portia útskrifaðist úr gagnræðiskóla hóf hún lögnað við Melbourne-háskólann. Hún stundaði nám sitt af samvirkseminu en hreift þó ósjálfrátt af kvikmyndum og kvikmyndaleik. Árið 1994 fór hún í leikprufu fyrir ódýra mynd sem nefndist Sirens og Hugh Grant lék aðalhlutverkið í. Hún hlaut hlutverk sem fyrirsætan Giddy og hóf þar með leikferil sinn.

Það var þó ekki fyrr en árið 1997 þegar Portia lék hina ógleymanlegu Murphy í Scream 2 sem hún fór að vekja athygli. Ári síðar fékk hún fast hlutverk í þáttunum Ally McBeal sem lögfræðingur og




lék í þeim næstu fjögur árin. Portia hefur einnig leikið í myndum svo sem Stigmata (1999), Girl (1998) og The Invisibles (1999) og komið fram á forsíðum tímarita, þar á meðal Sharpe.

Frá árinu 2004 hefur Portia leikið í þáttunum Arrested Development sem hafa átt miklum vinsældum að fagna.

Portia hefur tilkynnt það opinberlega að hún sé samkynhneigð og fyrir ári síðan byrjaði hún með grínistanum fræga Ellen DeGeneres. Áður hafði hún átt í langtímasambandi með söngvaranum og stjúpdróttur Ringo Starr, Francesco Gregorini. Samkvæmt fjölmiðlafréttum höfðu þær Francesca ætlað að gifta sig þegar Portia hittu Ellen.

Þrjár bestu myndir Portiu:

Dead & Breakfast – 2004 The Night We Called It a Day – 2003 Stigmata – 1999



▶ 20.30

Spenna

ÖRNINN



▶ 12.00

Dægurmál

SILFUR EGILS



▶ 20.40

Raunveruleiki

LAGUNA BEACH



▶ 21.00

NÝTT

ROCK STAR: INXS



▶ 20.00

Golf

US PGA TOUR 2005

## SKJÓVARPIÐ

8.00 Morgunstundin 8.03 Engilbert 8.15 Hopp og hí Sessami 8.42 Magga og furðudýrið 9.05 Disneystundin 9.06 Liló og Stitch 9.28 Teiknimyndir 9.35 Mikki mús 9.59 Matti morgunn 10.13 Leikarlinn 10.20 Latibær 10.45 Spaugstofan 11.15 Hljómsveit kvöldsins 11.45 Kallakaffi

12.15 Stuttmyndakeppnin 12.55 Listin mótur heiminn 14.00 Parsifal 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar

18.30 Að eignast vini Leikin barnamynd frá Finnlandi.  
18.50 Lísa (4:13) Sænskur teiknimyndaflokkur.  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljós  
20.00 Kallakaffi (7:12)  
▶ 20.30 Örninn (3:8) (Örnin II) Danskur spennumyndaflokkur um hálfslenskan rannsóknarlögglumann í Kaupmannahöfn.  
21.30 Helgarportið  
21.55 Válegur vinur (Harry, un ami qui vous veut du bien)Frönsk spennumynd frá 2000. Leikstjóri er Dominik Moll og meðal leikenda eru Laurent Lucas, Sergi López, Mathilde Seigner og Sophie Guillemin. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

23.50 Kastljós 0.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Undercover Brother (e) (B.börnum) 8.00 Twin Falls Idaho 10.00 Fíaskó 12.00 Digging to China 14.00 Twin Falls Idaho 16.00 Fíaskó 18.00 Digging to China 20.00 Undercover Brother (e) (Svarti spæjarinn)Hasargamanmynd af bestu gerð. 22.00 Sleepers Fjórir piltar gátu ekki alltaf stillt sig um að prakkarast. 0.25 Stardom (Str. b. börnum) 2.05 Justice (Str. b. börnum) 4.00 Sleepers (Str. b. börnum)



7.00 Barnatími (Kýrin Kolla, Litlir hnettit, Myrkfælnu draugarnir, Töfrastigvél, Addi Paddi, Pingu, Könnuðurinn Dóra, WinxClub, Scooby Doo, Ginger segir frá, Skrimslaspilið, Titeuf, Froskafjör, Nýja vonda nornin, Stróri draumurinn, Home Improvement 3)

▶ 12.00 Silfur Egils 13.30 Neighbours 13.50 Neighbours 14.10 Neighbours 14.30 Neighbours 14.50 Neighbours 15.15 Það var lagið 16.15 Idol – Stjöruleit 2 (37:37) (e) 16.45 What Not To Wear (5:5) 17.45 Oprah (2:145)

18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.15 Jake in Progress (2:13) (Krisustjórinn) Nýr bandarískur grínþáttur um ungan og hungraðan kynningarfulltrúa í New York.  
19.40 Sjálfstætt fólk  
20.10 Missing (1:2) (Saknað) Framhaldsmynd mánaðarinn er skostak sakamála-drama í tveimur hlutum sem byggir á metsöluskáldsögu eftir sænska höfundinn Karin Alvtengen-Lundberg.  
21.20 Blind Justice (12:13) (Blint réttlæti) Hörkuspennandi myndaflokkur.  
22.05 The 4400 (4:13) (4400) Magnþrunginn myndaflokkur. Þetta er önnur þáttaröð myndaflokksins en sú fyrsta var tilnefnd til þrenna Emmy-verðlauna. Bönnuð börnum.  
22.50 Deadwood (7:12) Verðlaunaþáttaröð sem hefur verið lýst sem Sopranos í villta vestrinu.

23.40 Idol – Stjöruleit 3 (6:45) 0.35 Over There (1:13) (Bönnuð börnum) 1.20 Crossing Jordan (11:21) 2.05 Tomten ár far til alla barnen 3.40 The Glow (Bönnuð börnum) 5.05 Fréttir Stöðvar 2 5.50 Tónlistarmyndbönd frá Popp TIVI



OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS

14.50 Real World: San Diego (20:27) 15.15 Hell's Kitchen (10:10) 16.00 Veggfóður 16.50 The Cut (10:13) 17.30 Friends 4 (13:24) 17.55 Idol extra 2005/2006

18.30 Fréttir Stöðvar 2  
19.00 Girls Next Door (2:15)  
19.30 Hogan knows best (5:7)  
20.00 Ástarfleyið (2:11)  
▶ 20.40 Laguna Beach (5:11)  
21.05 My Supersweet (5:6) Raunveruleikaþáttur frá MTV þar sem fylgst er með nokkrum 15 ára stúlkum sem eru á fullu að undirbúa sig fyrir stærstu stund lífs þeirra hingað.  
21.30 Fashion Television (1:34) Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tiskuheiminum dag.  
21.55 Weeds (5:10) (Lude Awakening)  
22.30 So You Think You Can Dance (5:12) Framleiðendur American Idol eru komnir hér með splunkunýjan raunveruleikaþátt þar sem þeir leita að besta dansara Bandaríkjanna.

23.40 Rescue Me (5:13) 0.25 The Yes Men



E! ENTERTAINMENT

12.00 It's Good To Be 12.30 The Soup UK 13.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 14.00 40 Celebrity Weddings & A Funeral 15.00 The E! True Hollywood Story 17.00 The E! True Hollywood Story 18.00 Uncut 19.00 Totally High 19.30 That Was Huge 20.00 50 Biggest Fashion Dos & Don'ts 21.00 Fight For Fame 22.00 Rich Kids: Cattle Drive 23.00 Wild On Tara 23.30 Party @ the Palms 0.00 The Soup UK 0.30 Wild On Tara 1.00 101 Juiciest Hollywood Hookups

## SKJÁREINN

10.15 Þak yfir höfuðið (e) 11.00 Sunnudagsþátturinn

12.00 Cheers – öll vikan (e) 14.00 Design Rules (e) 14.30 Allt í drasli (e) 15.00 House (e) 16.00 Sirrý (e) 17.00 Innlit / útlit (e) 18.00 Judging Amy (e)

19.00 Battlestar Galactica (e) Boommerinn á Caprica fær nýjar fyrirskipanir sem að hún er ósátt við.  
20.00 Poppunktur Skallapoppamir Felix og Dr. Gunní snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum.  
▶ 21.00 Rock Star: INXS – NÝTT Í þættinum Rockstar er leitað að nýjum söngvara fyrir áströlsku rokkveitina INXS. Auglýst var eftir umsækjendum um allan heim og þeir sem komust í gegnum síuna fóru til Bandaríkjanna þar sem keppnin sjálf fór fram.  
22.00 C.S.I.: New York – lokapáttur Systurþættir hinna geysivinsælu C.S.I. og C.S.I.: Miami sem sýndir hafa verið á SkjáEinum. Sem fyrr fær Réttarrannsóknardeildin, nú í New York, erfið sakamáli til lausnar.  
22.55 Rock Star: INXS (framhald) Í þættinum Rockstar er leitað að nýjum söngvara fyrir áströlsku rokkveitina INXS.

0.05 C.S.I. (e) 1.00 Sex and the City (e) 2.30 Cheers (e) 2.55 Þak yfir höfuðið (e) 3.05 Östóðvandi tónlist

## AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



8.30 UEFA Champions League 9.00 A1 Grand Prix 11.20 UEFA Champions League

13.10 Meistaradeildin með Guðna Bergs 13.50 Ítalski boltinn 15.55 Box -Scott Harrison vs. Nedal Hussein 17.55 Spænski boltinn

▶ 20.00 US PGA Tour 2005 – Bein útsending 5 (The TOUR Championship) Bein útsending frá The tour Championship. Meðal keppenda eru bestu kyflingar heims.

23.00 Spænski boltinn



ENSKI BOLTINN

9.45 Blackburn – Charlton frá 5.11 11.45 West Ham – WBA frá 5.11 13.45 Aston Villa – Liverpool frá 5.11 15.50 Man. Utd – Chelsea (b) 18.00 Everton – Middlesbrough  
20.00 Helgaruppgjör Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helgarinnar.  
21.00 Spurningapátturinn Spark (e)  
21.30 Helgaruppgjör (e) Valtýr Björn Valtýsson sýnir öll mörk helgarinnar.  
22.30 Dagskrárlök



# RENAULT

Renault Megane

## MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

Kr. 1.870.000



Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir



5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir

kr. 1.870.000

Bílasamningur / Bílalan

kr. 18.990 á mánuði\*

Aukahlutir á mynd: álfelgur

Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskjotur.

Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 ltr/100km í kjöraðstæðum.

Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun.



Með bílan handa þér

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### Poppunktur

SkjárEinn kl. 20.00

#### Stjörnumessa

Hinn sívinsæli Poppunktur er nú kominn á fulla ferð. Í þessari fjórðu syrpu mæstast bestu og skemmtilegustu hljómveitirnar úr fyrri þáttum svo um algjöra stjörnumessu er að ræða. Í kvöld hefjast átta liða úrslit-in með leik spútnikliðsins Jan Mayen, sem tryggði sér þátttökurétt í sérstökum forleik, og kempanna í Rokksveit Rúnars Júl sem komust alla leið í úrslitaleikinn í fyrstu seríunni. Búast má við mikilli baráttu í leiknum en sú nýbreytni er í átta liða keppninni að aðdáendur sveitanna fá að taka þátt til að afla sínum mönnum stig.

Felix og dr. Gunnir spyrja tónlistarmenn spjörnum úr



### TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Margrætt e. 10.03 Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkúrákademíunnar 11.00 Messufall

12.10 Silfur Egils 13.40 Sögur af Megasi 14.00 Sögur af fólki 15.03 Barnatíminn 16.00 Laugardagsmorgunn 18.00 Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Barnatíminn e. 20.00 Sögur af Megasi e. 20.30 Silfur Egils e. 22.00 Sannar kynjasögur eftir Cheiro. 23.00 Frjalsar hendur Illuga Jökulssonar.

0.00 Messufall e. 1.00 Gullströndin e.

### BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Þjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lódrétt eða lárétt 10.15 Goðsagnir um landvinninga Spánverja í nýja heiminum 11.00 Guðspjónusta í Fella- og Hólaúrkirkju

12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikritið: Matti og afi 14.10 Söngvama 15.00 Nærmynd um nónbil 16.00 Fréttir 16.10 Endurúrur úr Evrópu

18.28 Seiður og hól 19.00 Íslensk tónskáld 19.40 Þjóðbrók 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvíldsins 22.15 Slæðingur 22.30 Í kvöld um kaffileytið 23.00 Andrárimur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

### ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 8.00 Fréttir 8.05 Morguntónar 9.00 Fréttir 9.03 Helgarútgáfan 10.00 Fréttir 10.05 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 20.00 Popp og ról 22.00 Fréttir 22.10 Popp og ról

0.00 Fréttir

### AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

### SKY NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### CNN INTERNATIONAL

Fréttir allan sólarhringinn.

### FOX NEWS

Fréttir allan sólarhringinn.

### EUROSPORT

12.30 Motorcycling: Grand Prix Valencia Spain 14.15 Marathon: New York 14.30 Marathon: New York United States 17.00 Tennis: WTA Tournament Philadelphia 18.30 Bowls: International Open United Kingdom 20.00 Olympic Games: Mission to Torino 20.30 Motorsports: Motorsports Weekend 21.00 Champ Car: World Series Mexico City 23.00 News: Eurosportnews Report 23.15 Boxing

### BBC PRIME

12.00 Blue Planet – a Natural History of the Oceans 13.00 Classic Eastenders 13.30 Classic Eastenders 14.00 Eastenders Omnibus 14.30 Eastenders Omnibus 15.00 Eastenders Omnibus 15.30 Eastenders Omnibus 16.00 The Life of Mammals 17.00 Last of the Summer Wine 17.30 2 Point 4 Children 18.00 Down to Earth 19.00 Rick Stein's Food Heroes 19.30 Changing Rooms 20.00 No Going Back 21.00 Top Gear Xtra 22.00 I'll Show Them Who's Boss 22.40 Hunting Chris Ryan 23.30 Wildlife 0.00 Kill 'em All: American War Crimes in Korea 1.00 Blood of the Vikings

### NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Kalahari Supercats 13.00 Seconds From Disaster 14.00 Submarine Disasters – No Escape 15.00 Hostile Waters 17.00 Perfect Swarm 18.00 The Super Twisters 19.00 Violent Planet 20.00 Inside Hurricane Katrina 22.00 7/7 – Attack on London 23.30 Storm Stories 0.00 Seconds From Disaster 1.00 Seconds From Disaster

### ANIMAL PLANET

12.00 Austin Stevens – Most Dangerous 13.00 Killing for a Living 14.00 The Life of Birds 15.00 Monkey Business 15.30 Meerkat Manor 16.00 Big Cat Diary 16.30 Predator's Prey 17.00 Crocodile Hunter 18.00 Lions – Finding Freedom 19.00 The Elephant's Empire 20.00 The Life of Birds 21.00 Animal Cops Houston 22.00 Cell Dogs 23.00 Killing for a Living 0.00 The Life of Birds 1.00 Lions – Finding Freedom

### DISCOVERY

12.05 Extreme Engineering 13.00 Birth of a Sports Car 14.00 Mythbusters 15.00 Brainiac 16.00 Deadliest Catch 17.00 Air Crash 18.00 Biker Build-Off 19.00 American Chopper 20.00 Mythbusters – Specials 21.00 Fat Girls and Feeders 22.00 Complete Obsession – Body Dismorphia 23.00 Zero Hour 0.00 Material Witness 1.00 Spy

### MTV

14.00 Ema's 2005 And The Winners Are 15.00 Tril 16.00 Dismissed 16.30 Just See Mtv 17.30 Trippin 18.00 World Chart Express 19.00 Dance Floor Chart 20.00 Switched ON 21.00 Top 10 AT Ten – Weezer 22.00 I Want A Famous Face Jennifer Aniston 23.30 Ema's 2005 Host Special 23.00 Mtv Live Snoop Dogg

### VH1

12.00 VH1 Weekly Album Chart 13.00 Top 100 21.00 MTV Live Joss Stone 22.00 MTV Unplugged 23.00 VH1 Weekly Album Chart 0.00 VH1 Hits

### CLUB

12.15 Hollywood One on One 12.45 Paradise Seekers 13.10 Staying in Style 13.40 Matchmaker 14.10 Design Challenge 14.35 Lofty Ideas 15.00 Fantasy Open House 15.25 Completely Hammered 15.50 Insights 16.15 City Hospital 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 Crime Stories 18.40 Retail Therapy 19.10 Girls Behaving Badly 19.40 The Roseanne Show 20.30 Comel Seal Buy! 21.00 Cheaters 22.00 What Men Want 22.30 My Messy Bedroom 23.00 Spicy Sex Files 0.00 Women Talk 0.30 Ex-Rated 1.00 Hollywood One on One 1.25 Hollywood One on One 1.55 Paradise Seekers

### CARTOON NETWORK

12.00 Cow and Chicken 12.30 Courage the Cowardly Dog 13.00 Dexter's Laboratory 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 The Grim Adventures of Billy & Mandy 14.30 Ed, Edd n Eddy 15.00 Transformers Energon 15.30 Beyblade 16.00 Hi Hi Puffy AmiYumi 16.30 Atomic Betty 17.00 Foster's Home for Imaginary Friends 17.30 Looney Tunes 18.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 18.30 Charlie Brown Specials 19.00 What's New Scooby-Doo? 19.30 Tom and Jerry 20.00 The Flintstones 20.30 The Jetsons 20.45 The Jetsons 21.00 Droopy Master Detective 21.30 Scooby-Doo 22.00 Tom and Jerry 23.00 Dexter's Laboratory 23.30 The Powerpuff Girls 0.00 Johnny Bravo 0.30 Ed, Edd n Eddy 1.00 Skipper & Skeeto

### JETIX

12.05 Eerie, Indiana, the other dimension 12.35 Dennis 13.05 Merville Mysteries 13.30 Merville Mysteries 14.00 W.I.T.C.H. 14.30 W.I.T.C.H. 15.00 Martin Mystery 15.30 A.T.O.M. Alpha Teens on Machines 16.00 Pucca 16.05 Spider-Man 16.30 Pucca 16.35 Totally Spies

### MGM

13.20 Broken Angel 14.55 Madhouse 16.25 The Spike Gang 18.00 Zelig 19.20 The Good Wife 20.55 Casino Royal 21.45 Have You Seen My Son? 23.20 The Men's Club 1.00 Kidnapped

### TCM

20.00 Pat Garrett and Billy the Kid 22.05 Ride the High Country 23.40 Arturo's Island 1.15 Children of the Damned 2.45 The Good Earth

### HALLMARK

11.45 Back to the Secret Garden 13.30 Breathing Lessons 15.15 The Ascent 17.00 Winter Solstice 18.30 MacShayne: Final Roll of the Dice 20.00 Law & Order 20.45 Mystery Woman: Sing Me a Murder 22.30 Mitch Albom's 5 People You Meet in Heaven 0.30 Law & Order 1.15 Mitch Albom's 5 People You Meet in Heaven

### BBC FOOD


12.00 Ching's Kitchen 12.30 The Tanner Brothers 13.00 Full On Food 14.00 Off the Menu 14.30 My Favourite Chef 15.00 My Favourite Chef 15.30 Dinner in a Box 16.00 The Naked Chef 16.30 Saturday Kitchen 17.00 Tyler's Ultimate 17.30 Safari Chef 18.00 Ainsley's Gourmet Express 18.30 Worrall Thompson 19.00 Sophie's Weekends 19.30 Paradise Kitchen 20.00 United States of Reza 20.30 The Tanner Brothers 21.00 Rachel's Favourite Food 21.30 Made to Order 22.00 The Hi Lo Club 22.30 Masterchef Goes Large

### DR1

11.55 Kærlighed uden grænser 12.25 Arbejdsliv: Farligt arbejde 12.55 OBS 13.00 Alle Helgen gudstjeneste 13.45 Habibi min elskede 14.15 The Sketch Show 14.30 Congratulations 17.00 Sigurds Bjernetime 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.00 Læs for livet 18.30 Sådan ligger landet 19.00 vrnen 20.00 TV Avisen 20.15 Sendag 20.45 Sendagsportalen med SAS lisa 21.10 Da skrev historie 21.50 Blind Justice 22.30 Dokumentar – Get A Life 23.30 OBS 23.35 Champ Car

### SV1

12.45 Först & sist 13.30 Folktoppen 14.30 Under stjärnorna 16.00 Gränslös kärlek 16.30 Om barn i förskolan 17.00 BoliBompa 17.01 Nasse 17.10 Pingu 17.15 Tv-huset 18.30 Rapport 19.00 Lite som du 19.30 Sportspegeln 20.15 Stoppit 20.20 Agenda Europa 21.15 Karriär 21.45 Vetenskap – Materiens mysterier 22.15 Rapport 22.25 Design 365 22.30 Kommissionen 23.15 Sändning från SVT24



## Rock Star: INXS

Hver verður næsta rokkstjarna og söngvari INXS?  
Rokk og ról á sunnudögum!

sun  
kl. 21





## HRÓSIÐ

... fær Silja Magg fyrir að hafa náð ótrúlega langt sem ljósmyndari þrátt fyrir ungan starfsaldur.

## HIN HLIDIN SIGMAR GUÐMUNDSSON FRÉTTAMAÐUR

# Highbury er fallegastur

**Hvað er að fréttá?** Ferlega gott, er massahýr.

**Augnlitur:** Smaragðsgrænn með hálfblá úfa.

**Starf:** Sjónvarpsmaður.

**Fjölskylduhagur:** Nútímalegir. Singúll með gomu af börnum.

**Hvaðan ertu?** Ég ólst upp í návígi við óblíð náttúruöfl í Garðabænum.

**Ertu hjátrúarfull(ur)?** Nei, hreint ekki.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Kastljós og Lost.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Þessi sem er á Rás 2 á sunnudögum milli 13 og 16 er frábær.

**Uppáhaldsmatur:** Sushi er gott. Sveittir hammarar líka.

**Fallegasti staður:** Highbury.

**iPod eða geislaspilari?** iPod í seinni tíð. Það eru bara nördur sem nota geislaspilara í gymminu.

**Hvað er skemmtilegast?** Um þessar mundir er það vinnan. Get ekki hugsað mér skemmtilegra samstarfsfólk.

**Hvað er leiðinlegast?** Þegar ég dett í tuðli. Er hreint náttúralent í því á köflum þótt ég slái Eyrúnu seint út.

**Helsti veikleiki:** Skapið mitt, þegar ég er illa stemmdur. Get líka verið óskaplega viðskotailur áður en ég borða á morgnana.

**Helsti kostur:** Það væri gaman að geta sagt stundvísi en það væri lygi.

**Helsta afrek:** Er að sjálfsgöðu afskaplega montinn af börnunum mínum.

**Mestu vonbrigði:** Þegar Ragnhildur Steinn kom tvisvar í sömu fótunum í

vinnuna í einum mánuði.

**Hver er draumurinn?** Bara að hafa gaman af því sem ég er að gera hverju sinni.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Jón Gnarr og Táta Tromsö.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Þegar Þórhallur reynir að fá mig út að reykja á meðan við ræðum verkefni dagsins. Jafnsmekklegt og að bjóða upp á launaviðtal á útikamri.

**Uppáhaldskvikmynd:** Life Is Beautiful er mögnuð en annars erfitt að nefna eina.

**Uppáhaldsbók:** Síðustu vikur hefur saga Thelmu hrist rækilega upp í heilabúinu.

**Hvað er mikilvægast?** Að Jóhanna Vilhjáms nái að klára sykurmjöllun sína á næstu áratugum. Það verður tæpt en hefist vonandi.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Glæpasagan er heldur betur komin í tisku á Íslandi og forleggjarar keppast nú við að dæla krimmunum út á færbandi. Árni Þórarinnsson, Arnaldur Indriðason, Ævar Örn Jóseppsson, Stella Blómkvist, Þráinn Bertelsson og Viktor Arnar Ingólfsson eru þegar komin á kreik með nýjar bækur og á þriðjudag bættist Jón Hallur Stefánsson í hópin með glæpasögu sinni Krosstré sem kemur út hjá Bjarti. Bjartsmenn búast við miklu af Jóni Halli, kalla hann „krónprins íslenskra glæpasagna“ og láta það fljóta með á heimasiðu sinni að þegar „fyrstu 15.000 eintök bókanna koma inn á lager útgáfunnar á mánudag“ séu liðin nákvæmlega þrjú ár frá því að höfundur mundaði pennann í fyrsta sinn til að rita bókina.



Margir lögðu leið sína á Grand Rokk á föstudagskvöld þar sem valinkunnur hópur reiðra skálda tróð upp. Meðal þeirra sem fengu útrás fyrir reiði sína á sviðinu voru Stefán Máni, Kristján Kormákur, Kristín Eiríksdóttir og Erpur Eyvindarson. Hallgrímur Helgason hafði reyndar spúð sinni reiði inn á segulband eitthvað fyrr og var það leikið um kvöldið. Samkoman fór þrúðmannlega fram í alla staði, sem gæti allt eins verið vonbrigði fyrir hina steyttu hnefa sem höfðu komið kurteisilegum ábendingum á framfæri í fjölmöldum um að hvers kyns frammiköll og óskundi væri vel þeginn. Að öðrum ólöstuðum þótti framlag Erps Eyvindarsonar standa upp úr en vestfirski kraftaskáldið Eiríkur Örn Norðdahl sýndi og sannaði í eitt skipti fyrir öll að honum er ekki síður lagið að kveða um líkamsop af öllum stærðum og gerðum en vessa.



Talstöðin  
FM 90,9

## MYNDIN AF PABBA: UPPLAG TVÖ UPPSELT


# Saga Thelmu hefur snert íslensku þjóðina

Annað upplag bókarinnar Myndin af pabba - Saga Thelmu er uppselt. Edda útgáfa er nú að láta prenta þriðju útgáfuna en það má vera ljóst að bókinn er fyrsta met-sölubók þessa jólabókaflóðs.

Sigurður Svavarsson, útgáfustjóri almenns efnis hjá Eddu, var að vonum mjög ánægður með sölu. „Bókin er að spyrjast vel út og fólk vill kynna sér sögu Thelmu af eigin raun,“ útskýrir hann. Að sögn Sigurðar vakti Myndin af pabba ennfremur athygli á bókahátíð í Frankfurt. „Það sem er svo vel gert hjá þeim Thelmu og Gerði er að bókinn segir alltaf sögu sigurvegara,“ sagði útgáfustjórinn stoltur.

Gerður Kristný, höfundur bókarinnar, var að vonum í skýjunum yfir þessum fréttum. „Þetta er dásamlegt og viðbrögðin við bókinni hafa verið framar öllum vonum,“ segir rithöfundurinn og bætir því við að þær Thelma hafi í upphafi rennt blint í sjóinn með viðtökum á bókinni. Þetta hafi enn fremur verið nýtt fyrir þær báðar því Myndin af pabba er fyrsta viðtalsbók Gerðar.

Rithöfundurinn staðfesti að hún hefði heyrt af áhuga erlendra bókaútgáfa. „Það eru aðallega útgáfur frá Norðurlöndunum og Þýskalandi sem hafa gefið bókinni gaum,“ segir hún en gerir sér enn fremur grein fyrir því að slíkt



SIGURÐUR SVAVARSSON Er að vonum ánægður með hversu góð viðbrögð Myndin af pabba - saga Thelmu hefur fengið.

ferli taki langan tíma en sé í eðlilegum farvegi. „Æska Thelmu er þess eðlis að bókinn á fullt erindi út fyrir landsteinana.“

Thelma hefur sjálf haft í nógu að snúast síðan bókinn kom út.

Gerður segir að fólk stöðvi hana úti á götu, vilji fá áritanir og ræða við hana. Þá hafi Thelma ávarp að málþing í vikunni sem bæjar-yfirvöld í Hafnarfirði héldu fyrir starfsmenn sína. Hún bendir enn fremur á að tilgangur bókarinnar hafi fyrst og fremst verið sá að vekja athygli á kynferðis-öfubeldi gagnvart börnum og sýna að þau geti náð sér að einhverju leyti. „Fólk er svo þakklátt fyrir það hugrekki sem Thelma hefur sýnt með því að stíga fram,“ segir Gerður. „Thelma bar það með sér þegar ég hitti hana fyrst að hún væri í góðu jafnvægi og hefði sigrast á sínum erfiðleikum. Það kom því aldrei til greina að lýsa henni öðruvísi en sem sigurvegara.“

freyrgija@frettabladid.is

THELMA OG GERÐUR Hafa báðar fundið fyrir jákvæðum viðbrögðum eftir að bókinn kom út en Gerður segir þær hafa rennt blint í sjóinn í upphafi.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Nýjasta skáldsaga Hallgríms Helgasonar, Rokland, kemur út á Sauðárkróki næsta þriðjudag við formlega athöfn í Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra. Mál dagsins verður að afhenda sveitarstjóra Skagafjarðar eintak af bókinni. Það er svo sem ekki að undra þar sem skáldsagnapersónan, Böddi Steingríms, er þaðan. Böddi er dæmigerður lúði, býr ennþá hjá móður sinni þrátt fyrir að vera löngu orðinn fullorðinn. Böddi bloggar í frístundum um lífið og tilveruna á Króknum, bæjarbúum til mikillar hrellingar. Ýmis atvik verða til þess að hann verður sífellt afskiptari í bænum og að lokum ákveður hann að flytja til Reykjavíkur. Böddi er svona maður sem er alltaf rangur maður á röngum tíma, of stór fyrir Ísland. Það skemmtilega er að Hallgrímur heldur úti blogg síðunni rokland.blogspot.com þar sem hugleiðingar Bödda fá að njóta sín. Hallgrímur verður þó að gæta þess að festast ekki í karakter því það hlýtur að vera mun betra að vera Hallgrímur Helgason en Böddi Steingríms.



Stelpnahljómsveitin Nylon sendir frá sér sína aðra breiðskífu á þriðjudaginn. Undirbúningur að gerð plötunnar hófst strax í janúar á þessu ári og hafa stelpurnar verið inn og út úr hljóðverum með jöfnu millibili. Upptökur fóru fram á Íslandi og í London. Platan hefur fengið nafnið „Góðir hlutir“ og er hún unnin af Óskari Páli Sveinssyni, Friðriki Karlssyni og Richard Barraclough. Flest lögin á plötunni eru ný en „Dans, dans, dans“ og „Einskonar ást“ eru endurunnin og voru þau sótt til árána milli sjötíu og átta tíu. Fjöldi íslenskra og erlendra lagahöfundu eiga verk á plötunni og ekki spillir fyrir að Alma Guðmundsdóttir úr Nylon fyllir nú flokk þeirra sem hafa samið lög fyrir hljómsveitina.

# Græddi bíl í skólann

Arna Sif Þórsdóttir í Menntaskólunum við Sund fékk óvænta heimsókn á dögnum í miðja kennslustund. Kristján Freyr Halldórsson, fulltrúi Pennans, afhenti henni Volkswagen Fox-bíl sem hún fær til afnota fram á næsta haust.

Bíllinn eru verðlaun í skólaleik Pennans í samvinnu við Heklu og VÍS. Svo skemmtilega vildi til að Arna Sif hafði að morgni þessa sama dags lokið bílprófi. „Ég hafði farið í bílpróf um morguninn og var einmitt næstum búin að missa af kennslustund. Þá mæta ljósmyndarar og maður frá Pennanum í tímann og spyrja um mig. Mér brá heilmikið og var búin að gleyma að ég hefði tekið þátt í þessum leik,“ segir Arna Sif hlæg-



andi. „Ég var beðin að koma út fyrir skólann og þar beið mín nýr bíll og bíllyklar. Þetta var alveg meiriháttar.“ Bíllinn er skreyttur ýmiss konar skemmtilegu graffiti sem vekur sannarlega athygli um bæinn. „Það voru allir að horfa á mig fyrstu dagana og ég hélt að ég væri svona afleitur ökumaður þar til vinkona mín benti mér á að þetta væri bara bíllinn,“ segir hún og skellir upp úr.

Sigurbjörn Bárðarson í Verslunarskólunum og Sunna Lind Pétursdóttir í Verkenntaskólunum fengu sams konar verðlaun. Sunna Lind var daginn áður á ferðinni á bílasólum bæjarins með pabba sínum í þeim tilgangi að finna notaðan bíl til að skröla á í skólann.

„Ég verð aldrei neitt án þín.“

Mótframlagið þitt

# Íslenskir tónlistardagar

**TAX  
FREE  
TÓNLIST**



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

ÓSKAR PÉTURSSON -  
Þú átt mig ein



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

BERGSVEINN - September  
Áritar nýju plötuna í Hagkaupum  
Skeifunni í dag kl. 14:00  
Kringlunni í dag kl. 15:00

ÁRITA Í KRINGLUNNI  
KL. 14:00

ÁRITA Í SMÁRALIND  
KL. 16:00



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

SIGN - Thank god for silence

ÁRITAR OG SPILAR  
Í SMÁRALIND KL. 14:00



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

HERA - Don't play this



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

REGÍNA ÓSK



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

HELGI BJÖRNS - Yfir Esjuna



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

INGIBJÖRG ÞÓRBERGS - Í sólgulu húsi



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

SVALA BJÖRGVINS - Bird of Freedom



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the  
rain



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

ÝMSIR - Undir Dalanna sól



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

AMPOP - My Delusions



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

BUBBI - Kona



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

BUBBI - Ísbjarnarblús



**1.605 kr**  
verð áður 1.999

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum  
áhrifum

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan  
virðisaukaskatt af þessari sölu.  
Verðlækkunin er alfarið á kostnað  
Hagkaupa.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

**PÓSTVERSLUN**  
www.hagkaup.is  
grænt númer sími  
**800 6680 568 2255**  
**HAGKAUPA**

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritsstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



## BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

### Ákvarðanir

Hingað til hef ég aldrei tekið hendaþega afstöðu í stjórnmálum. Snemma á lífsleiðinni ákvað ég að það kæmi mér betur að vera hlutlaus. Fyrir nokkrum dögum rann upp fyrir mér að þetta væri veikleikamerki og að ég yrði að þora að hafa skoðanir.

ÉG var að hlusta á útvarpið í bílnum á leiðinni heim til mín. Þar var viðtal við Vilhjálmm og Gísla Marteinn um prófkjör sjálfstæðismanna. Ég hlustaði af athygli og ákvað í framhaldinu að taka afstöðu. Þegar ég kom heim tilkynnti ég frúnni að ég ætlaði að skrá mig í Sjálfstæðisflokkinn og kjósa í prófkjörinu. Í einfaldni minni hafði ég haldið að hún yrði bara ánægð með að ég hefði með þessu sýnt af mér kjark og þor, en í staðinn þurfti ég að svara fyrir þessa ákvörðun mína.

HVERSVEGNA hafði ég ákveðið að gerast sjálfstæðismaður? Mér varð fátt um svör. Þetta var svo nýtilkomin ákvörðun og hafði komið mér gjörsamlega í opna skjöldu. Í örvæntingu minni reyndi ég að vitna í Davíð Oddsson en í miðri setningu áttaði ég mig á að þetta var brandari úr Spaugstofunni. Ég bölváði Erni Árna í hljóði. Trúverðugleiki minn var á þessu andartaki jafn traustur og happdrætti á vegum Ástþórs Magnússonar.

ÞAR sem ég lá uppi í rúmi þetta sama kvöld fór ég í huganum yfir þessa ákvörðun og bar hana lauslega saman við aðrar ákvarðanir sem ég hafði tekið á lífsleiðinni. Hversu ígrundaðar höfðu þær verið? Það var eins og mig rámaði í að hafa haldið með litlum skjeggjuðum karli undir svipuðum kringumstæðum fyrir nokkrum mánuðum. Ég mundi samt ekki hversvegna ég hafði haldið með honum, fannst hann sennilega bara krúttlegur.

ÉG sé núna að það kæmi mér ekki vel að skrá mig í stjórnmálaflokk að svo stöddu. Ég ætla bara að halda mig við Tottenham í ensku knattspyrnunni í bili. Ég þekki vel til þar og get hæglega réttlætt stuðning minn án frekari eftirmála. Ég sé einnig gildi þess að konan mín láti mig standa frammi fyrir ákvörðunum mínum. Heimurinn er örugglega fullur af spilltum stjórnmálamönnum sem komust til valda með atkvæðum einhleypra karlmanna sem þurftu hvergi að útskýra afstöðu sína. Ég vil ekki hafa það á samviskunni. Ég ætla að bíða.

www.icelandexpress.is/london



## SKRAUTLEGAR FERÐIR!

Nú eru jólatilboðin byrjuð í heimsborginni London – skelltu þér út og skemmtu þér við jólainnkaupin

London er alltaf lifandi og skemmtileg ekki síst þegar líða fer að jólum. Skelltu þér í skrautferð til Bretaveldis og kaupu gjafirnar á einu bretti. Þegar gjafamálin eru afgreidd geturðu slappað af og skoðað það sem höfðar til þín í þessari menningarríku og skemmtanaglóðu borg.

Bókaðu ferð til London á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is)



Verð frá: 7.995 kr.\*  
Barnaverð: 5.995 kr.\*

\*Ábra leið með sköttum. Gildir fyrir börn 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

Iceland Express

Ferðþjónusta Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Nikon

NIKON býður þráðlausar yfirfærslur mynda beint í tölvu og prentara!



### COOLPIX P2

5.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalens (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbýggt flasa með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár (opplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbýggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

Kr. 39.900



### COOLPIX P1

8.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalens (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbýggt flasa með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár (opplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbýggt 32mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

Kr. 49.900

ORMSSON

SMÁRALIND SÍMI 530 2900  
SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800

Auglýsingastofa Guðmundar Órnu